

HINRIK ÞÓR SVAVARSSON
Fylgir ákveðinni speki í matargerð
Matur Tilboð
allt í MIÐJU BLAÐSINS



birta
FELIX BERGSSON
Að taka stökkið
tíská matur tíðarandi
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR

Ellen og Eyþór skoða uppbyggingu dagvistarheimila

Hjálpar munaðarlausum börnum í Afríku
FÓLK 54



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. ágúst 2006 — 208. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Góður tími í Skálholti

Séra Bernharður Guðmundsson hætti sem Skálholtsrektor á þriðjudag en hann hefur fengist við margvísleg störf um árin.



TÍMAMÓT 34

Grískur ljóðaheimur nyrðra

Sigurður A. Magnússon og Arthúr Björgvin Bollason eru sérlegir leiðsögumenn á menningarkvöldi í Deigluinni á Akureyri sem ber yfirskriftina Heimur ljóðsins. Kvöldið er helgað minningu Þorsteins Gylfasonar, ljóðavinar og þýðanda.

MENNING 38

Ari Freyr á leið til Svíþjóðar

Ari Freyr Skúlason, knattspyrnumaður hjá Val, er að öllum líkindum á leið til sænska úrvalsdeildarfélagssins Häcken BK. Félagin tvö komust að samkomulagi um kaupverð í gær en Ari á sjálfur eftir að semja um kaup og kjör.



ÍPRÓTTIR 50


Við varðeldinn í þrjátíu ár

Brekksöngurinn verður þrjátíu ára á sunnudaginn og hefur Árni Johnsen stýrt honum frá því að gosi lauk í Vestmannaeyjum



FÓLK 54

VEÐRIÐ Í DAG



BLAND Í POKA - Í dag verður sunnan 3-10 m/s, stífastur með morgninum en lægir svo. Rigning eða skúrir víða um land fram yfir hádegis en þá stýttir upp norðaustan til og léttir þar til. Hiti 14 - 23 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4

Krabbameinssjúkum fjölga ört á Íslandi

Krabbameinstilfellum hefur fjölgað ört síðustu ár. Helsta skýringin er hærri meðalaldur þjóðarinnar og að sjúklingar lifa lengur. Yfir níu þúsund manns eru á lífi hér á landi eftir að hafa fengið krabbamein. Sviðsstjóri segir að mæta þurfi þessari þróun.

HEILSA Krabbameinssjúkum hefur fjölgað ört á Íslandi seinustu ár. „Meðferðarmöguleikar eru alltaf að aukast og þess vegna er meðalfjöldi geislameðferða á mánuði 860 það sem af er árinu en var tæplega 780 í fyrra,“ segir Helgi Sigurðsson, yfirlæknir í krabbameinssjúklingum á Landspítalanum.

Um 1.250 einstaklinga greinast árlega með krabbamein, álíka margar konur og karlar. „Það eru yfir níu þúsund manns á lífi hér á landi sem hafa fengið krabbamein. Horfur þeirra sem greinast með krabbamein hafa batnað, og þeir sem ekki lækna lifa lengur og betur en áður,“ segir Helgi.

Vilhélmina Haraldsdóttir, sviðsstjóri á lyflækningasviði II á Landspítalanum, segir að þó krabbameinsdeildir Landspítalans taki á móti fólki á öllum aldri þá sé krabbamein sjúkdómur efri áraanna. Með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar fái hlutfallslega fleiri landsmenn krabbamein. Einnig hafi bættar greiningaraðferðir eitthvað um þessa aukningu að segja.

„Í kringum 1990 var gerð spá þar sem aukning krabbameinstifella til ársins 2020 var metin. Samkvæmt henni ætti nýjgla krabbameinstifellum að fjölga um sjötíu prósent á þessum þrjátíu árum. Tilfellunum hefur fjölgað

ad jafnt og þétt undanfarin ár og það er mjög mikilvægt að mæta þessari þróun með fleira starfsfólki og auknum fjárveitingum.“

Þótt krabbameinstilfellum fjölgi segir Helgi enga aukningu í tíðni krabbameina á Íslandi. Aukningin stafar af því að þjóðin sé að eldast.

„Það eru að koma ný lyf á markaðinn og nýir lækningarmöguleikar, og þeir sem eru með ólæknanlegan sjúkdóm lifa lengur,“ segir Helgi og áréttar að viðhald kjörþyngdar og hreyfing sé mikilvægir fyrirbyggjandi þættir í baráttunni við krabbamein.

salvar@frettabladid.is



Á LEIÐ Á ÞJÓDHÁTÍÐ Þessir hressu einkennisklæddu menn, sem kalla sig Hákarlana, létu hrakspár veðurfræðinga um helgarveðrið í Vestmannaeyjum ekki á sig fá og gengu hnarreistir um borð í flugvélinu á Reykjavíkflugvelli, þaðan sem ríflega 200 manns flugu til Eyja í gær. Að sögn lögreglunnar í Eyjum var aftakaveður þar í gærkvöldi og tjaldgestum veitt húsaskjól í íþróttahúsi á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn tekur við villtum dýrum í hremmingum:

Hlúð að hrafninum Skolla

BJÖRGUN Starfsfólk Fjölskyldu- og húsdýragarðsins tók á móti hrafninum Skolla í gær en hann var fluttur með flugi frá Vopnafirði til Reykjavíkur.

Skolli fannst vængbrotinn við göngustíg í Bakkafirði á fimmtudagsmorgun og tók umhyggjusöm fjölskylda hann upp á sína arma. Tvíburarnir Breki og Brynjar ásamt frænku sinni Gabriellu hugsuðu vel um hrafnin og gáfu honum strax nafnið Skolli. Hólmfríður Óskarsdóttir, móðir tvíburanna, hafði samband við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, sem samþykkti að taka við Skolla og reyna að koma honum til heilsu, og borguðu Hólmfríður og fjölskylda flugfar fyrir Skolla til Reykjavíkur.

Að sögn Tómasar Óskars Guðjónssonar, forstöðumanns Fjöl-

skyldu- og húsdýragarðsins, er nokkuð um að þeim séu send særð dýr til aðhlynningar. „Hér hefur verið athvarf fyrir villt dýr í hremmingum frá því garðurinn opnaði árið 1999. Frá upphafi hafa líklega um þúsund dýr alls staðar að af landinu verið send til okkar í þetta athvarf. En við reynum að einbeita okkur að sjaldgæfum dýrum á borð við erni og fálka.“

Mest er um að fuglar séu sendir í garðinn en einnig hafa komið refir, minkar, selir og jafnvel folaid, þó að það teljist tæknilega séð ekki villt dýr í hremmingum, að sögn Tómasar.

- sdg

ANNA HLÍN JÓNSDÓTTIR DÝRAHRIÐIR MEÐ HRAFNIN SKOLLA Anna Hlín tók á móti vængbrotnum hrafninum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, þar sem gert verður að sárum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



Moody's um fjármálakerfið: Skýrslur gleðja markaðinn

VIÐSKIPTI Hlutabréf hækkuðu lítillega í gær og krónan styrktist um 0,73 prósent. Hækkunin var meiri fyrripart dagsins og mátti rekja hana til viðbragða við kafla um Ísland og íslenskt fjármálakerfi í skýrslu matsfyrirtækisins Moody's.

Moody's telur af fjárfestar hafi ofmetið hættu af fjármálakreppu á Íslandi og bankarnir séu vel í stakk búnir til að mæta utanaðkomandi áföllum. Þá sé bygging fjármálakerfisins og umgjörð þess traust.

Veiking krónunnar og hlutabréfamarkaðar hófst með skýrslum erlendra greiningardeilda. Slíkar deildir hafa minni aðgang að gögnum bankanna en matsfyrirtækin og leggja minni vinnu í skoðun sína. Umsögn matsfyrirtækjanna hefur því alla jafna meiri áhrif á markaði en umsagnir greiningardeilda. - hh / sjá síðu 23

Verzlunarmannahelgin:

Fólk flykkist af stað í ferðalög

HELGIN Fólk er þegar tekið að flykkjast af stað í ferðalög og í gær var mikill straumur bíla í gegnum flest bæjarfélög á hringveginum.

Talsverð umferð var út úr höfuðborginni í gær. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var umferð yfir Hellið mest á tímanum frá því klukkan fjögur síðdegis fram til klukkan átta um kvöld. Umferð í norðurátt fór vaxandi fram eftir degi og náði hámarki um sex leytið.

Samkvæmt lögreglunni á Akureyri var nokkur fjöldi þegar kominn á tjaldstæðin í bænum en einnig var mikið um að fólk æki áfram austur. Öllu meiri veðurblíða var fyrir norðan í gærkvöldi en syðra, en í Vestmannaeyjum var aftakaveður.

Í Ásbyrgi voru um sex hundruð manns mætt í gærkvöldi. Landvörður sagði tónleika Sigur Rósar trekkja að og tjaldsvæði að fyllast. - sh




REYKJAVÍKUR
MARAPÓN
GLITNIS
19. AGÚST



Skráðu þig núna
á www.glitnir.is

GLITNIR

Íslendingar 18-49 ára
Lestur föstudaga



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.



SPURNING DAGSINS

Árni, er þinn tími kominn?

„Nú er tími Þjóðhátíðarinnar skollinn á og það er minn tími og þúsunda annarra Þjóðhátíðargesta.“

Stuðningsmenn Árna Johnsen hafa skorað á Eyjapeyjann víðfræga að gefa kost á sér í þingframboð á næsta ári. Árni er meðal annars þekktur fyrir árlegan brekkusöng sinn á Þjóðhátíð í Eyjum.

Orkuveita Reykjavíkur áformar að reisa tvær nýjar jarðgufuvirkjanir:

Talsvert miklar framkvæmdir

ORKUMÁL Orkuveita Reykjavíkur áformar að reisa jarðgufuvirkjun á Ölkelduhálssvæði í Sveitarfélaginu Ölfusi og við Hverahlíð.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, segir áætlað að umhverfismatsferli vegna virkjananna verði lokið í árslok 2007. „Orkuveitan hefur rannsóknarleyfi á þessum svæðum og er þegar byrjuð að bora. Borarnir benda til að þarna sé nógur jarðhiti til að fara í framkvæmdir.“

Áætlað er að rafmagnsframleiðsla á Ölkelduhálssvæði geti numið allt að 135 MWe en í Hverahlíð er gert ráð fyrir 90 MWe rafmagnsframleiðslu. Eiríkur segir

þessar framkvæmdir talsvert miklar og nefnir til samanburðar að áætlaðar jarðgufuvirkjanir á þessum svæðum séu á stærð við Nesjavallavirkjun. Eiríkur segir Norðurál og Alcan væntanlega kaupendur á raforku frá væntanlegum virkjunum.

Þess má geta að öll svæðin innan rannsóknarsvæðis Orkuveitunnar á ofangreindum stöðum falla í umhverfisflokk A fyrir virkjunarkosti en þeir eru taldir hafa minnst umhverfisáhrif.

- hs

BORANIR Rannsóknarhola Orkuveitu Reykjavíkur við Hverahlíð.



Lögregluftirlit um helgina:

Ómerkta bílar í íbúðahverfum

LÖGREGLA Aukið lögregluftirlit verður haft með íbúðahverfum á höfuðborgarsvæðinu um verslunarmannahelgina. Öll lögregluembættin hyggjast auka eftirlit til að koma í veg fyrir innbrot og hafa þar að auki ómerkta lögreglubíla á götum.

Lögreglan vill koma því á framfæri til fólks sem mun yfirgefa borgina að það gangi vel frá heimilum sínum áður en það fer og hafi helst samband við nágranna til að tilkynna þeim um brottförina. Íbúar í grennd við tómar íbúðir eru einnig beðnir um að láta lögreglu vita ef þeir verða einkennilegra mannaferða varir.

- sh



SKROKKARNIR SKORNIR Mikil annrki var hjá Sláturfélagi Suðurlands í gær.

Sumarslátrun SS hafin:

Slátra 700 fyrir grillhelgina

SLÁTRUN Sumarslátrun lamba hófst á mánudag hjá Sláturfélagi Suðurlands. Aðalslátrudagurinn var á þriðjudag og segir Hermann Árnason stöðvarstjóri að um 700 lömbum verði slátrað í vikunni.

Hann segir lömbin koma víða af Suðurlandi og allt vestur úr Borgarfirði. Yfirleitt sé slátrað síðustu vikuna í júlí, en nú hafi verið ákveðið að byrja eftir mánaðamót vegna þess hversu seint verslunarmannahelgin er.

- sh

Vitnisburður hershöfðingja:

Hætta á borgarastríði í Írak

BANDARÍKIN, AP Tveir af æðstu hershöfðingjum Bandaríkjahers viðurkendu fyrir bandarískri þingnefnd í gær að þeir óttuðust að ofbeldisálda síðustu vikna milli stríðandi fylkinga sjá- og súnní-múslima í Írak kynni að enda í hömlulausu borgarastríði.

„Írak gæti hrakist út í borgarastríð, ef ekki er bundinn endi á ofbeldisölduna.“ Þetta bar John Abizaid, æðsti hershöfðingji Bandaríkjahers í Mið-Austurlöndum, fyrir hermálanefnd öldungadeildarinnar.

Peter Pace, forseti bandaríska herráðsins, tjáði nefndinni að „þetta geti hæglega þróast út í borgarastríð.“ Hann lagði þó áherslu á að svo illa þyrfti ekki að fara. Það væri undir Írókum sjálfum komið að koma í veg fyrir það.

- aa

Gagnrýnir stjórnvöld fyrir agaleysi

Ríkisendurskoðandi segir mikil frávik frá fjárlögum ár eftir ár til marks um agaleysi í fjárlagagerð. Unnið er hörðum höndum að því að mæta kröfum ríkisendurskoðanda um fjárlagagerð, segir Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

FJÁRLÖG Í skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna fjárlaga árið 2005 eru mikil frávik frá fjárlögum sögð „vera til marks um meira agaleysi í fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga hér á landi en tíðkast í löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við.“ Eins og segir í fréttatilkynningu frá Ríkisendurskoðun.



SIGURÐUR ÞÓRÐARSON



ÁRNI MATHIESEN

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi segir skilaboðin frá ríkisendurskoðun vera skýr. „Það er okkar lögbundna hlutverk að benda á það þegar við teljum vera til efni til þess. Ríflega fjórðungur fjárlagaliða hafði ráðstafað fjármunum umfram heimildir, og það er óásættanlegt. Ég tel að þessi ábending okkar snerti starf Alþingis yfir höfuð, ekki síður en stjórnvalda.“

Meira en níutíu fjárlagaliðir, eða um fimmtingur þeirra, voru með fjögur prósent halla, hið minnsta, sé mið tekið af fjárheimildum. Ríkisendurskoðun bendir á það í skýrslunni að „samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga ber að grípa til sérstakra aðgerða ef farið er yfir þessi.“

Árni Mathiesen, fjármálaráðherra, segir stjórnvöld vinna að



ALÞINGI Ríkisendurskoðandi segir Alþingi, ekki síður en stjórnvöld, þurfa að taka það til sín að fjárlög séu virt að vettugi ár eftir ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

því stöðugt, að brýna fyrir stofnunum að reyna að halda sig innan fjárheimilda. „Ég tek undir það með ríkisendurskoðanda, að ráðuneyti og stofnanir eiga ekki að fara fram úr fjárhagsáætlunum. Við vinnum stöðugt að því að fara eftir heimildum og ég vonast til þess að sjá árangur af þeirri vinnu í nánustu framtíð. Hins vegar sé ég ekki neina ástæðu til þess að gera athugasemdir við það ef stofnanir eiga afgang, miðað við fjárheimildir. Eg lít ekki svo á að þessi niðurstaða sé nein vonbrigði. Við erum að vinna að því að taka á þessum málum og

ætluð til þess að það beri árangur. Vonandi sést það á næstu skýrslu ríkisendurskoðanda.“

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri frá síðasta fjárlagaári nema ónýttar fjárheimildir um átján milljörðum króna. Í skýrslunni kemur fram að alls var farið 8,9 milljörðum fram úr heimildum en ónýttar heimildir námu samtals 26,9 milljörðum króna. Sérstaklega er tekið fram að 11,2 milljarðar af ónýttum heimildum eru bundið fé en því má ekki ráðstafa nema til komi sérstakt samþykki Alþingis.

magnush@frettabladid.is

Hljómsveitin Sigur Rós með tónleika við Snæfell:

Vilja halda í vonina

TÓNLEIKAR Tæplega eitt hundrað manns hlýddu á hljómsveitina Sigur Rós á tónleikum við Snæfellsskála í gær. Flutti hljómsveitin fimm lög og endaði á laginu Von. Vildu hljómsveitarmedlimir þannig minna fólk á að halda í vonina fyrir náttúru landsins.

Hljómsveitin spilaði órafmagnað og var mikil stemning á tónleikunum að sögn viðstaddra.

Bodað var til tónleikanna með stuttum fyrirvara. Það kom samt ekki í veg fyrir að fjöldi fólks mætti á svæðið. Voru þar á milli fimmtíu og hundrað manns. Nokkrir gestanna voru staddir á svæðinu til að skoða aðstæður við Kárahnjúka en aðrir komu gagnert til að berja hljómsveitina augum.

Veðrið sveik ekki tónleikagesti og barst hljómurinn vel um hálendið í logninu.

- öhó



SIGUR RÓS VIÐ SNÆFELLSSKÁLA Í GÆR Tæplega hundrað manns hlýddu á hljómsveitina sem lék órafmagnað.

MYND/GUNNAR GUNNARSSON



VIÐAR EINARSSON MEÐ PYSJUNA Viðar tók pysjuna í fóstur og segir hana braggast vel.

MYND/ÓSKAR PÉTUR FRÍDRÍKSSON

Kylfingar í Vestmannaeyjum:

Týndu kúlunni en fundu pysju

VESTMANNAEYJAR „Ég var að slá á áttundu braut og sló vel utan brautar. Þegar við vorum að leita að kúlunni kom félagi minn auga á lundapysju í grasinu,“ segir Elías Jörundur Friðriksson, en hann var að leika golf með nokkrum félögum sínum þegar pysjan fannst. Líklegt er að pysjan hafi týnst úr holu sinni, en hún var að mestu ósjálfbjarga. Úr varð að einn kylfinganna tók pysjuna í fóstur.

„Hún hefur braggast mjög vel og krakkarnir keppast við að gefa henni,“ segir Viðar Einarsson sem fóstur pysjuna á heimili sínu.

Magnús Bragason, lundasölu- maður í Vestmannaeyjum, segir lundaveiði hafi verið göða seinni hlutann í júlí en hafi dregist saman síðustu daga. Lundavertíðinni lýkur 15. ágúst.

- öhó



LEITAD Í SVALANN Þessi unga New York-hnata kældi sig í gosbrunni í Central Park í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hitabylgja í Bandaríkjunum:

Hættulegur hiti í New York

BANDARÍKIN Miklir hitar ríkja nú á austurströnd Bandaríkjanna. Fór hitinn víða upp í og yfir 38 gráður í gær og sendi bandaríska veðurstofan frá sér viðvaranir vegna veðurs á svæðinu frá Massachusetts til Suður-Karólínu.

Mörg fyrirtæki og opinberar stofnanir hafa dregið úr rafmagnsnotkun sinni, svo rafveitur borga noti raforkuþörf fyrir loftkælingu íbúanna.

Talið er að yfir tuttugu manns hafi farist vegna hitabylgjunnar á austurströnd Bandaríkjanna undanfarna daga, en sömu hitabylgju var kennt um lát 164 manna í Kaliforníu í síðustu viku.

- smk

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tekinn ölvaður og próflaus Öku- maður á fimmtugsaldri var stöðvaður af lögreglunni á Húsavík í Óxarfirði í gær, grunaður um ölvunarakstur. Maðurinn var próflaus en hann hafði áður verið sviptur ökuleyfi vegna ölvunaraksturs. Maðurinn var handtekinn og færður á lögreglustöðina þar sem tekin var úr honum blóðprufa og var honum sleppt að því loknu.

BÍLL DAGSINS

OPEL VECTRA ELEGANCE

Nýskr. 04.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 37. þús. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 1.670.000,-
Tilboð: 1.490.000,-

50.000kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.



**TAKTU BESTA
VIN ÞINN MEÐ
Á 19. HOLUNA**



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI VINURINN

Ertu klár í ferðalagið?



40%
afsláttur við kassa

Nýtt
í Hagkaupum



Nýtt
í Hagkaupum



TILBOÐ
249 kr/pk
Verð áður 389,-

Kjúkingapylsur
- ómissandi á grillið

Jóa Fel sós
- 3 tegundir

Grillbrauð m/tómat og salsa
- frábært á grillið

Kjöt & fisktorgið



Svínalundir
úr kjötborði

TILBOÐ
1.599 kr/kg
Verð áður 2.549,-



Jumbó samlokur og langlokur

40%
afsláttur við kassa

Gildir í dag 04.08



30%
afsláttur við kassa

Kryddlegnir kjúklungabitar
- læri, leggir, vængir



Nammiland
- mikið úrval



Risa samlokubrauð
- tilvalið í útileguna

TILBOÐ
129 kr/pk
Verð áður 198,-



Brjóstsykur í dós
- gott í bílinn



TILBOÐ
199 kr/stk
Verð áður 277,-

Skúffukaka m/súkkulaðikremi
- frábær í friið



Krakka nammi
- leikfang með smávegis sælgæti

Gildir til 6. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Á að hækka aldurstakmarkið inn á útihtíðir?

Já	72%
Nei	28%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlar þú að ferðast innanlands um helgina?

Segðu skoðun þína á Vís.is

Fanga á fangelsinu við Kvíabryggju barst líflátshótun á miðvikudag:

Sérsveitarmenn kallaðir til

LÖGREGLUMÁL Tveir liðsmenn sérsveitar Ríkislögreglustjóra voru kallaðir að fangelsinu á Kvíabryggju um hádegi á miðvikudag vegna líflátshótana sem bárust til fanga í fangelsinu.

Geirmundur Vilhjálmsson, forstöðumaður fangelsins, svaraði í símann þegar hótunin barst. „Það barst líflátshótun sem beindist að einum fanganum í fangelsinu. Þar var hótad að fangi hér á staðnum yrði drepinn með skotvopni. Ég brást við með því að tilkynna það strax í gegnum Neyðarlínuna.“

Geirmundur segir viðbrögð lögreglu hafa verið skjótt eftir að lögreglan í Snæfellsbæ fékk



FANGELSIÐ VIÐ KVÍABRYGGJU Mikill viðbúnaður var hjá lögreglu vegna líflátshótana.

fregnir af hótuninni. „Tilkynningin um hótunina fór sína eðlilegu boðleið og það er gott til þess að vita að lögregluveitir eru í stakk búnar til þess að taka á svona málum með ákveðnum og faglegum hætti. Að lokum var ekki gerð tilraun til þess að gera alvöru úr hótuninni og þar með náðist eigin-

legt markmið þess að kalla út sérsveitarmennina.“

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun situr fanginn, sem hótad var lífláti, inni vegna ofbeldisbrota, en hann hafði verið dæmdur í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi vegna brotanna.

-mh

Grímsnes- og Grafningshreppur:

Ekki með áróður á kjörstað

KOSNINGAR Félagsmálaráðuneytið hefur staðfest úrskurð sýslumanns Árnassýslu um lögmæti sveitarstjórnarkosninga í Grímsnes- og Grafningshreppi í vor. Fulltrúi C-lista Lýðræðissinna kærði kosninguna vegna áróðurs sem kosið var utan kjörfundar.

Fulltrúi K-lista hélt ávarp í matsal Sólheima klukkustund áður en utankjörfundarkosning fór þar fram. Þá var einnig dreift barnmerkjum til viðstaddra. Komst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið um óleyfilegan áróður að ræða.

-óhó

Bæjarstjórn Bolungarvíkur:

Ráðning Gríms ekki rökstudd

BOLUNGARVÍK Meirihluti í bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur ákveðið að rökstyðja ekki ráðningu Gríms Atlasonar sem bæjarstjóra, hvorki fyrir minnihlutann né á opinberum vettvangi.

Í bókun minnihlutans er krafist rökstuðnings meðal annars í ljósi þess að gengið hafi verið framhjá aðilum sem höfðu meiri menntun en sá sem var ráðinn.

Bæjarstjórninni hefur borist bréf frá einum umsækjandanna, Guðrúnu Stellu Gissurardóttur, þar sem krafist er rökstuðnings fyrir ráðningu Gríms.

-æpe

Nýr sveitarstjóri í Hvalfirði:

Réðu Einar Örn Thorlacius

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar tók þá ákvörðun á dögnum að ráða Einar Örn Thorlacius sveitarstjóra Hvalfjarðarsveitar.



EINAR ÖRN THORLACIUS

Einar Örn gegndi áður starfi sveitarstjóra Reykhólahrepps og var hann valinn úr hópi 39 umsækjenda.

Ráðningastofan Hagvangur var sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar innan handar við ráðningu nýja sveitarstjórans.

-æpe

Slökkt á fimm af tíu kjarnaofnum Svía

Svía hafa slökkt á fleiri kjarnaofnum sínum eftir að lá við slysi í Forsmark-kjarnorkuverinu í síðustu viku. Nú er eingöngu helmingur kjarnaofna þar í landi starfandi og ekki liggur fyrir hvenær kveikt verður á þeim aftur.

SVÍPJÓÐ, AP Slökkt hefur verið á fimm af tíu kjarnaofnum Svíþjóðar og héldu stjórnendur sænsku kjarnorkuveranna, SKI, neyðarfund í gær vegna málsins.

Upphafið að málinu liggur í atviki sem átti sér stað í kjarnorkuverinu Forsmark á þriðjudag í síðustu viku, þegar skammhlaup varð til þess að það slökknadi á einum kjarnaofninum. Telja kjarnorkusérfræðingar að atvikið hefði getað valdið alvarlegu kjarnorkuslysi. Sá ofn er enn óvirkur og jafnframt hefur verið slökkt á öðrum ofni í sama veri vegna atviksins.

Seint á miðvikudag ákváðu yfirmenn Oskarshamn-kjarnorkuversins að slökka á tveimur af þremur ofnum þar, því „ekki er hægt að tryggja öryggið þar,“ sagði í tilkynningu frá stjórnendum versins.

„Öryggið verður að vera í fyrirrúmi,“ sagði Anders Österberg, upplýsingafulltrúi Oskarshamversins.

Fyrr í sumar var slökkt á kjarnaofni í Ringhals vegna viðhalds. Því eru eingöngu fimm af tíu kjarnaofnum Svía starfandi nú, en kjarnaofnarnir eru notaðir til framleiðslu á raforku og hefur raforkuverið hækkað í kjölfarið.

Að sögn Anders Bredfell, talsmanns SKI, verður ekki kveikt aftur á kjarnaofnunum fyrr en yfirvöld hafa útilokað hættuna á svipuðu atviki í Oskarshamn og varð í Forsmark.

Skammhlaupið í Forsmark gerðist við viðhald á ofninum og



KJARNAOFNAR STÖÐVAÐIR Svía hafa lokað fimm af tíu kjarnaofnum sínum eftir að skammhlaup í Forsmark-kjarnorkuverinu varð til þess að slökknadi á einum kjarnaofninum þar. Á myndinni sést kjarnorkuverið í Barsebäck.

NORDICPHOTOS/AFP

oili því að öryggiskerfi fór í gang og slökkti á ofninum. Við þær kringumstæður gefur ofninn áfram frá sér mikinn hita svo mikilvægt er að streymi kælivatns að honum rofni ekki. Til að tryggja kælivatnsflæðið áttu fjórar dísilknúnar dælu að fara sjálfkrafa í gang, en aðeins tvær gerðu það.

Flokkur Græningja í Svíþjóð hafa farið fram á það að ríkisstjórnin setji á laggirnar sjálfstæða nefnd, sem ætlað yrði að rannsaka öryggismál kjarnorkuvera Svía.

Ólíklegt er að Svía muni

skorta raforku í sumar því á sumrin notast þjóðin mikið við vatnsorku, en standi lokanirnar fram á vetur gætu málin snúist á verri veg, að sögn Urban Bergström hjá sænsku Orkuveitunni. Oskarshamn-verið framleiðir um tíu prósent allrar raforku Svía og Forsmark-verið um sjötta hluta hennar. Kostar lokun Oskarshamn-ofnanna verið um hundrað milljónir íslenskra króna á dag, að sögn Österberg.

Sænska ríkisstjórnin hefur samþykkt að hætta notkun allra kjarnorkuveranna fyrir árið 2010.

smk@frettabladid.is

SKÓLA TILBOÐ!

TAKMARKAÐ MAGN!

ACER ASPIRE 5612WLMi - Duo Core

- Intel Duo Core 1.66Ghz
- 1GB DDR2 Vinnsluminni
- 80GB SATA Harður diskur
- 15.4" CrystalBrite skjár
- Intel 945GM Skjákort

119.900-

4.124-
Á MÁNUÐI

WWW.SVAR.IS

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

svar.)

tækni

www.lyfja.is

Voltaren Dolo

FLJÓTVIRKT VERKJALYF VIÐ M.A. TÍÐAVERKJUM.
INNIHELDUR ENGIN ÁVANABINDANDI EFNI.

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannþínu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lífrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íþuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leiðið ráða læknis eða lyfja- fræðings um millverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammanstanga - Skaftárhönd - Selfossi - Laugarási

Forseti ÍSÍ segir ótvírætt að uppeldislegt hlutverk íþróttastarfs skili sér til fólks:

Minni neysla í íþróttunum

LYFJANOTKUN Ótvírætt er, samkvæmt niðurstöðum rannsóknna sem gerðar voru á notkun tóbaks, ólöglegra lyfja og fæðubótarefna meðal framhaldsskólanema, að fólk sem stundar íþróttir sækir mun síður í notkun ólöglegra lyfja heldur en þeir sem ekki stunda íþróttir.

Ólafur Rafnsson, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, segir forvarnarlegt gildi íþróttá óumdeilt. „Niðurstöður rannsóknarinnar, sem unnið var að fyrir Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, sýna að þátttaka í íþróttum er heilsuþætandi og hún hefur gríðarlega mikilvægt forvarnarlegt gildi. Í þessum efnum er alltaf hægt að gera betur, en fræðslustarf Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands er augljóslega að skila árangri.“

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu síðustu daga, náði rannsóknin, sem unnin var á



ÓLAFUR RAFNSSON Vonast eftir góðum niðurstöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vegum Rannsóknna og greiningar ehf., til rúmlega ellefu þúsund framhaldsskólanema. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að

neysla á sterum og efedríni sé meiri hjá ungmönnum sem ekki taka þátt í starfi á vegum íþróttafélaganna.

-mh

FRJÁLS VERSLUN

TEKJUBLAÐIÐ

Sölustaðir um allt land

Tryggðu þér eintak!



ÁSKRIFTARTILBOÐ

Í tilefni af útgáfu Tekjublaðs Frjálsrar verslunar er sérstakt tilboð á áskrift. Þeir sem gerast áskrifendur að Frjálsri verslun á www.heimur.is fyrir 12. ágúst fá áskrift seinni hluta ársins á **4.000** krónur. Innifalið í áskriftinni er Tekjublaðið og fimm önnur tölublöð, þeirra á meðal bókin um 300 stærstu fyrirtækin og blað helgað manni ársins í atvinnulífinu. Lausasöluverð er um 7.000 krónur en venjulegt áskriftarverð 5.335 krónur. Þetta tilboð gildir aðeins meðan Tekjublaðið má vera í sölu. Nýir áskrifendur fá Tekjublaðið sent í pósti sama dag og þeir taka þessu tilboði.

www.heimur.is

7 dagar eftir

TAKMARKAÐ UPPLAG • Aðeins selt í 11 daga*

* skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN

www.heimur.is

Áskriftarsíminn
er 512 7575


heimur

Samkomulagi loks náð um stjórnarmyndun í Úkraínu:

Júsjenkó útnefnir Janúkovítsj

ÚKRAÍNA, AP Viktor Júsjenkó, forseti Úkraínu, skrifaði í gær undir sáttmála um þjóðstjórn sem höfuðandstæðingur Júsjenkós í stjórnmalum, Viktor Janúkovítsj, mun fara fyrir. Með sáttmálanum vonast forsetinn til að tryggja að hin nýja ríkisstjórn muni fylgja stefnu sinni og samherjanna í „appelsínugula bandalaginu“ um nánari tengsl við Vesturlönd og umbætur í þeim dúr, þrátt fyrir að hinn Rússlandshóllí Janúkovítsj setjist í forsætisráðherrastólinn.

Með sáttmálanum er höggvið á hnút sem haldið hafði stjórnarmyndunarumleitunum í landinu í

uppnámi mánuðum saman. Í fyrrakvöld rann út stjórnarskrárbundinn frestur sem forsetinn hafði til að útnefna forsætisráðherra eftir þingkosningar sem fram fóru í landinu í vor, en í þeim fékk flokkur Janúkovítsj flest atkvæði en flokkarnir sem töldust til „appelsínugula bandalagsins“ samtals meirihluta þingsæta. Svo fór á endanum að flokkur sósíalista yfirgaf bandalagið og gekk til liðs við Héraðaflokk Janúkovítsj og kommúnista um að mynda þingmeirihluta, sem fór fram á að Janúkovítsj yrði forsætisráðherra.

Kjör Janúkovítsj í embætti for-



SÁTTMÁLI UNDIRRITADUR Viktor Janúkovítsj verðandi forsætisráðherra, Óleksandr Moroz, leiðtogi sósíalista, Viktor Júsjenkó forseti og Júrí Jekanúrov, starfandi forsætisráðherra, undirrita þjóðareiningarsáttmálan í Kíev í gær.

sætisráðherra fer fram á Úkraínuþingi í dag, föstudag.

Þýska lögreglan:

Mannskæð eftirför smyglara

ÞÝSKALAND, AP Tilraun lögreglu til að stöðva bílstjóra í Austur-Þýskalandi endaði með því að sex manns létu lífið og tveir slösuðust alvarlega, að sögn þýsku lögreglunnar. Slysið varð á þriðjudagskvöld nærri Kابل.

Lögregla gaf bílstjóranum merki um að stöðva bifreið sína, því þeir töldu hann vera að smygla fólki inn í landið. Bílstjórnin flúði hins vegar á 180 kílómetra hraða á klukkustund og missti stjórn á bílnum sem skall utan í tré.

Lögregla segir einn mannanna hafa verið tékkneskan, en alla hina víetnamska.

- smk



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir fjölmiðlafulltrúi norrenu eftirlitssveitanna á Srí Lanka?
- 2 Hvaða nafn tók handboltakappinn Sværrir Björnsson upp á dögunum?
- 3 Hvað heitir nýjasta mynd þeirra Kiefers Sutherland og Michaels Douglas?

SVÖR Á Síðu 54

Nýr sendiherra Íslands í Kína: Gunnar sendiherra í Peking

STÖDUVEITING Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra mun hefja störf í Peking sem sendiherra Íslands gagnvart Kína um miðjan september.



GUNNAR SNORRI GUNNARSSON

Gunnar Snorri var skipaður ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins árið 2002 og lét af því starfi fyrir skömmu. Hann hafði fram að því gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum sem sendiherra á erlendum vettvangi.

Næstu misseri munu fara fram umfangsmiklar viðræður um framtíð viðskipta og efnahagsávinningu Íslands og Kína og er gert ráð fyrir að Gunnar Snorri leiði þær viðræður. Núverandi sendiherra í Peking er Eiður Guðnason.

- sh

Óvænt árás eftir árekstur:

Býflugur senda tíu á slysadeild

BANDARÍKIN Sextán ára bandarísk stúlka ók á tré seinasta þriðjudag með þeim afleiðingum að tugir þúsunda býflugna réðust á stúlkuna og slökkviliðsmenn sem reyndu að bjarga henni úr bílflakinu. Þetta kemur fram á vef bandarísku fréttastöðvarinnar CNN.

Slysið varð í Indiana-ríki Bandaríkjanna en býflugurnar, sem höfðust við inni í trénu, reiddust svo við áreksturinn að sjö slökkviliðsmenn, sjúkraliði og einn nágranni fóru ásamt stúlkunni á slysadeild vegna býflugnastrungna.

- sps

Tekjur Íslendinga í sögulegu hámarki

Tekjur Íslendinga hækkuðu um 16,8 prósent milli árána 2004 og 2005. Einkaneysla jókst jafnframt um 14 prósent og einum milljarði minna var greitt í atvinnuleysisbætur. Fjármagnstekjur hafa aukist mest allra tekna á Íslandi.

FJÁRMÁL Skattskyldar tekjur Íslendinga námu alls 702 milljörðum króna árið 2005 og jukust þar með um 101 milljarð eða 16,8 prósent frá árinu áður. Þetta kemur fram í vefriti fjármálaráðuneytisins sem gefið var út í gær. Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur hjá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, telur að tekjur Íslendinga hafi vafalítið aldrei verið jafn háar áður.



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

Skatttekjur skiptast annars vegar í laun, hlunnindi, lífeyri og aðrar tekjur sem bera tekjuskatt, en hins vegar eru fjármagnstekjur sem bera fjármagnstekjuskatt. Landsmenn fengu á árinu tæpa 472 milljarða í laun og fjölgaði þeim sem höfðu einhverjar launatekjur um 2,2 prósent. Lífeyris-sjóðsgreiðslur til einstaklinga voru um 34 milljarðar og greiðslur Tryggingastofnunar til lífeyrisþega og öryrkja um 32 milljarðar til 47 þúsund manns.

Athygli vekur að 2,4 milljarðar króna voru greiddir í atvinnuleysisbætur á árinu, sem er einum milljarði lægri upphæð en 2004. Jafnframt fækkaði bótaþegum um 26,5 af hundruði.



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ Í vefriti ráðuneytisins kemur fram að tekjur Íslendinga hafi hækkað um tæp 17 prósent milli ára.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Fjármagnstekjur eru þær tekjur einstaklinga sem mest hafa vaxið á undanförunum árum, en nú hljóta um 85 þúsund framteljendur fjármagnstekjur, sem alls eru um 120 milljarðar, eða 17 prósent af öllum skattskyldum tekjum. Aukningin milli ára var 45 milljarðar. Fjármagnstekjur hafa vaxið stöðugt og þá sérstaklega eftir að fjármagnstekjuskattur var lagður á árið 1997.

Rúmur helmingur allra fjármagnstekna var hagnaður af sölu hlutabréfa, en einungis fimm prósent framteljenda hlutu slíkan hagnað. Hver þessara rúmlega níu þúsund framteljenda fékk því að meðaltali tæpar sjö milljónir króna árið 2005 fyrir sölu hlutabréfa. Flestir höfðu þó fjármagnstekj-

ur sínar af vöxtum á bankainni-stæðum.

Ráðstöfunartekjur Íslendinga, það er að segja skattskyldar tekjur að frádregnum sköttum, jukust alls um 18,5 prósent, en einkaneysla óx um 14 prósent.

„Neyslan var meiri en efni voru á bæði árin, svo við erum enn að eyða um efni fram. Skuldir þjóðarinnar vegna íbúðakaupa jukust um rúma 90 milljarða, en aðrar skuldir, til dæmis bílalán og yfirdráttur og fleira jukust um 70 milljarða að minnsta kosti,“ segir Sigurður.

„Það sem helst skín í gegnum þessar tölur er aukin misskipting auðs, bíl milli ríkra og fátækra sem ekki hefur verið hér áður,“ segir Ingunn S. Þorsteinsdóttir hjá Alþýðusambandi Íslands.

steindor@frettabladid.is



HEIMAHÚS Í HADITHA Mynd af vettvangi þar sem bandarískir hermenn eru sagðir hafa myrt saklausa borgara í Irak.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískir hermenn í Irak: Myrtu líklega saklausa

BANDARÍKIN, AP Sönnunargögn sem safnað hefur verið í rannsókn á dauða 24 Íraka í bænum Haditha virðast benda til sektar bandarískra hermanna sem sakaðir eru um að hafa myrt óbreytta borgara, þeirra á meðal óvopnaðar konur og börn. Þetta kom fram í máli talsmanns varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna á miðvikudaginn.

Atvikið varð í nóvember síðastliðnum, en kom ekki fram í dagsljósi fyrr en í mars þegar bandaríska tímaritið Time fjallaði um það. Upphaflega var því haldið fram að um árás uppreisnarmanna hefði verið að ræða.

Jafnframt er nú verið að rannsaka hvort herinn hafi átt þátt í að hylma yfir atvikið, sem enginn hefur verið ákærður fyrir enn.

- smk

MYNDBIRTING

Vegna misskilnings var í Fréttablaðinu í gær birt mynd innan úr fjósinu sem brann á bænum Húsatóftum á Skeiðum.

Meirihluti í Hveragerði ósáttur við álit ráðuneytis:

Vilja ógilda samninginn við Eykt

STJÓRNSÝSLA Fyrrverandi meirihluti í Hveragerði var ekki skylt að leita eftir hagstæðustu tilboðunum þegar hann samdi við verktakafyrirtækið Eykt í febrúar um landsvæðið þar sem byggja á 800 til 900 íbúðir og atvinnuhúsnæði. Það er mat félagsmálaráðuneytisins að stjórnsýslulög hafi ekki verið brotin.

Ráðuneytið segir þó útboð eðlilegri og vandaðari stjórnsýsluhætti, sérstaklega þegar verkin eru stærri. Uppbyggingunni á að ljúka 2018 og tvöfaldast íbúafjöldi bæjarins kjósi fólk að búa þar.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir nýjan meirihluta ætla að bregðast við álitinu þegar hún komi úr sumarfrí um miðjan mánuðinn.

„Tvær leiðir eru í stöðunni. Það er að fara dómstólaleiðina og höfða þar ógildingarmál eða að setjast niður með Eyktarmönn-



ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR

um og finna flöt á framhaldinu,“ segir Aldís. Nýi meirihlutinn telur að með samningnum hafi fyrrverandi meirihluti brotið rannsóknarreglu stjórnsýsluréttarins. Verðmæti landsins hafi ekki verið kannað eða hvort hægt væri að ná hagstæðari samningum við önnur verktakafyrirtæki. Þeir gagnrýna að fyrrverandi bæjarstjóri, Þorsteinn Hjartarsson, hafi gert mat úr landinu sem átti að vera óháð. Samkvæmt félagsmálaráðuneytinu var Þorsteinn ekki vanhæfur til að gera matið.

- gag

NÝJUNG!

Ekki gleyma ab-mjólkinni frá MS

... þessari nýju léttu með eplum og gulrótum

HRIKALEGA HOLL OG GÓÐ



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Án viðbættis sykurs

HVITA HÚSÍÐ / SÍA

FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN
Í LAUGARDAL TYNNIR



HINA ÁRLEGGU
VERSLINARMANNAHELGAR-
TÓNLEIÐA Í HINUM NÝJA
TÓNALINDI GARÐSINS

Stuðmenn

ÁSAMT BIRGITTU HAUSDAL

VALGEIRI GHEJÓNSSYNI

& HINUM GLANNA-
OG GLEPSAMLEGA
STEFÁNI KARLI

Ókeypis í Fallturninn
Níðhögg, Þrumufleyg,
Flughjólið og Krakkafoos,
fyrir tónleikagesti!

LAUGARDAGINN 5. ÁGÚST
KL. 20:30

nokkrir

PURSAR



EGILL,
TÓMAS,
PÓRÐUR
& ÁSGEIR

taka lagið
sem þursar

GYLFI, PÓRÐUR, TÓMAS, JAKOB & ÁSGEIR
taka lagið sem Rifsberja



KRAFTAVERK

Sérstakur heiðurgestur

MEGAS

flytUr lög af
„Bleikum náttkjólum“

ÁSAMT AGLI & VALGEIRI

Tónleikarnir hefjast kl. 20:30. Forsala hafin á staðnum.

ADGANGSEYRIR KR. 800

Ókeypis fyrir börn 12 ára og yngri

Tryggið ykkur miða í tæka tíð -
takmarkaður fjöldi seldur

Mætið tímanlega og tryggið ykkur stað
í brekku nýja tónleikalundarins



FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN



FRUMMENN

GYLFI, RAGNAR, VALGEIR & JAKOB
taka lagið sem Frummenn



Forstjóri Krabbameinsfélags Íslands segir niðurskurð í þjónustu LSH óviðunandi:

Krabbamein tekur sér ekki frí

HEILSA Skerðing þjónustu sem krabbameinssjúklingar fá að jafnaði hér á landi yfir sumartímann er mikið áhyggjuefni að álit Guðrúnar Agnarsdóttur, forstjóra Krabbameinsfélags Íslands.

„Vel menntað heilbrigðisstarfsfólk og stuttur biðtími eftir sjúkdómsgreiningu og sjúkdómsmeðferð eru ríkir þættir í að lifun krabbameinssjúklinga hér á landi er með því mesta sem gerist í Evrópu. Þeirri stöðu megum við ekki glata,“ segir hún.

„Krabbamein fer ekki í sumarfrí en það verður heilbrigðisstarfsfólk að gera til að endurnýja starfsorku sína. Það er óviðunandi ef niður-

skurður í þjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss hindrar það að ráðið sé í afleysingarstöður á sumarleyfistímum. Umönnun krabbameinssjúklinga er krefjandi starf og þarf að huga vel að því starfsfólki sem því sinnir svo það endist í starfi en leiti ekki annað.“

„Það er erfitt að fá sérmenntað fólk til afleysinga, þetta er mjög erfitt starf sem mönnum lætur misvel að sinna,“ segir Vilhelmina Haraldsdóttir, sviðsstjóri á lyflækningasviði II hjá Landspítalanum. „Það eru þónokkrir læknar í námi í krabbameinlækningum þannig að við erum vongóð um að geta endurnýjað í stéttinni.“ - sfs



GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR Segir mikilvægt að hugað sé að starfsfólki sem sinni krabbameinssjúkum svo það endist í starfi en leiti ekki annað.

Umsóknarfrestur runninn út:

Fjórir vilja í Árnastofnun

ATVINNA Fjórir hafa sótt um stöðu forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Umsóknarfresturinn er útrunninn og mun menntamálaráðherra skipa í stöðuna til fimm ára. Þriggja manna dómnefnd metur hæfi einstaklinganna.

Dr. Vésteinn Ólason, núverandi forstöðumaður Árnastofnunar, sækist áfram eftir starfinu en aðrir umsækjendur eru dr. Gísli Sigurðsson, vísindamaður við Árnastofnun, dr. Kristján Árnason, prófessor í íslensku málfraði við Háskóla Íslands og dr. Úlfar Bragason, forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals. - sh



BABB KOMID Í BÁTINN Þessi bandaríski drengur var meðal flóttamanna um borð í skemmtiferðaskipinu Drottningu Austurlanda á leið frá Líbanon til Kýpur.

NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjaþing verndar börn:

Banna börnum tengslasíður

BANDARÍKIN Bandaríska þingið ihugar nú að banna börnum að nota tengslasíður á borð við MySpace og Friendster, þar sem fólk setur inn upplýsingar um sjálft sig og kynnist öðrum, í skólum og á bókasöfnum.

Lagafrumvarpið miðar að því að vernda börn gegn barnaníðingum sem nota þessar síður til að komast í samband við börn á netinu, en síður sem þessar eru orðnar geysivinsælar meðal barna. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti frumvarpið með miklum meirihluta atkvæða í seinustu viku og mun öldungadeild líklega kjósa um það á næstu dögum.

Mörg íslensk ungmenni eru með sín svæði á þessum tengslasíðum. Þá er sama hugsun á bak við vefsvæðið Minnsirkus. - sfs

Kvartaði vegna viðbótargreiðslu út af gengiþróun:

Forsendur fyrir greiðslu vantaði

NEYTENDAMÁL Neytendastofa hefur úrskurðað að Heimsferðum hafi verið óheimilt að krefja Gylfa K. Sigurðsson um viðbótargreiðslu fyrir alferð í tilefni gengislaekunar krónunnar. Í úrskurðinum er lagt fyrir Heimsferðir að láta af slíkum viðskiptaháttum.



TRYGGVI AXELSSON

Neytendastofu barst kvörtun frá Gylfa í maí síðastliðnum vegna þess að hann þurfti að greiða rúmar 18.000 krónur í viðbótargreiðslu við ferð sem kostaði 135.180 krónur. Gylfi fékk þá skýringu að þetta væri vegna gengislaekunar krónu og var vísað í ferðaskilmála þar

sem segir meðal annars að verð geti breyst vegna breytinga á gengi.

Neytendastofa gerir meðal annars athugasemd við að ekki hafi verið tilgreint hvernig breytt verð skuli reiknað út eins og alferðalög kveða á um. Viðmiðunarmörk gengisbreytinga voru ekki tilgreind, hversu mikill hluti verðsins væri háður gengi eða gengi hvaða myntar væri átt við. Einnig að farkaupi hafi ekki getað fengið sundurliðaðan reikning fyrir hækkingu ferðar. Að sögn Tryggva Axelssonar, forstjóra Neytendastofu, er tilgangur laga um alferðir sá að neytandi geti sjálfur fylgst með að verðhækkun sem hann er krafinn um sé rétt.

Ekki náðist í Tómas Gestsson, forstjóra Heimsferða, við vinnslu fréttarinnar. - sdg



LÁTNUM OG LIMLESTUM FJÖLGAR Líbanur drengur, sem missti auga í loftárás Ísraela á hafnarbæinn Tyre, bíður þess að verða fluttur í franskri herþyrlu til betri aðhyllningar. Hátt í milljón Líbanar munu nú vera á flotta undan átökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Hertar árássir á báða bóga

Bæði Ísraelsher og Hizbollah-skæruliðar hertu í gær árássir sínar á átakasvæðinu í kringum landamæri Líbanons og Ísraels. Samningar ekki í sjónmáli.

LÍBANON, AP Ísraelsher herti á loftárásu á bæi í Suður-Líbanon í gær, og á meint vígi Hizbollah-liða í úthverfum höfuðborgarinnar Beirút. Hizbollah-skæruliðar hertu á móti á sprengiflaugaárásu sínu á Ísrael. Síðdegis í gær lentu að minnsta kosti hundrað slíkar flaugar á skotmörkum í Norður-Ísrael og urðu sjö manns í tveimur þorpum að bana, að því er ísraelskir almannavarnarfulltrúar greindu frá.

Sprengiflaugahröin sýndi að skæruliðar Hizbollah eru enn færir um að halda úti stanslausum árásum af þessu tagi þrátt fyrir að átökin hafi nú staðið í 23 daga. Á miðvikudag skutu Hizbollah-liðar um 230 sprengiflaugum suður yfir landamærin, en það er langmesti fjöldi flauga sem skotið hefur verið á einum degi frá því átökin hófust. Yfirlýst markmið Ísraelshers með hernáðinum er að uppræta þessa getu Hizbollah-liða til að valda Ísrael tjóni.

Þá tókst skæruliðum ennfremur að granda ísraelskum skriðdreka í bardaga skammt norðan landamæruna. Tveir ísraelskir

hermenn féllu og einn særðist alvarlega, að sögn talsmanns Ísraelshers. Þar með er uppgefin fjöldi fallinna Ísraela frá því átökin hófust kominn í 64, þar af eru 38 hermenn og 26 óbreyttir borgarar.

Ísraelskir ráðamenn sögðu að sprengiflaugaárásirnar þýddu ekki að hernum hefði mistekist að ná fram markmiðum sínum. En sumir talsmenn Ísraela viðurkenndu að markmiðunum yrði ekki náð með hervaldi einu saman. Yisrael Maimon, aðstoðarráðherra í ísraelsku ríkisstjórninni, sagði í sjónvarpsviðtali að sprengiflaugaárásirnar yrðu aðeins stöðvaðar með samningalausni á deilunni.

Íslamska ráðstefnan, stærstu samtök múslimaríkja í heiminum sem 56 lönd eiga aðild að, krafðist í gær tafarlauss vopnahlés í Líbanon og skoraði á Sameinuðu þjóðirnar að fresta því ekki stundinni lengur að koma saman friðargæsluliði til að senda þangað. Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti ítrekaði á leiðtogafundi samtakanna í Malasíu þá skoðun sína að Ísraelsríki skyldi eytt. - aa



Iðnaðar- & bílskúrshurðir

FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í húseigninni er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða þjónustu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 520 eða á www.mest.is.



– allt til bygginga



**Opnum aftur eftir breytingar
í dag kl. 10**

**...frábær verð!
...frábær tilboð!**

Going bananas!!!!

Banani fylgir hverju pari sem keypt er

* meðan birgðir endast

HÖNNUN GREIND

Hlust 2006

EURO SKO

Kringlan 568 6211



STÚLKA FRÁ JAMMU Þessi snót býr í múslímska hluta Kasimírhéraðs og klæddi sig upp í tilefni af heimsókn forseta Indlands til héraðsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Minniháttar samdráttur í bílasölu í júlí bendir til að markaðurinn sé mettaður:

Nýskráningum hefur fækkað

BÍLAR Nýskráningum fólksbifreiða fækkaði um 24 prósent í júlí miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt tölum Umferðarstofu. Ýtir þetta undir getgátur þess efnis að einkaneysla sé að dragast saman. Tölur um verslun með fólksbíla í júlímánuði liggja ekki enn fyrir, en sífellt aukning hefur verið á verslun með fólksbifreiðar undanfarin ár og hefur meira selst af bílum fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra.

„Síðustu árin hafa sífellt verið slegin ný met, bæði hvað varðar nýskráningu bíla og eigendaskipti og aukningin heldur áfram, hún er bara ekki eins mikil og áður,“ segir



BÍLAFLOTI Samkvæmt Umferðarstofu hefur endurnýjun fólksbílaflota Íslendinga verið það mikil undanfarin ár að mögulega sjái fyrir endann á henni.

Brynhildur Georgsdóttir, framkvæmdastjóri ökutækjasviðs hjá Umferðarstofu. „Við getum ekki

ennþá sagt hvort þetta sé bara sumarfrí eða varanlegt. Við höfum séð mikið af afskráningum bifreiða, þannig að það lítur út fyrir að markaðurinn hafi verið að endurnýja sig. Hann er væntanlega að verða mettaður núna.“

Sigurður Kr. Björnsson, markaðsfulltrúi hjá Heklu, segir sölu á notuðum bílum nú vera svipaða og fyrir ári. „Hins vegar hefur sala á nýjum bílum minnkað smávægilega undanfarnar vikur, en þó ekki svo að við þurfum að hafa áhyggjur af því. Árið í fyrra var metár í bílasölu og kannski ekki skrítið að það hægist aðeins á,“ segir Sigurður.

-sgj

Reiknivélar Orkuseturs:

Hægt að reikna út ferðakostnað

ORKUMÁL Á vef Orkuseturs má finna reiknivélar þar sem fólk getur reiknað út orku- og mengunartölur fyrir bifreiðar sínar á einfaldan hátt. Meðal annars er hægt að bera saman rekstrar- og umhverfiskostnað bifreiða við mismunandi forsendur, reikna út ferðakostnað, halda kolefnisbókhald og fleira.

Lausn hugbúnaður ehf. setti þessar reiknivélar upp í byrjun sumars og að sögn Orkuseturs eru þær mikið notaðar, enda verði fólk æ meðvitaðra um umhverfismál og gróðurhúsáhrif. Reiknivélararnar geta komið að gagni fyrir verslunarmannahelgina, en þær má finna á www.orkusetur.is.

-sgj

Skákferð Hróksins:

Aðaltorgið iðar af skáklífi

GRÆNLAND Hávaðarok og rigning beið skákmannanna íslensku eftir ferðalagið til Tasiilaq, höfuðstaðar Austur-Grænlands, í fyrradag.

Í gær var blíðskaparveður í bænum og iðaði aðaltorg Tasiilaq af skáklífi, eins og segir í fréttaskeyti frá hópnum.

Sjö liðsmenn héldu í gærmorgun til bæjarins Kuummiit þar sem haldin var skákhátíð í gær. Sjö manna sendinefndin heldur svo þaðan til þorpins Sermiligaq í dag.

Hápunktur skákhátíðar Hróksins á Grænlandi verður svo um næstu helgi þegar fjórða Alþjóðlega Grænlandsmótið eða FÍ-mótið 2006, verður haldið.

-æpe



BILL GATES Talsmaður Gates segir norskan blaðamann ekki hafa tekið viðtal við hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Norskur blaðamaður:

Sakaður um uppspuna

NOREGUR Talsmaður Bill Gates hefur sakað norskan blaðamann um að skálda upp viðtal við tölvu-sníllinginn, en viðtalið var birt í norska tímaritinu Mann og í sænska dagblaðinu Aftonbladet. Þetta kemur fram á vefsíðu norska blaðsins Aftenposten.

Blaðamaðurinn Björn Benkow heldur því hins vegar fram að viðtalið hafi í raun og sann farið fram í flugvél sem báðir voru farþegar í. Talsmaður Gates segir yfirmann sinn aldrei hafa komið í þá vél.

Benkow er lausapenni og hefur meðal annars tekið viðtöl áður við Oprah Winfrey og Tom Cruise, sem birt hafa verið í Aftonbladet án kvartana.

-smk

Fá skerðingu ekki bætta að fullu

Ragnar Aðalsteinsson hrl. segir mikilvægt að kanna hvort skerðing á greiðslum lífeyrissjóðanna standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Lífeyrissjóðir munu í auknum mæli miða við bætur TR þegar greitt er úr sjóðunum.

KJARAMÁL Þeir öryrkjar sem missa lífeyrisréttindi sín hjá lífeyrissjóðunum munu ekki fá þau að fullu bætt í formi bóta hjá Tryggingastofnun ríkisins, að sögn Sigurðar Lillýjar Baldursdóttir, framkvæmdastjóra þróunarsviðs TR.

Fulltrúar Tryggingastofnunar og Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) funduðu í gær um framkvæmd breytinganna en lífeyrissjóðirnir munu nú í auknum mæli miða við bætur TR þegar greitt er úr lífeyrissjóðunum.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, segir hlutfall greiðslna til öryrkja hafa hækkað mjög á undanförunum árum og áætlað að rúmlega sex milljarðar króna fari til öryrkja á þessu ári sem einstakir sjóðir greiði út. „Í

Missir 40 þúsund á mánuði

Trygvi Þorbergsson hefur verið öryrki í tíu ár en hann er einn þeirra sem hefur fengið tilkynningu um að lífeyrisgreiðslur hans falli niður 1. nóvember. „Ég fæ um 82 þúsund krónur á mánuði frá Tryggingastofnun ríkisins og ofan á þá upphæð bætast rúmar fjórtíu þúsund krónur úr lífeyrissjóði en nú munu þær greiðslur falla niður. Ég var tekjulltill síðustu árin áður en ég fékk örorkubætur og mér finnst ósanngjarn að lífeyrir sé ákvarðaður út frá þessum tölum, því þær gefa ekki rétta mynd af þeim tekjum sem ég hafði áður.“ Trygvi segist greiða á milli tíu til tuttugu þúsund krónur í lyf mánaðarlega sem séu honum nauðsynleg en sér ekki fram á að hafa efni á þeim eftir að lífeyrisgreiðslur falla niður.



TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS Fjölmargin öryrkjar missa lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum í kjölfar endurmatís á tekjum fyrir og eftir örorku. Tryggingastofnun mun ekki bæta þeim missinn að fullu.

samræmi við þessa þróun hefur tryggingsfræðileg staða lífeyrissjóðanna versnað, sem er áhyggjuefni því við verðum líka að sinna öðrum hópum lífeyrisþega.“

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir mikilvægt að Öryrkjabandalag Íslands kanni hvort skerðing á greiðslum lífeyrissjóðanna til öryrkja standist eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. „Með því að greiða í lífeyrissjóð er fólk að tryggja afkomu sína ef slys eða veikindi bera að höndum og sá réttur á að gilda til frambúðar.“

Ragnar segir það koma mest á



RAGNAR AÐALSTEINSSON

óvart að greiðslur lífeyrissjóða til öryrkja skerðist vegna tekna frá ríkinu.

„Fyrir nokkrum árum var máli Lífeyrissjóðs sjómannanna vísað til mannréttindadómstólsins í Strassborg vegna skerðingar greiðslna úr lífeyrissjóðunum.“ Ragnar segir málinu hafa lokið þannig að skerðing sem talin var standast að lögum á Íslandi stóðst ekki fyrir mannréttindadómstólinum.“

hugrun@frettabladid.is



GRÆNLANDSBJÓR Hreinn vatn en það sem er að finna í Grænlandsjökli er vandfundnið, segir eigandi brugghússins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nýr iðnaður á Grænlandi:

Bjór bruggaður úr bráðnandi ís

DANMÖRK, AP Grænlandingar hafa hafið sölu á bjór sem unninn er úr tvö þúsund ára gömlum bráðnuðum jökulís. Var bjór þessi kynntur við mikinn fögnuð viðstaddir í Tívolíinu í Kaupmannahöfn á mánudaginn, en Danmörk er helsti markaður ólsins sem hlotið hefur nafnið Greenland.

Þetta er í fyrsta sinn sem bjór er bruggaður til sölu á Grænlandi og er brugghúsið í Narsaq á Suður-Grænlandi, þótt ölið sé sett á flöskur í Þýskalandi.

Brugghúsið getur framleitt allt að fjögur hundruð þúsund lítra af bjór á ári og mun hálf lítra flaska kosta um 460 íslenskar krónur í búið í Danmörku.

-smk

Ein með öllu á Akureyri:

Aflið á vakt alla helgina

AKUREYRI Systursamtök Stígamóta á Norðurlandi, Aflið, verða með sólarhringsvaktir frá föstudegi til mánudags á hátíðinni Ein með öllu á Akureyri nú um helgina.

Anna María Hjálmarisdóttir, ráðgjafi hjá Afliinu, segir þessa þjónusta brýna. „Um verslunarmannahelgina í fyrra leituðu þrjár stúlkur til okkar vegna nauðgana og ein vegna heimilisofbeldis.“ Verður aðstáðan í Skipagötu 2, alveg við Ráðhústorgið í miðbænum.

-sdg

Stuttur greiðslufrestur við styrkveitingu til meðferðarsjúkrahússins SÁÁ:

Var rukkuð um vanskilagjald

FORVARNIR Konu á Akureyri sem ákvað að styrkja forvarnarstarf SÁÁ með kaupum á DVD-diski var gert að greiða 400 króna vanskilagjald auk dráttarvaxta og seðilsgjalds. Eindagi greiðsluseðilsins var 27. júlí, tíu dögum eftir útgáfu hans, en konan hafði hugsað sér að greiða styrkinn um mánaðamótin.

Sædis Inga Ingimarsdóttir er slegin og segir gremjulegt að þurfa að greiða aukakostnað við styrkveitinguna. Hún hafi ekki mikið fé milli handanna og hafi ákveðið að styrkja gott starf samtakanna þar sem hún eigi von á endurgreiðslu skatta núna um mánaðamótin. „Ég ætlaði að styrkja SÁÁ en greiði svo BM-ráðgjöf og Landsbankanum vanskilakostnað,“ segir Sædis.

Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri SÁÁ, segir söguna ekki

fagra: „Þetta er ekki gott. Við fáum undirverktaka til að sjá um söfnunina fyrir okkur. Aldrei hefur staðið til að rukka kostnað umfram styrkinn,“ segir Ari og bætir við að samstarfið við undirverktakann sé gott. Kröfukerfið er hins vegar sem lýst var. Samtökin ætli að skoða hvort greiðslufresturinn sé of stuttur.

Ari segir framlag almennings til starfseminnar mjög mikilvægt og hvetur fólk að hafa samband við SÁÁ telji það sig beitt ranglæti. Hann lofar Sædisi endurgreiðslu.

-gag

SÆDIS INGA MEÐ GREIÐSLUSEÐILINN Sædis kaus að styrkja SÁÁ með því að kaupa DVD-disk fyrir 3.950 krónur. Þar sem hún greiddi ekki strax lagðist vanskilagjald á styrkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/RAGNHILDUR



Eitt með öllu!

Léttbyggt hjólhýsi með fortjaldi með 50.000 króna afslætti

Verð aðeins kr. 1.130.000.-
Frábær greiðslukjör

Tilboðið gildir fram að Verslunarmannahelgi

Helstu mál:
lengd á húsi 305 cm
breidd 195 cm
hæð 181 cm
þyngd 750 kg

WIEWIADOW

Hjólhýsunum fylgja: Fortjald 2 x 3,5 m • 5 kg gaskútur með þrýstijafnara
Hjólgrind fyrir tvö hjól • Vardekk • Tröppur • Tengikapall 220 volt

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

Fyrirtæki skila ekki gjöldum:

Skerða réttindi starfsfólks

KJARAMÁL Aukið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki skila gjöldum til félagsmanna er nú í bígerð á Austurlandi. Starfsgreinafélag Austurlands og samstarfsfélög gangast fyrir áttakinu.

Samkvæmt upplýsingum frá AFLÍ ber nokkuð á því að fyrirtæki komi og fari úr fjórðungnum án þess að standa skil á lögbundnum gjöldum. Í mörgum tilfellum skila þessi fyrirtæki ekki skilgreinum til verkalýðsfélaga og stundum eru félagsgjöld ekki dregin af starfsfólki. Með þessu er hægt að hafa af starfsfólki veruleg réttindi. - hs

Niðurstöður genarannsóknar Konunglega félagsins á Englandi um erfðastofn núlifandi karlkyns Breta:

Englar sagðir hafa fylgt aðskilnaðarstefnu

VÍSINDI Hinn germanski þjóðflokkur Engil-Saxa frá Norður-Evrópu, sem settist að á Englandi upp úr 5. öld, stofnaði lítið aðskilnaðarsamfélag og útilokaði þá Forn-Breta af keltneskum uppruna sem fyrir voru á eyjunum.

Á fréttavef BBC er greint frá niðurstöðum rannsóknar Konunglega félagsins í London, sem hefur komist að því að í erfðastofni núlifandi karlkyns Breta er mikill meirihluti Y-litninga af germönskum uppruna.

Þetta vekur furðu, ef lítið er til þess að fornleifarannsóknir sýna fram á að einungis 10.000

til 200.000 Engil-Saxar hafi sest að á Englandi fram að 7. öld, en þar hafi verið fyrir flokkur Forn-Breta sem voru um tvær milljónir.

Til að skýra hvernig á því stendur að gen svo fárra germána hafa breiðst jafn mikið út smíðuðu vísindamennirnir þá kenningu að aðkomumennirnir hefðu ekki viljað blandast Forn-Bretum og því bannað giftingar flokkanna í milli.

Einnig sýna forn handrit að líf Engil-Saxa vó þyngra en líf Forn-Breta á skálum réttvísinnar. Í skjóli efnahagslegra yfirburða og vígbúnaðar eignuðust germ-

anir síðan fleiri börn, sem komust til aldurs, meðan Forn-Bretum fækkaði.

Fleira en genarannsóknir bendir þó til þessa, segja vísindamennirnir; tungumálið sem er ríkjandi á Bretlandseyjum er að mestum hluta germanskt og heitir enska eða engil-saxneska.

- kóp

ENGLI-SAXNESKUR KONUNGUR Á 8. ÖLD

Hér sést germanskur konungur ásamt skjaldsveini búa sig undir að herja á óvininn, sem kannski var Kelti. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Dönsk rannsókn:

Leiðindi valda atvinnuskiptum

DANMÖRK Danir skipta ekki um vinnu til þess að fá betri laun eða meira atvinnuöryggi, heldur einfaldlega af því að þeim er farið að leiðast í gömlu vinnunni. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem Handelshøjskolen í Árósum lét gera nýverið og hefur verið fjallað um á fréttavef Jyllands-posten.

„Það er ánægjan með tegund starfans sem breytir öllu um hvort fólk segi upp vinnu sinni,“ segir Nicolaj Kristensen, einn þeirra vísindamanna sem stóðu að rannsókninni. „Því minna atvinnuleysi sem er þeim mun gagnrýnni eru launþegar á vinnu sína.“

Danir eru meðal þeirra sem skipta einna oftast um starf um ævina. - smk



BJÖRGUNARVEIT KÖLLUÐ ÚT Leitarmenn gengu fram á manninn við Hvítuhlíð í Bitrufirði. Myndin er ótengd atvikinu í fyrradag.

Leit að einhverfum manni:

Fannst kaldur og blautur

LEIT Þrítugur einhverfur maður, sem varð viðskila við gönguhóp á fjallinu Klakki fyrir botni Kollafjarðar um fjögur leytid í fyrradag, fannst heill á húfi rétt fyrir miðnætti í fyrrakvöld.

Björgunarsveitarmenn gengu fram á manninn við Hvítuhlíð í Bitrufirði og var hann þá orðinn kaldur og blautur. Maðurinn fannst við ytri mörk leitarsvæðisins og til stóð að kalla eftir aðstoð þyrlu landhelgisgæslunnar um það leyti þegar maðurinn fannst.

Alls tóku um fimmtíu björgunarsveitarmenn þátt í leitinni frá fimm björgunarsveitum af svæðinu. Aðstæður til leitar voru góðar, vindur hægur og skyggni gott. - æþe

Hagnaður Sjóvár 4,1 milljarður:

Aukinn hagnaður Sjóvár

AFKOMA Hagnaður Sjóvár af váttrygginga- og fjárfestingarstarfsemi nam 4,1 milljarði króna fyrir skatta fyrstu sex mánuði ársins. Til samanburðar má geta þess að hagnaður nam 1,7 milljarði króna á sama tíma í fyrra.

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, segir mesta ávinninginn í starfsemi Sjóvár vera lækkan rekstrarkostnaðar. Hann segir það hins vegar vonbrigði að aukning hafi orðið á tjóni á ökutækjum en tjónabætur fyrstu sex mánuði ársins eru um tíu prósentum hærri en iðgjöld af ökutækjatrýggingum félagsins. - hs

ERTU MARAÞON-SKEMMTIKRAFTUR?

Auglýsum eftir skemmtikröftum til að gleðja og hvetja þátttakendur í Reykjavíkumaraþoni Glitnis 19. ágúst.

STEMNING Á HLAUPALEIÐUM

Skemmtikraftarnir verða staðsettir meðfram hlaupaleiðum og munu eiga stóran þátt í að skapa þá mögnuðu stemningu sem verður í hlaupinu.

HLJÓMSVEITAMARAÞON Í LÆKJARGÖTU

Eftir maraþonhlaupin kl. 16.00 - 18.30 verður efnt til Hljómsveitamaraðons á stóra sviðinu við hlið útibús Glitnis við Lækjargötu. Hljómsveitir og annað ungt og upprennandi tónlistarfólk er hvatt til að nýta sér þetta einstaka tækifæri til að láta ljós sitt skína.

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

Áhugasamir geta skráð sig á www.glitnir.is/marathon eða með því að senda póst á skemmtikraftar@glitnir.is með upplýsingum um hvaða gjörning þeir ætla að vera með fyrir 10. ágúst nk.

Ekki verður greitt fyrir atriðin en þetta er einstakt tækifæri til að koma sér á framfæri og leyfa heiminum að njóta hæfileika sinna.

REYKJAVÍKUR
MARAÞON
GLITNIS
19. ÁGÚST



GLITNIR

20% afsláttur

1358 kr. kg ~~1698~~

Gourmet villikrydduð ofnsteik

40% afsláttur

479 kr. pk ~~799~~

Móa grillaður kjúklingur 1/1 kaldur

Verzlunarmannahelgi

20% afsláttur

Vestfirskur Krónubitafiskur 100gr

439 kr/pk

30% afsláttur

Krónu skinka

Krónu samlokur

129 kr/stk

15% afsláttur

Krónu hangjalegg

20% afsláttur

Vestfirsk roðlaus ysufisk 400gr

1439 kr/pk

Coke + Maarud

399 kr/pk

25% afsláttur

Griesson gæðakex verð frá

159 kr/stk



Virk Samkeppni

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-18 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 12-19 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 lokað virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 virkir dagar 11-21 laugardagar 11-21 sunnudagar 12-21 Allir dagar 12-23 virkir dagar 11-19 laugardagar 11-20 sunnudagar 11-19 lokað virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 lokað virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 lokað virkir dagar 11-19 laugardagar 11-19 sunnudagar 11-19 lokað

89 kr.
7up - Pepsi - Mix
2L



30%
afsláttur

89 kr.
Egils Orka
1/2 L

1189 kr.
kg
1688
Mexíkó kryddaðar
svínakjöflettur

1189 kr.
kg
1689
Mexíkó kryddaður
svínahnakki



Krónan alltaf hagstæð!

30%
afsláttur



Bökunarkartöflur
í lausu
99
kr/kg



Goða
kartöflusalat
198
kr/pk



50%
afsláttur
útileguvörur



Clubs
saltkex
79
kr/pk



EINNOTA GRILL
Odýrt
199
kr/stk



Grillbakkar
BBQ - 5stk
149
kr/pk



Grillsett
14 hlutir
1498
kr/stk



Kingsford
grillkol 4,5kg
449
kr/stk



Kingsford
uppkveikilögur
449
kr/stk



Alltaf tilbod alla daga

„ORÐRÉTT“

Einfaldar staðreyndir

„Staðreyndir eru einfaldar, við erum of fá til að sinna þessari vinnu.“

Sigurður Björnsson, yfirlæknir á lyflæknigæðild krabbameina, segir ástandið erfitt yfir sumarið vegna sumarleyfa. Fréttablaðið, 3. ágúst.

Engin uppgjöf

„Maður verður að halda áfram hvað sem á dynur og við höldum áfram.“

Valgerður Auðunsdóttir, húsfreyja á Húsatóftum 1, missti um þrjátíu kíló í miklum brunu. Morgunblaðið, 3. ágúst.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
VEIKINDI FIDELS CASTRO



GEIR ÓLAFSSON

Bara gangur lífsins

„Þetta er bara gangur lífsins, menn eldast og verða veikir, og hann er engin undantekning þó hann hafi verið einræðisherra þarna í áratugi,“ segir Geir Ólafsson, söngvari og tónlistarmaður. Fidel Castro, forseti Kúbu, hefur verið veikur og Raúl bróðir hans hefur tekið við embættinu tímabundið.

„Það er ekki nýtt í lífinu að það komi nýr forseti í einhverju landi. Þetta eru kannski tímamót, en ég held að það breytist lítið við þetta. Ég hef aldrei komið til Kúbu og ég er lítið fyrir kommúnisma. Mér skilst hins vegar á þeim sem hafa búið þar eða heimsótt landið að það fari tvennum sögum af því. Þrátt fyrir að þetta sé kommúnistaríki held ég að það sé vel rekið, en gæti verið enn betra ef það væri frjálst.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ELÍSBET JÖKULSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

Ég er ekki skotin í neinum

„Bara allt fint sko, ég er ekki skotin í neinum,“ segir rithöfundurinn og leikskáldið Elísabet Jökulsdóttir. „Það er ákveðinn friður í höfðinu, en ég hef oft notað ástina sem innblástur og það er kannski bara algjör óþarfi.“

Þessa dagana skrifar Elísabet ástar- og spennusögu sem hún segir að gangi vel þrátt fyrir skort á rómantík í hennar lífi um þessar mundir.

Elísabet skrifaði leikrit í byrjun sumars og sendi út í leikritakeppni í New York sem heitir The Pen is the Mighty Sword. „Leikritið er um fugl, móður og dóttur sem sitja við borð og mæðgurnar velta fyrir sér hvaða fugl þetta sé,“ segir leikskáldið spurt um innihald verksins. Elísabet segist hafa mjög gaman af að skrifa leikrit á erlendu tungumáli. „Tungumálið er eins og heimur, eða land sem maður fer inn í og þá gerist eitthvað allt annað en ef maður væri að skrifa á íslensku.“

Úrslit í leikritakeppninni verða kunngjörð á haustmánuðum. Í verðlaun eru tvö þúsund bandaríkjadalir og uppsetning á leikverkinu. Elísabet er nokkuð bjartsýn á gengi

sitt í keppninni. „Ég held ég muni vinna sko,“ segir Elísabet og hlær.

Þátttaka í keppninni segir Elísabet vera síðustu tilraun sína að öðlast heimsfrægð í bili. „Nú ætla ég að gera bara eins og strákarnir í Sigur Rós og reyna að skilja eitthvað eftir mig og hætta að hugsa um að verða fræg í útlöndum. Maður er bara manneskja og maður verður svo gagntekinn af því að leita stanslaust eftir viðurkenningu annarra. En ég er bara svo skemmtileg og hef frá svo mörgu skemmtilegu að segja að ég hef alltaf viljað að sem flestir fái að heyra það,“ segir Elísabet.



Orf og ljár í sextíu og fimm ár

Það er orðið allsaldgæft að sjá menn slá með orfi og ljá en blaðamaður Fréttablaðsins var svo heppinn að rekast á bónda sem var við þá iðju rétt utan við höfuðborgina. Sá kunnir einnig skrautlegar sögur af afkastasömum og snjöllum sláttumanni.

„Ég er alinn upp í Svarfaðardal og þar var ég látinn slá níu ára gamall og þótti orðið alldrjúgur sautján ára gamall,“ segir Þorgrímur Guðmannsson sem sló með orfi og ljá á túninu við Hólum við Suðurlandsveg. „Ég er með tvo hesta og fæ að hirða af smá skika hérna fyrir þá,“ segir hann og lítur á hestastóð sem er þarna fyrir neðan, innan girðingar, þar á meðal eru hestarnir hans Þorgríms. „Það bregst ekki að þegar ég kem hingað þá eru hestarnir fljótir að koma til mín.“

Hann segir það ekki erfitt að slá með orfi og ljá en þó séu ekki margir sem kunnir til þeirra verka lengur. „Aðalatriðið er að búa vel í hendurnar á sér, vera með gott verkfæri og kunna að brýna það,“ segir hann og grípur um bóna-karlinn og neðri hæl og fer að slá. „Það er eins og með hann Magnús sálarháskan hér í gamla daga, hann var svo snöggur að slá að meðan



HANN KANN TÖKIN Á BÓNAKARLI OG NEÐRI HÆL Þorgrímur Guðmannsson kann vel að beita orfi og ljá en spurning er hvort hann hefði staðist Magnúsi sálarháskan snúninginn sem sló á við tvo og lék svo á kaupakonurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

aðrir byrjuðu á mánudegi þá byrjaði hann ekki fyrr en á miðvikudegi og afkastaði þó meir en aðrir. En það mátti heldur enginn sjá til hans meðan hann var að dengja ljáinn en það er kallað að dengja þegar menn slá ljáinn til á stöðja og fá á hann gott bit. Ekki var nóg með að Magnús væri afkastamikill þegar hann loks tók til hendinni heldur var hann oft úrræðagóður þegar aðrir vildu leika á hann. Kaupakonunum var til dæmis meinilla við það hvað hann var fljótur því þær voru að hirða

heidi eftir hann. Þær afréðu því að gefa honum laxerolíu í matinn en þá fór hann úr buxunum og sló berleggja meðan það lak úr afturendanum á honum og ofan í heidi sem kaupakonurnar þurftu að hirða upp svo þetta misfórst aldeilis hjá þeim.“

Þorgrímur býr nú í Árbænum en hann bjó áður meðal annars á Seyðisfirði en þá var hann með um þrjátíu kindur sem gengu í Loðmundarfirði. „Ég hef víða starfað við bústörf og farið yfir marga fjallgarða bæði fyrir austan og

norðan, ég þótti vel liðtækur í því. En svo var ég líka hjá Geira í Eskihlíð við Nýbýlaveg í Kópavogi.“

Þorgrímur verður 76 ára í næsta mánuði og ekki verður betur séð en hann sé við hestaheilsu og fer hann fimlega yfir girðingar þar sem ungur blaðamaður lendir í mestu vandræðum. Hann vill þó ekkert um það segja hvort iðjan við orfið og ljáinn sé ástæðan fyrir góðri heilsu. „En þetta er alla vegana ekki slæm iðja,“ segir hann og grípur um bóna-karlinn og neðri hæl. jse@frettabladid.is

Vertu klár í allt



stærðir: 24 - 48

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

SMÁRALIND - KRINGLAN

Barist fyrir fjölmennunguna

„Við sjáum það á fjölmörgum dæmum undanfarið að kynþáttfordómar viðgangast í samfélaginu og við verðum að bregðast við því,“ segir Akeem Cujo Oppong, formaður Panorama-samtakanna sem berjast fyrir fjölbreyttu samfélagi og gegn kynþáttfordómum og mismunum. „Við sáum þetta til dæmis á framferði áhangenda FH fyrr í sumar þar sem þeir hrópuðu fúkyrði að einum leikmanni sem var ekki af sama kynþætti og þeir. Svo var annað slíkt tilfelli þar sem leikmenn virtust níða menn niður fyrir að vera af öðrum kynþætti.“

Panorama-samtökin hafa staðið fyrir fundum og kynningum í baráttu sinni en nú hyggjast samtökin standa fyrir auglýsingaherferð sem vekja á fólk til umhugsunar um þessi mál.

Margt hefur breyst í þessum málaflökki frá því að Akeem, sem er frá Ghana, kom hingað fyrst



AKEEM CUJO OPPONG

fyrir ellefu árum. „Ég hafði þá búið í London sem er heimsborg, en þegar ég kom hingað fannst mér eins og ég væri kominn til tunglsins,“ segir hann og hlær. „Það að vera hvarvetna eini litadi

maðurinn á svæðinu var svolítið þrúgandi en mér var tekið mjög vel og ég kann mjög vel við mig sem sést best á því að ég ætlaði bara að vera í einn mánuð en nú eru liðin ellefu ár. -jse

ÚTVÖRÐ
HLJÓMBORÐ
HEYRNARTÓL
HÁTALARAR
MP3 SPILARAR
LCD SJÓNVÖRP
DVD SPILARAR
PLASMA SJÓNVÖRP
SJÓNVARPSTÆKI
MAGNARAR
BÍLMAGNARAR
BÍLHÁTALARAR
BÍLTÆKI
MYNDAVÉLAR
FERÐATÆKI
SÍMAR

URISÁ UTSALA

MEIRA EN 700 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

BROT AF ÞVÍ BESTA

INDESIT ÞVOTTAVÉLAR á ótrúlegu verði

VESTFROST FRYSTIKISTUR á frábæru verði

WHIRLPOOL kæliskápar með miklum afslætti

HÁRBLÁSARAR frá kr. 695 og SLÉTTUJÁRN frá kr. 995

BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR, HANDÞEYSTARAR og fleira frá kr. 995

NAD HLJÓMTÆKI og DALI HÁTALARAR með miklum afslætti

PHILIPS HEIMABÍÓSETT með allt að 40% afslætti

42" SJÓNVÖRP með allt að 100.000 kr. afslætti

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur - fyrstur fær!



Heimilistæki

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exDo
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFRÖST Whirlpool

Gómsætt grillveisla

alla helgina

í Nóatúni

Úr
Kjötborði
Nóatúns

41%
afsláttur

Sparaðu
700 kr.

NÓATÚNS ÞURRKRYDDAÐ
LAMBALÆRI

998 kr. kg

90 g
ungnautahamborgarar
79 kr. stk.

SS Pylsupartý

799 kr.

SS PYLSUPARTÝ
ALLT Í EINUM PAKKA

799 kr. pk.

25%
afsláttur

SS BBQ GRÍSA PARTÍRIF
ELDSNÖGG Á GRILLINU

898 kr. kg.

30%
afsláttur

NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR

1.609 kr. kg.

Tvennutilboð!

2 l. Pepsi eða
Pepsi Max,
og flögupoki

399 kr.

KNORR
BOLLASÚPUR

129 kr. pk.

20%
afsláttur

SÝSLUMANN'S
KONFEKT
HARÐFISKBITAR

295 kr. pk.

Tszzz

AVÚMPP

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

25%

afsláttur



MÓA
KJÚKLINGABRINGUR

1.999 kr. kg



Úr
Kjötborði
Nóatúns

GRILLSPJÓT
LAMBAINNRALÆRI
TOSKANA

598 kr. stk.



Úr
Fiskborði
Nóatúns

STÓRLÚÐUSTEIK
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

1.498 kr. kg.



Frábær tilboð!

NÓATÚNS SALÖT OG SOÐIÐ HÚSAVÍKUR HANGILÆRI
Nú er lag að nestu sig upp fyrir helgina!



Náttúru salöt

NÁTTÚRU SALÖT
Kjarngott meðlæti með grillsteikinni!



Ferskur og nektarínur
sumarsælgæti
fyrir fjölskylduna

5 á dag

Allt sem þú þarft
í grillferðalagið



Falleg og vönduð plastglös
í ferðalagið



GRILLBAKKAR
5 STK.

169 kr. pk.


...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

Svona erum við

> Heildarvelta endurvinnslufyrirtækja í milljónum króna.



Heimild: Hagstofa Íslands.

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Ef launafólk fer illa út úr gjaldþroti

Ábyrgðasjóður launa er sjóður innan Vinnu-málastofnunar, sem ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrissjóðisgjöld í bú vinnuveitenda sem rekur starfsemi hér á landi.

Hvenær getur Ábyrgðasjóður gripið inn í?

Eftir að Ábyrgðasjóði launa berst umsögn og kröfuskrá skiptastjóra tekur sjóðurinn að öllu jöfnu afstöðu til krafna innan fjögurra vikna. Ábyrgð sjóðsins nær til þeirra krafna sem hafa gjaldfallið á síðustu 18 mánuðum fyrir gjaldþrotáurskurð vinnuveitenda eða réttur hefur unnist til þeirra á því tímabili. Ábyrgð sjóðsins er þó háð því

skilyrði að kröfurnar hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti. Kröfur framkvæmdastjóra og stjórnarmanna hins gjaldþrota fyrirtækis njóta ekki ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa, sama gildir



um eigendur að verulegum hlut í fyrirtækinu. Sjóðurinn er því fyrst og fremst fyrir launþega sem fara illa út úr gjaldþroti.

Hvað getur hindrað fulla greiðslu?

Ábyrgðasjóður má hafna kröfum maka og annarra skyldmanna framkvæmdastjóra, stjórnarmanna eða eigenda ef greinilegt er að kröfur þeirra eru óréttmætar vegna þessara tengsla. Einnig er heimilt að lækka greiðslu úr sjóðnum ef krafan telst óeðlilega há miðað við það starf sem kröfuhafi gegndi, starfstíma hans og þau launakjör sem tíðkast í viðkomandi starfsgrein eða eftir atvikum í hinu gjaldþrota fyrirtæki. Verktakar eiga ekki rétt á greiðslu úr sjóðnum enda njóta kröfur þeirra ekki forgangsréttar samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum.

SPURT OG SVARAÐ

ÖRYGGI HESTAFÓLKS

Áróður fyrir öryggisreglum

Nokkur slys urðu á hestamönnum um síðustu helgi og slaðasist erlend kona nokkuð alvarlega þegar hún féll af baki. Einar Bollason, framkvæmdastjóri Íshesta, segir fyrirtækið leggja mjög mikla áherslu á öryggismál enda með marga viðskiptavini.

Hefur slysið aukist?

Nei, ég hef ekki trú á hún sé að aukast í prósentum en það hefur orðið gífurleg aukning í hestamennsku á landinu, bæði hjá Íslendingum með eigin hesta og svo hefur náttúrulega verið alveg gífurleg sprenging hjá ferðamönnum. Hvað ferðabjónustuna snertir vona ég persónulega að þetta sé í rénum vegna þess að það hefur verið rekinn mikill áróður fyrir öryggisreglum.

Hvernig má verjast slysum?

Fyrsta skilyrðið er náttúrulega að fara eingöngu á hestbak hjá viðurkenndum fyrirtækjum á þessu sviði þar sem hægt er að treysta því að vel sé hugsað um fólk og auðvitað skiptir hjálmurinn miklu máli.

Hvernig slys eru algengust?

Hjá óvönnum verða óhöppin oft þannig að ef hestur hrasar aðeins að þá dettur fólk fram af hestinum;



EINAR BOLLASON

hestar hrasa oft og iðulega svona bara aðeins og vanur reiðmaður bara kippir þeim upp, en óvanur maður dettur við þetta áfram og af baki.

Huldumaður tekur við sagnakenndum leiðtoga

Fídel Kastró afsalaði sér völdum tímabundið í hendur varnarmálaráðherra Kúbu á dögnum. Um Raúl Kastró er lítið vitað, miðað við að ævisaga hans er hluti opinberrar sögu Kúbu.

Þegar Fídel Kastró var tíu ára var hann nær dauða en lífi vegna botnlangabólgu. Hann komst margoft í lífshættu í byltingunni, til dæmis var hann skilinn eftir fyrir utan herstöð andstæðinganna þegar hálfgerð sjálfsmorðsárás mistókst árið 1953 og samherjar hans flýðu. Óvinaherinn leitaði á meðal fallinna byltingarmanna, en þeim sást yfir einn. Síðan hefur hvert atvikið rekið annað til að festa ímynd ódauðleika við Fídel Kastró.

Hann mun hafa lifað af eða séð fyrir ein 638 tilræði við líf sitt og þótt Kastró hafi hætt að reykja árið 1985, var umræða um mögulegan dauðdaga hans næsta lítil á Kúbu, fyrr en hann féll í yfirliði árið 2001.

Vendipunktur

Bandarískur öldungardeildarþingmaður lét þau orð falla á dögnum að í bandarískri utanríkisstefnu hefði ekki verið reiknað með veikindum hins áttæða gamalmennis, þau hafi komið öllum á óvart. Í augum alheimsins eru Kastró og Kúba eins og sín hliðin hvor á



BER ER HVER AÐ BAKI Kastró-bræðurnir ráða ráðum sínum á Kúbuþingi í desember 2004. Raúl er sá maður sem Fídel treystir best.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sama peningnum: óaðskiljanleg.

Því er það vendipunktur í langri og flókinni sögu Kúbu þegar for-

seti til 47 ára felur öðrum manni stjórnartaumana. Hvort sem Fídel nær sér á næstu dögum eður ei, þykir fullsannað að hann verði ekki við völd að eilífu. Næstráðandi á Kúbu síðustu áratugina hefur verið Raúl Kastró, litli bróðir goðsagnarinnar.

Skuggahlíð tunglsins

Raúl Kastró er yngstur fimm systkina. Með þykk gleraugu, höfðinu minni og fimm árum yngri hefur hann ætíð staðið í skugga bróður síns. Ævisaga hans er næstum samhljóða sögu Fídel, því þeir hafa verið samrymdir alla tíð. Þeir gengu í sömu skólana, börðust saman gegn Batista og sátu saman í fangelsi. Í 47 ár hafa þeir stjórnað Kúbu í mesta bróðerni.

Raúl lærði félagsvísindi og gekk ungur í kommúnistasamtök, á undan stóra bróður sínum. Hann þótti standa sig vel sem skæruliðaforingur og varð þekktur fyrir að stjórna aftöku sjöttu hermanna Batista í byltingunni.

Aðdáandi „kínversku leiðarinnar“

Frá sigri byltingarinnar hefur Raúl verið einn af æðstu embættismönnum Kúbu og er þaulsetnasti varnarmálaráðherra heims og stjórnar herafra fimmtíu þúsund manna. Hann kom fljótt á góðu sambandi við Sovétríkin og var lengi vel talinn meiri „harðlínumaður“ en Fídel. Eftir fall Sovétríkjanna hefur hann hins vegar komið út úr skápnunum sem aðdáandi „kínversku leiðarinnar“ og árið 1994 lýsti hann yfir vilja til að koma á takmörkuðu markaðskerfi á Kúbu. Þrátt fyrir efasemdir Fídel

NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT!



VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIRIS



ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000

ÆVIHLAUP VARNARMÁLARÁÐHERRANS

1931 Raúl Kastró Ruz fæðist hinn 3. júní.

1953 Leggur stund á félagsvísindi og gengur í sósíalísk æskulýðssamtök.

26. júlí 1953

Tekur þátt í misheppnaðri uppreisn gegn Batista einræðisherra; áhlaupi á Moncada-herstöðina, ásamt bróður sínum. Bræðurnir teknir til fanga en náð- aðir tveimur árum seinna.

1955 Fer til Mexíkó ásamt Fídel til að endurskipuleggja samtök, kennd við 26. júlí, og breyta þeim í agaða skæruliðaheyfingu.

2. des. 1956 Fídel, Raúl og 80 uppreisnarmenn sigla frá Mexíkó til Kúbu á skútunni Granma (Amma). Þeir villast og lenda í fyrirsát. Eftirlifendur flýja til fjalla og hefja skæruluða.

1958 Leiðir hóp skæruliða og dregur nýja víglínu á norðausturluta Kúbu.



Raúl ásamt Che Guevara í kúbversku byltingunni, júní 1958

1959 Batista flýr Kúbu. Fídel gengur sigurgöngu inn í Havana. Raúl er nefndur varaforseti ríkisráðs Kúbu og yfirmaður herafllans. Árið 2006 er hann þaulsetnasti varnarmálaráðherra heims.

Myndir: Associated Press



Raúl er álitinn meiri harðlínumaður og minni sjarmör en Fídel.

1962 Heimurinn á barmi kjarnorkustríðs í Kúbudeilunni, en upphaf hennar má rekja til heimsóknar Raúls til Sovétríkjanna. Þar var honum lofað kjarnavopnum.

1970-84 Einn lykilmanna kúbverskra herferða í Eþíópíu og Angóla.

1991 Vinnur að lausn á efnahagsvanda Kúbu, í kjölfar hruns Sovétríkjanna.

1997 Er opinberlega útnefndur sem eftirmaður Fídel.

2000 Kemst í sviðsljósið í sjö mánaða langri millríkjadeilu Kúbu og Bandaríkjanna um Elíjan Gonzalez, kúbverskan dreng í Flórída.

2001 Hvetur Bandaríkjamenn til að rétta Kúbverjum sáttarhönd áður en Fídel deyi.

31. júlí 2006 Fídel fer í skurðaðgerð og Raúl tekur við stjórnartaumunum á meðan.

© GRAPHIC NEWS

Átök í Aftanistan:
Fleiri hermenn NATO falla

AFGANISTAN, AP Meintir skæruliðar talíbana drápu þrjá kanadíska NATO-hermenn og særðu sex með því að skjóta að þeim sprengikúlum úr launsátri í útjaðri Kandahar í Suður-Afganistan í gær.

Fyrr í gær dó kanadískur NATO-hermaður og fjórir særðust er sprengja sprakk í vegarbrún þar sem hermennirnir óku. Tuttugu og einn óbreyttur borgari, allt Afganar, létu lífið í sjálfsmorðs-bílsprengjutílræði á markaði í bænum Panjwayi, um 25 km utan við Kandahar.

Skæruliðar hafa sótt daglega að NATO-hermönnum í Suður-Afganistan síðustu daga. -aa

Kamfýlóbaktensýkingum í kjúklingum fjölgaði til muna í júní eftir sýkingalíttinn maímánuð að sögn yfirdýralæknis:

Um 20 prósent sýna reyndust vera sýkt

HEILBRIGÐISMÁL Kamfýlóbaktensýkingum í kjúklingum fjölgaði umtalsvert í júnímánuði. Af þeim sýnum sem voru tekin úr kjúklingabotnlöngum í byrjun júní reyndust um tuttugu prósent sýkt, en bakterían fannst nánast ekkert í maí.

„Þetta er það sem hefur verið að gerast hjá okkur og eiginlega víðast hvar í heiminum þar sem verið er að fylgjast með þessu og berjast við það,“ segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir. Hann segir tíoni kamfýlóbakter sveiflast eftir árstíðum, þannig að tíðnin vaxi þegar hlýna taki í veðri.

„Við höfum ekki skýringuna,“ bætir hann við. „Á Nýja-Sjálandi,

þar sem fer að vora og sumra, þegar hausti hallar hjá okkur, er þróunin alveg sú sama. Þetta er eitthvað sem tengist hlýnandi lofti.“

Halldór segir menn gruna að flugur eigi einhvern þátt í vaxandi tíðni með hlýnandi veðri. Þótt síur séu á öllum víftum í eldisstöðvunum geti flugurnar ef til vill síast þar inn. Þá eigi fuglar til að setjast á þök. Allt hafi þetta verið rannsakað en engin ein ástæða fundist.

Mikið hefur áunnist í baráttunni við þennan vágast hér á landi, því þegar tíðnin var mest, sumarið 2003, reyndust yfir sjötíu prósent sýna sýkt.



KAMFÝLÓBAKTER Sýnum sem reynast sýkt fjölga þegar hlýna tekur í veðri. Yfirdýralæknir segir menn gruna að flugur eigi þátt í vaxandi tíðni sýkinga.

„Þetta hefur gengið frábærlega vel miðað við hvernig staðan var þegar hún var verst,“ segir yfirdýralæknir. -jss

af goð-
Kúbu



RAÚL KASTRÓ Mynd tekin á byltingarárunum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



GOÐSÖGNIN Fidel með vindilinn í viðtali árið 1985. FRÉTTABLAÐID/AP

els, barðist Raúl fyrir því að bændur mættu setja á stofn markaði til að selja umframframleiðslu sína og bar sjálfur ábyrgð á framkvæmd þess.

Dversagnakenndar væntingar

Í viðtali við BBC sagði Raúl að Kúbverjar muni kynnast auknu lýðræði eftir daga Fídel. Hann hefur og ýjað að mögulegri fámennisstjórn Kommúnistaflokksins.

Í augum margra hefur Raúl ásjónu hins önu skaðfinns og er alls ekki búist við því að hann verði sérstakur áhugamaður um að gefa andófsmönnum lausan tauminn. Þrátt fyrir það er hann kenndur við frjálslyndar skoðanir. Dóttir hans er gjarnan notuð sem dæmi um umburðarlyndi hans í samfélagsmálum, hvort sem það er réttmætt eða ekki, en hún er kynlífsfræðari og baráttukona fyrir auknum réttindum klæðskiptinga.

Raúl þykir sveigjanlegri en Fídel í utanríkismálum. Hann hvatti þó Bandaríkin eitt sinn til að semja um frið við Kúbverja meðan Fídel lifði, eftir andlát hans (og valdatöku Raúls) yrðu sættir mun torsóttari. Framtíð Kúbu er því óljós enn um sinn og spennan ekki verið meiri í stjórnmálum eyrakisins síðan í Kúbudeilunni árið 1962, þegar heimurinn stóð á barmi kjarnorkustríðs.

FRÉTTASKÝRING
KLEMENS PRASTARSON
klemens@frettabladid.is

OPNUNARTÍMAR UM HELGUNA

SELFOSS • MOSFELLSBÆR

Opið alla dagana.

HAFNAREJÖRÐUR • REYKJAVÍK • KÓPAVOGUR • KEFLAVÍK

Opið á föstudag og mánudag. Lokað á laugardag og sunnudag.

ROCK STAR LEIKURINN

í fullum gangi

Upplifðu úrslitabáttinn á Rock Star: Supernova í stemningunni í salnum í Los Angeles!

Fjórir heppnir viðskiptavinir KFC geta unnið miða til Los Angeles á úrslitabáttinn í Rock Star: Supernova í boði KFC og Pepsi Max.

Öllum KFC máltíðum með Pepsi Max fylgir þátttökuseðill og verða nöfn vinningshafa birt á **SKJÁEINUM**.

ALDURSTAKMARK 18 ÁRA.

Rollaðu með Pepsi Max og KFC!

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.315 +0,17% Fjöldi viðskipta: 249
Velta: 6.152 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Flaga 3,49%
Marel 2,15%
Glitnir 1,75%

MESTA LÆKKUN

↓ Atorka 3,31%
Vinnslust. 1,18%
KB-banki 0,42%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Activis 61,70 +0,82% ... Alfesca 4,06 +0,00% ... Atlantic Petroleum 566,00 +0,00% ... Atorka 5,85 -3,31% ... Avion 32,30 +0,00% ... Bakkavör 48,10 +0,42% ... Dagsbrún 5,27 +0,00% ... FL Group 15,70 +0,64% ... Glitnir 17,40 +1,75% ... KB banki 707,00 -0,42% ... Landsbankinn 20,80 +0,00% ... Marel 76,00 +2,15% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,59% ... Straumur-Burðarás 15,70 +0,00% ... Össur 106,00 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Fastagesturinn á Bloomberg

Bjarni Ármannsson er greinilega orðinn fastagestur á Bloomberg þegar bankinn birtir uppgjör sín. Bjarni mætti í viðtal nú og var að vonum sáttur, enda uppgjör bankans mjög gott. Að vanda stóð hann sig með sóma. Það er ekki sjálfgefið að komast á gestalistann hjá Bloomberg og CNBC, en Bjarni mætti á miðvikudag hjá báðum þessum stöðvum. Upphægla var það almannatengillinn Björn Richard Johansen í Noregi sem kom þessu á. Hann reyndist betri en enginn í viðbrögðunum við neikvæðri umræðu um bankana. Það er ekki nóg að komast í þættina og greinilegt á að Bjarni hefur skorað síðast, því hann er á góðri leið með að vinna sér sess sem fastagestur.

Undir oki hlaupagikkjanna

Við sem heima sitjum, og kunnum því vel, eigum bággt með að skilja þá

gleði sem menn finna í því að skakklappast sprengmóðir eftir strætum borgarinnar með númer hengd utan á sér. Helst gæti manni dottið í hug að markmiðið sé að sjá nafnið sitt í blöðunum einhvers staðar aftarlega á listanum þegar úrslit Reykjavíkurmaraþons eru birt. En þar sem umburðarlyndi er dyggð er nauðsynlegt að hafa máttulegan skilning á því að uppspretta gleði í lífi manns getur verið með ýmsu móti. Þannig mun það nær sanni að margir starfsmenn Glitnis, með forstjórnann í farabroddi, hafa mikla ánægju af því að hlaupa. Glitnir er styrktaraðili Reykjavíkurmaraþonsins. Stemningin innanhúss er gríðarleg fyrir maraþonið, en innan um eru örugglega margir sem finnst þetta hund andskoti leiðinlegt. Stemningin í húsinu er samt þannig að leitun er að þeim sem fæst til að viðurkenna það.



MARKAÐSPUNKTAR...

Gengi íslensku krónunnar styrktist um 0,73 prósent í gær og endaði gengisvísitalan í 124,91 stigum í kjölfarið á útgáfu jákvæðrar skýrslu matsfyrirtækisins Moody's um íslenska bankakerfið.

Línuskip ehf., sem er í eigu Guðmundar Kristjánssonar, varamanns í stjórn Vinnslustöðvarinnar, hefur aukið hlut sinn í Vinnslustöðinni úr 3,04 prósentum í 7,48 prósent. Nemur kaupverðið um 295 milljónum króna.

Activis hefur fengið samþykki bandarísku Matvæla- og lyfjastofnunarinnar fyrir markaðsleyfi á gígartarfinu Meloxicam. Meloxicam er samheitalyf frumlyfsins Mobic frá fyrirtækinu Boehringer Ingelheim.



BILASTÆÐUR Greiningardeild Glitnis telur að samdráttur á sölu bifreiða sé til marks um niðursveiflu í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samdráttur í bifreiðasölu

Fjórðungs samdráttur hefur orðið á sölu nýrra bifreiða. Merki um niðursveiflu segja sérfræðingar.

Sala bifreiða dróst saman um tuttugu og þrjú prósent í júlí á þessu ári miðað við sama tíma í fyrra. Seldar voru tæplega fjórtán hundruð nýjar bifreiðar í júlí. Sala nýrra bifreiða dróst saman um fimmtán prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra.

Allt stefnir í að um sextán þúsund nýjar bifreiðar verði seldar í ár. Gangi spáin verður árið í ár það þriðja sölumesta frá upphafi. Árið 2005 var metár, en þá voru

seldar rúmlega átján þúsund bifreiðar.

Fram kemur í Morgunkornum greiningardeildar Glitnis að ríflega tíu prósent viðskiptahallans í fyrra hafi mátt rekja til bifreiðasölu. Nú sé samdráttur í bifreiðasölu til marks um að framundan sé niðursveifla í efnahagsmálum.

Einnig segir að fjöldi bifreiða hafi aukist verulega undanfarin ár og nú sé svo komið að um 1,85 íbúi sé um hvern fólksbíl sem í umferð er.

37 milljarða yfirtökutilboð

Dótturfélag Avion Group hefur gert 37 milljarða króna yfirtökutilboð í kanadískt kælifyrirtæki. Gangi kaupin eftir mun velta Eimskips nánast tvöfaldast.

Avion Group hyggst gera formlegt yfirtökutilboð í kanadíska félagið Atlas Cold Storage. Tilboðið er gert fyrir hönd nýstofnaðs dótturfélags Avion, Eimskip Atlas Canada, og hljóðar upp á rúma 37 milljarða íslenskra króna eða sem nemur rúmum 443 krónum á hlut.

Atlas Cold Storage rekur fimmtíu og þrjár frysti- og kæligeymslur í Norður-Ameríku. Velta félagsins nam rúmum þrjátíu milljörðum króna árið 2003. Starfsmenn félagsins eru um fjögur þúsund og fimm hundruð. Félagið er skráð í Kauphöllinni í Toronto.

Í tilkynningu frá Avion Group segir að Eimskip Atlas Canada hafi nú þegar gert hluthafasamkomulag við tvo stóra hluthafa í Atlas Cold Storage sem tryggja þeim um 13,9 prósent hlutfjár í félaginu.

Þá segir að gengið hafi verið frá fjármögnun yfirtökunnar að fullu. Fjármögnun verði í höndum kanadíska bankanna Royal Bank of Canada og Canadian Imperial Banking. Að öðru leyti er tilboðið háð hefðbundnum skilyrðum auk samþykkis samkeppnisyfirlvalda í Bandaríkjunum og Kanada.

Gangi kaupin eftir mun velta Eimskips nánast tvöfaldast og verður um sjöttíu milljarðar króna



MAGNÚS ÞORSTEINSSON Stjórnarformaður Avion Group telur tilboð í Atlas Cold Storage vera sanngjarnt. Stefnt er að því að ljúka kaupunum og að samhæfa rekstur Atlas og Eimskipa.

á ársgrundvelli. „Tilboð okkar er sanngjarnt verð fyrir Atlas Cold Storage. Við stefnum að því að ljúka þessum kaupum og leitast eftir að samhæfa rekstur Atlas við Eimskip. Það er hins vegar núverandi hluthafa Atlas að leggja mat á tilboð okkar,“ sagði Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion Group.

Eimskip er dótturfélag Avion Group og rekur nú átta og átta skrifstofur í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Félagið rekur þrjátíu og sex skip og sex hundruð flutningabíla. Avion Group starfrækir nú hundruð og tíu skrifstofur víðsvegar um heim og eru starfsmenn um sex þúsund og fimm hundruð.

Vextir hækka í Evrópu

Stýrivextir á evrusvæðinu standa nú í þremur prósentum eftir að Seðlabanki Evrópu hækkaði vexti um fjórðung úr prósent.

Greiningaraðilar höfðu flestir séð hækkinguna fyrir enda verðbólga á evrusvæðinu 2,5 prósent, sem er hálfu prósentu yfir verð-

bólumarkmiði bankans. Þá hefur bjartsýni neytenda á evrusvæðinu ekki verið meiri síðan snemma árs 2001.

Þetta er í fjórða skipti á átta mánuðum sem Seðlabanki Evrópu hækkar vexti.

Morgan Stanley vill aðgreina bankana

Léttara yfir Morgan Stanley í kjölfar uppgjöra. Glitnir sagður vera í sérflokkum af íslensku bönkunum.

Léttara er yfir sérfræðingum fjármálafrýrtækisins Morgan Stanley eftir að viðskiptabankarnir birtu ársfjórðungsuppgjör sín en þeir eru ekki tilbúnir að fagna of snemma. Í skýrslu greiningardeildar bankans kemur fram að uppgjör íslensku bankanna á öðrum árshluta hafi hvorki verið hræðileg né góð.

Nú sé kominn tími til að aðgreina bankana hvern frá hinum en áhyggjur markaðsaðila yfir ýmsum þáttum í starfsemi bankanna hafi ekki átt við alla.

Að mati Morgan Stanley liggja bestu kaupin í skuldabréfum bankanna í Glitni sem talinn er bera höfuð og herðar yfir hina bankanna um þessar mundir. Býst greiningardeildin við því að rekstur Glitnis verði stöðugri en hinna

og uppgjör hans markist hvorki af gengistapi né einskiptishagnaði. Virðist svo vera að Morgan Stanley horfi fram hjá einskiptishagnaði Glitnis af sölu eignarhlutar í Sjóvá.

Samkvæmt því eigi vaxtaálag á fimm ára skuldabréfum Glitnis að vera tuttugu punktum fyrir neðan bréf KB banka og Landsbankans.

Greiningardeildin telur einnig vera góð kaup í bréfum KB banka sem eru þau ódýrustu miðað við núverandi vaxtaálag. Mælt er með markaðsvogun á bréfum Landsbankans.

Um uppgjör bankanna á öðrum árshluta annars ársfjórðungs segir annars í skýrslunni að Glitnir hafi skilað góðum tölum, Landsbankinn verið á áætlun en KB banki valdið vonbrigðum.

Einnig kemur fram að sala KB banka á 30 prósentu hlut í Exista á dögunum hafi verið sterkur leikur fyrir komandi átök. Morgan Stanley gerir ráð fyrir að á þessum ársfjórðungi fari álag á skuldabréf bankanna að segja til sín í auknum tilkostnaði þeirra við að fjármagna útlán sín.

STAÐA Á ENDURFJÁRMÖGNUN BANKANNA

	2006	2007
Glitnir	Lokið	Hafa tryggt sér fjármögnun fyrir 1,3 milljarða evra af 2,7 millj.
KB banki	Lokið hjá móðurfélagi	Hafa tryggt sér 1,5 milljarða evra af 3,5 millj.
Landsbankinn	Nýlokið	Hafa tryggt sér lítinn hluta af 2,6 milljörðum evra

Heimild: Morgan Stanley

SKRÁNINGARLÝSING FL GROUP HF.

FL Group hf., kt. 601273-0129, Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík hefur gefið út skráningarlýsingu vegna útgáfu 1.803.956.507 hluta í félaginu 2. ágúst 2006. Hlutirnir eru í sama flokki og þegar útgefnir hlutir. Hlutirnir verða skráðir í Kauphöll Íslands hf. 4. ágúst 2006.

Hlutunum verður ráðstafað til greiðslu fyrir hluti í Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf, samanber tilkynningu dags. 28. júní 2006.

Heildarhlutafé eftir aukninguna verður 7.944.985.920 hlutir. Skráningarlýsingu er hægt að nálgast á heimasíðu Kauphallar Íslands, news.icex.is og á heimasíðu útgefanda, www.flgroup.is. Afrit af skráningarlýsingu á pappír má óska eftir hjá FL Group hf., Suðurlandsbraut 12, 108 Reykjavík.

Reykjavík, 4. ágúst 2006



FL GROUP



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN Tjónakostnaður og tap á innlendum fjárfestingum skýra tap Tryggingamiðstöðvarinnar.

TM tapar 624 milljónum

Tryggingamiðstöðin (TM) tapaði 624 milljónum króna á fyrri helmingi ársins, en hagnaður á sama tímabili í fyrra nam tæpum þremur milljörðum króna. Tap TM á öðrum ársfjórðungi nam 1,25 milljörðum króna.

Óskar Magnússon, forstjóri TM, segir afkomu félagsins endurspegla þá þróun sem orðið hafi á hlutabréfamarkaði síðustu mánuði. Tap hafi orðið á mörgum innlendum fjárfestingum á fyrri helmingi árs.

Þá jukust eigin iðgjöld TM um átján prósent fyrstu sex mánuði árs miðað við sama tíma í fyrra auk þess sem tjónakostnaður jókst um þrjátíu og fimm prósent.

„Það er jákvætt að sjá góðan vöxt í tekjum félagsins. Tjónakostnaður vex hins vegar enn meira. Leita verður allra leiða til að draga úr honum,“ sagði Óskar Magnússon.

- jsk



VILJA SELJA HLUT Í HERTZ Fjárfestingasjóðir munu græða á Hertz.

Hertz varð að gulli á örstundu

Þrjár bandarískir fjárfestingasjóðir, sem eiga bílaleiguna Hertz, hafa sett stefnuna á að selja fimmtungshlut í henni á næstunni, aðeins sjö mánuðum eftir að þeir keyptu hana af Ford.

Hertz-bílaleigan er nú talin eitt þúsund milljarða króna meira virði heldur en þegar hún var keypt. Hafa stjórnendur Ford verið sakaðir um að hafa selt Hertz of ódýrt.

Sjóðirnir skuldsettu bílaleiguna eftir kaupin og greiddu sér út einn milljarð bandaríkjadala í arð. Fátt þykir fjárfestum skemmtilegra en að kaupa eignir og selja þær strax aftur á hærra verði. Yfirleitt er það þannig í tilfellum sem þessum að fjárfestingasjóðirnir hagnast en skráðu félögin bera tapið. - epa

Bretar hækka stýrivexti

Englandsbanki hefur hækkað stýrivexti um fjórðung úr prósent og standa þeir nú í 4,75 prósentum. Er þetta fyrsta hækkun stýrivaxta í Bretlandi í tvö ár.

Englandsbanki vill með hækkuninni freista þess að hægja á þenslu í hagkerfinu en verðbólga mældist 2,5 prósent á ársgrundvelli í júní. Verðbólguþækkun bankans er tvö prósent.

Lítilsháttar lækkun varð á hlutabréfum í Kauphöllinni í Lundúnum í kjölfar tíðindanna. Sterlingspundið styrktist gagnvart bandaríkjadala.



VERSLAÐ OG VERSLAÐ Tölf mánaða verðbólga mælist 8,1 prósent á Íslandi og er einungis meiri verðbólga í Tyrklandi af löndum OECD.

Ísland í öðru sæti

Tölf mánaða verðbólga í löndum OECD mælist nú 3,3 prósent og hækkar um 0,2 prósent frá fyrri mánuði. Næstmest verðbólga mælist á Íslandi, 8,1 prósent, en 11,1 prósent verðbólga mælist í Tyrklandi.

Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 4,3 prósent í Bandaríkjunum undanfarna tólf mánuði, 3,3 prósent á Bretlandi og um tæp tvö prósent í Þýskalandi og Frakklandi.

Tölf mánaða hækkun nam 2,4 prósentum á evrusvæðinu og einu prósentu í Japan. - jsk

Kortleggja krosseignarhald

Á verðbréfavefnum m5.is má nú nálgast upplýsingar um krosseignarhald félaga í Kauphöll Íslands. Eignatengslin eru uppfærð með sjálfvirkum hætti og miðast ávallt við nýjustu opinberu hluthafalista sem Kauphöllin gefur út.

Segir í tilkynningu frá m5 að þetta sé í fyrsta skipti sem eignatengsl séu kortlögð með viðlíka hætti á einum stað hérlendis. - jsk

Sterkt bankakerfi sem mætir áföllum

Markaðsaðilar ofmátu hættu á bankakreppu segir matsfyrirtækið Moody's.

Sérfræðingur á vegum matsfyrirtækisins Moody's telur að markaðsaðilar hafi ofmetið hættu á bankakreppu á Íslandi. Erlend lán sem bankarnir hafi tekið hafi verið notuð til að fjármagna góðar, erlendar fjárfestingar og gott samræmi sé milli erlendra eigna og skulda.

Fjármálakerfið er undir styrki stjórn og eigin- og lausafjárstaða bankanna góð. Þetta kemur fram í ársskýrslu fyrirtækisins um Ísland en Seðlabanki Íslands hefur gert samantekt úr henni.

„Fjármálakerfið er vel í stakk búið að mæta talsvert stórum

skellum samtímis vegna hraðrar gengisaðlögunar, lækkunar eignaverðs og rýrnunar á gæðum eignasafns,“ segir sérfræðingur Moody's.

Fram kemur að ójafnvægi hafi myndast vegna mikillar erlendra skuldaaukningar, einkum af hálfu bankakerfisins. Þessi skuldaför, hækkanandi vextir erlendis og breytt áhættumat fjárfesta hafi valdið áhyggjum hjá markaðsaðilum á einhvers konar kerfisfalli ef bönkunum tækist ekki að endurfjármagna sig.

Ríkisvaldið er vel undir það

búið að mæta bankakreppu, ef svo ólíklega vildi til að hún skylli á, en skuldir ríkissjóðsins eru aðeins 22 prósent af landsframleiðslu. Það er helmingi lægra hlutfall en meðaltal hjá þeim ríkjum sem bera sömu lánshæfiseinkunn og ríkissjóður Íslands.

Skýrslan hafði jákvæð áhrif á fjármálamarkaðinn í gær. Hlutabréf í flestum fjármálafyrirtækjum hækkuðu auk þess sem krónan styrktist umtalsvert. - epa



ENGIN HÆTTA Á BANKAKREPPU Fjármálakerfið undir styrki stjórn að mati Moody's.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR




Verslanir Tölvulistans verða lokaðar laugardag, sunnudag og mánudag. Starfsfólk Tölvulistans óskar ykkur öllum góðrar verslunarmannahelgar

REYKJAVÍK AKUREYRI KEFLAVÍK

Nóatún 17 • Sími 562 6730

Glerárgata 36 • Sími 464 7400

Hafnargata 90 • Sími 534 7400



landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: HÓTEL FLÚÐIR

Tolli á diskum og upp um vegg

Það var mikill erill á Hótel Flúðum þegar blaðamaður bar þar að garði. Þó Hótel Flúðir beri merki Icelandair Hotels er það í eigu hjónanna Margrétar Runólfssdóttir og Guðmundar Sigurhanssonar. Til eru sjö önnur hótél á landsbyggðinni sem erum með svokallaðan „franchise agreement“ sem leyfir þeim að nota Icelandair-hótelin sem söluaðila. Hótelbyggingin lætur ekki mikið yfir sér enda eru herbergin öll í tvískiptri álmu á jarðhæð í garðinum. Hótelíð stendur uppi á hæð svo útsýni er mikið og gott þó að byggingin sé lág. Málverk eftir Tolla hanga um alla veggi og við móttökuna er afar


stórt verk eftir málaraann. „Tolli er alveg frábær listamaður og ekki hefur maður minna álit á honum eftir að hafa kynnst kappanum,“ segir Margrét. „Nú erum við að fara að ræða við hann um að hann máli einnig á diska og annað hjá okkur; við sjáum hvað setur.“

Margrét og Guðmundur hafa búið víða um land þótt þau séu Reykvikingar. „Síðast bjuggum við á Höfn í Hornafirði en við rákum hótelið þar. En ég gæti ekki hugsað mér að fara aftur í bæinn í bráð. Það er líka svo gott að vera hér og það finnur hver maður sem hingað kemur hvað orkan er jákvæð og sterk hérna. Enda er rífandi uppgangur hérna.“



STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Flúðir

Íbúafjöldi í desember 2005: 339
Íbúafjöldi í desember 1997: 250

Sveitarfélag: Hrunamanna-
hreppur

Hreppstjóri: Ísólfr Gylfi Pálma-
son

Íbúafjöldi í sveitarfélaginu: 767

Helstu atvinnufyrirtæki: Flúða-
sveppir, Garðyrkjustöðin Jörvi,
Garðyrkjustöðin Melar, Límtré-
Virnet

Skólar: Flúðaskóli, Leikskól-
inn Undrland, Tónlistarskóli
Árnesinga

Vegalengd frá Reykjavík: 102
kílómetrar

Þar sem náttúran hrópar og kallar

Það var nóg um að vera á Flúðum þegar Jón Sigurður Eyjólfsson kom þangað í 25 stiga hita. Mótorhjólátöfari kelaði við konu sína áður en hann lagði upp í Evrópuferð, skólastýrur stóðu í stórræðum og sveitarstjórinn fór um eins og stormsveipur líkt og óperusöngkonan í þorpinu.

Um 340 manns búa á Flúðum en mikill fjöldi ferðamanna leggur leið sína þangað á sumrin. Ferðamenn sem og sveitangar settu svip sinn á bæinn þennan funheita dag. Fjölskyldan frá Syðra-Langholti var komin á hestum sínum í þorpið en þrjú mótorhjólakappar voru að þenja vélfáka sína á bíla-planinu.

Frá Flúðum til Póllands á vélfáknum

„Við erum Sveitadrengrir og erum að fara í Evrópuferð,“ segir Einar Harðarson mótorhjólakappi og smellir svo rembingsskosi á konu sína Heru Hilmarsdóttur. Sveitadrengrir er nafnið á vélfákafélaginu sem þeir þremmingar tilheyra. „Láttu hana segja þér frá þessu, ég verð að drífa mig af stað. Hjólíð er orðið heitt,“ segir Einar



KONAN KVÖDD AÐ TÖFFARASÍÐ Einar Harðarson var að leggja af stað á vélfáki sínum til meginlands Evrópu svo hann varð að kyssa konuna Heru Hilmarsdóttur slíku kossi að hann entist næstu vikurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

svo og rýkur af stað en Hera horfir á eftir kappanum með blik í auga. „Hann er búinn að eiga hjól alveg frá því hann var táníngur,“ segir hún svo. „En ég var ekki svona stúlka sem sat bara aftan á hjá mótorhjólátöfurunum því ég átti sjálf hjól og gaf þeim ekkert eftir.“

„Þeir eru aðeins að taka forskot á sæluna,“ segir Bjarni Sverrisson, sem er forseti Sveitadrengrja. „Hópurinn, sem samanstendur af sex mönnum, fer ekki fyrr en sautjándra þessa mánaðar en þremmingarnir ætla að hnýta smá erindum við þessa ferð og því fara þeir svona snemma. Fyrst er keyrt til Hafnar í Hornafirði en því næst til Seyðisjarðar þaðan sem við tökum skipið út. Svo ökom við um Noreg, Svíþjóð, Danmörku, Þýskaland og Pólland,“ segir hann og ræður sér varla vegna tilhlökkunar. „Þessi hópur er svona samblað af gömlum mótorhjólaköppum og öðrum sem fengu sér ekki hjól fyrr en grái fiðringurinn rak þá til þess,“ segir forsetinn og hlær.

Kennslukonur í klípu og söngkona á þönum

Fyrir utan Samkaup sitja fjölmargir og sleikja ís í sólskininu en aðrir halda sig inni og sötra kaffi. Meðal þeirra eru skólastýran Guðrún Pétursdóttir og aðstoðarskólastýran Ragnhildur Birgisdóttir. „Ertu nokkuð kennari?“ spyr Guðrún þegar blaðamaður grennslast fyrir um það sem heldur þeim í svo þungum þönkum. „Nú fer skólastarfið að hefjast og okkur vantar enn einn kennara,“ bætir hún við.

195 nemendur eru í skólanum og segja þær stöllur unga fólkíð efnilegt í Flúðaskóla. „Þeim finnst bara nokkuð erfitt að fara að sitja yfir námsbókum svona í upphafi skólaárs en þá er vinna við garðyrkjuna á fullu,“ segir Ragnhildur. „Einnig eru sumir bændur ekkert ánægðir með það hvað við kennar-



Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD+R/RW, (S)VCD og DivX – Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

LCD SJÓNVARP OG DVD SPILARI

DVD VIDEO

BÆÐI FYRIR 12 OG 220V

Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD Spilar CD, CD-R/RW og JPEG



Lenco

DVT1501

15" LCD SJÓNVARP með DVD SPILARA, 1024x768 punkta upplausn, 6w Stereó hljóðkerfi, USB, Scart, SVHS, RCA og Component tengjum, PC-ingangi (VGA), tengi fyrir heymatöl, SD/MS/MMC minniskortalesara, svefnrofa, textavarp og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

VERÐ ► 59.990

FRÁBÆRT VERÐ

Mikið úrval MINNISKORTA og LESARA frá SanDisk - stærsta framleiðanda í heimi.



1971 - 2006

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, Þrustur, Ísafirði. NORDURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduosi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupþun, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Spærkaup, Fáskrúðfirði, Verslunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Hófn Hornafirði. SUDURLAND: Mosfell, Hellu, Fossmar, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvusítillinn, Grindavík, Rafeindatekni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Gardi.

Kristaltær stefna Samfylkingarinnar

UMRÆÐAN
SAMFYLKINGIN



JÓN GUNNARSSON
ALÞINGISMAÐUR

„Íslenska samninganefndin er dregin á asnaeyrunum og hefur glutrað niður allri samningsstöðu.“

Sunnudaginn 30. júlí skrifar fyrrum aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar grein í Fréttablaðið þar sem hann fjallar um Samfylkinguna. Illugi Gunnarsson velur þá velþekktu leið lærifóður síns að gera lítið úr þeim sem ekki eru sömu skoðunar og hann sjálfur og slíta orð og athafnir andstæðinga sinna úr samhengi þannig að úr verður býsna illskilinn kveðskapur.

Fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar Það er ótrúlegur hroki og yfir-læti falið í þeim orðum Illuga að sú stefna Samfylkingarinnar að tryggja sameiginlegt eignarhald íslensku þjóðarinnar á auðlindum hafnsins og eðlilegt afnotagjald fyrir nýtingarréttinn feli í sér rothögg fyrir sjávarútveginn og tilræði við landsbyggðina. Ætli Grímseyingar sem nú horfa á eftir stórum hluta veiðiheimilda í burtu frá eyjunni séu sam-mála þessari túlkun Illuga? Ætli íbúar landsbyggðarinnar, sem margir hverjir hafa þurft að horfa á eftir bjargræðinu, hefðu ekki viljað eiga kost á því að keppa við aðra á jafnræðisgrunni um kvótann í stað þess að gerast leiguliðar kvótahafa og greiða sem nemur meira en helmingi fiskverðs fyrir leyfi til að sækja hvert kíló úr sjó?

Illugi lætur eins og Sjálfstæðisflokkurinn hafi eina skýra stefnu í sjávarútvegsmálum. Ætli það sé þessi „skýra“ stefna Sjálfstæðisflokksins, sem veldur því að flokkurinn hefur staðið fyrir 32 breytingum á lögnum um stjórn fiskveiða frá árinu 1992? Eina skýra atriðið í stefnu Sjálfstæðisflokksins er sá einbeitti vilji flokksins að róa að því öllum árum að útgerðarmenn fái einkaeignarrétt á fiskinum í sjónum sem engum komi við hvernig þeir ráðstafi.

Ég er sannfærður um það að meirihluti þjóðarinnar er hér ósammála forystumönnum Sjálfstæðisflokksins og þeim muni aldrei takast að hrifsa til sín þjóðarauðlindina og færa í hendur fárra.

Stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum er kristaltær. Fiskurinn í sjónum er sameign þjóðarinnar og það á að vera lögvarið í stjórnarskrá. Nýting auðlindarinnar á að vera með þeim hætti að jafnræði ríki, tryggt verði að nýtingin sé sjálfbær, ekki gengið of nærri fiskistofnum og gjald komi fyrir afnot. Útfærsla á þessari stefnu þarf síðan að fara fram í samráði við hagsmunaaðila og eru útgerðarmenn þar ekki einir þó gæta verði þess að fótum verði ekki kippt undan rekstri útgerða sem margar hverjar hafa keypt kvóta á markaði.

Mikilvægt skref í því að stefnan nái fram að ganga er að stjórnarskrárefndin sem nú er að störfum nái samstöðu um að leggja til við Alþingi að þjóðar-eign auðlinda verði skilgreind í stjórnarskrá og fiskurinn í sjónum umhverfis landið verði ein af þeim auðlindum. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort Geir H. Haarde hefur kjark til þess að koma því mikilvæga máli í höfn, eða hvort hagsmunir

fárra útvalinna muni enn á ný stýra gerðum Sjálfstæðisflokksins.

Burt með aumingjaskapinn!

Illugi fjallar einnig um varnarmálin og ber það vott um allnokkurn kjark þar sem samningatækni formanns Sjálfstæðisflokksins er á góðri leið með að sigla því máli algjörlega í strand. Íslenska samninganefndin situr fund eftir fund þar sem beðið er eftir því að Bandaríkjamenn segi íslensku fulltrúunum frá því hvað þeir ætli sér að gera. Íslenska samninganefndin er dregin á asnaeyrunum og hefur glutrað niður allri samningsstöðu. Þegar Bandaríkjamenn tilkynntu einhliða um brottför herliðsins átti Geir að hafa kjark til þess að nota ákvæði 7. gr. varnarsamningsins og setja málið strax í formlegan farveg innan Atlandshafsbandalagsins, sem hefði leitt til úrskurðar um gildi samningsins eða uppsagnar hans innan skilgreindra tíamarka.

Það var aumkunarvert að fylgjast með undanhaldi forystumanna Sjálfstæðisflokksins gagnvart Bandaríkjamönnum eftir að þeir síðarnefndu tilkynntu brottför. Illugi kallar það í grein sinni „að þeir hygðust hætta fastri viðveru hér“! Svona hafa orðalepparnir orðið til í þessu máli á meðan sjálfstæðismenn hrekjast undan. Hver man ekki eftir því þegar Davíð Oddsson sagði að ef þotur Bandaríkjamanna færu þá væri það ígildi uppsagnar, síðan kom krafan um sýnilegar varnir, þá táknrænar varnir og nú er talað um að hætt sé fastri viðveru. Stefnufesta svei mér þá! Þetta heitir nú bara aumingjaskapur á góðri íslensku. Samfylkingin hafnar algjörlega þessari óvirku undanlátssemi við Bandaríkstjórn og leggur áherslu á að Íslendingar reki


sjálfstæða öryggismálastefnu, sem tekur mið af breyttri heimsmynd og nýjum ógnum, s.s. umhverfisslysum og hryðjuverkum.

Skýr framtíðarsýn

Illugi endar grein sína á barnalegum útúrsmáningi úr skýrslu Framtíðarhóps Samfylkingarinnar. Í skýrslu Framtíðarhópsins var bent á það að sú staða kynni að koma upp að varnariðri yrði kallað heim frá Íslandi og að stjórnvöld yrðu að búa sig undir þann veruleika. Þessi spádómur frá 2003 hefur nú komið á daginn. Brottför varnariðsins setur varnarsamstarfið í uppnám og margt bendir til þess að það heyrir brátt sögunni til. Við þær aðstæður gengur ekki að berja hausnum við stein. Sjálfstæðisflokkurinn lét hins vegar taka sig í bólinu og hefur enga tilraun gert til að móta nýja stefnu í ljósi breyttrar stöðu.

Framtíðarhópur Samfylkingarinnar hefur unnið gott stefnumótunarstarf og vandaðar skilgreinar í öllum málaflokkum hlotið samþykki á landsfundi eða á flokkstjórnarfundi. Andstæðingar Samfylkingarinnar vita vel að þarna hefur farið fram vandaðra og yfirgrípsmeira starf en dæmi eru um hjá íslenskum stjórnmalaflokkum og gera allt sem þeir geta til að gera lítið úr því. Það er kannski skiljanlegt í ljósi þess að sömu aðilar eru vanir því í pólitísku starfi að línan komi að ofan og allir beygi sig undir hana með góðu eða illu. Þannig er það í Sjálfstæðisflokknum en sem betur fer ekki hjá Samfylkingunni þar sem formanni Samfylkingarinnar hefur tekist það ætlanarverk sitt að virkja fjölda flokksmanna til mótunar á skýrri stefnu í anda frelsis, jafnréttis og bræðralags.

Höfundur er alþingismaður



AF NETINU

Snautlegar mótmælaaðgerðir

Þegar við röltum niður á skattstofu þjuggum við okkur undir það versta. Þá var að koma hádegi á fyrsta framlagningardeg og Heimdallur hafði boðað að engin myndi komast í skrárnar fengju félagið nokkru um það ráðið. En á skrifstofunni gripum við í tómt. Í ljós kom að Heimdellingarnir mættu um leið og opnað var og sátu í einn og hálfan tíma. Á meðan á því stóð komu vinir þeirra, sumarstarfsmenn á helstu fjölmiðlum og tóku myndir og viðtöl. Á ellefta tímanum var þrekið buið og mótmælaaðgerðunum sjálfhætt. Þetta hefur mér alltaf þótt snautlegustu mótmælaaðgerðir sögunnar. Minnir dáiðið á pólitíska andófsmanninn sem fór í hungurverfall hluta sólarhringsins en mátti éta hvað sem er þess á milli. Annars var Heimdellingunum vorkunn. Þeir komust auðvitað að því á skattstofunni að „álagningargráin“ er ekki innbundin bók í stóru broti og einu eintaki. Skrárnar eru vitaskuld tölvuþrengt og til í mörgum eintökum, sem þýddi að þótt stuttbuxnadeildin sæti fylld á svip við borð og lúrdi á einu eintaki, þá hefði hver sem vildi getað fengið annað eintak að líta í.

Stefán Pálsson á kaninka.net/stefan

Áhrifaríkt og tilfinningaþrungnið

Ég var viðstaddur ákaflega áhrifaríkan og tilfinningaþrunginn atburð úti í Víðey í gær, þegar afhjúpaður var minnisvarði og minningarskjöldur vegna atburðarins þegar Skeena, kanadíski tundurspillirinn og flaggskip kanadíska flotans fórst við Víðey 24. október árið 2004. Þarna var unnið einstakt björgunarafrek þar sem hlutur Einars Sigurðssonar skipstjóra og útgerðarmanns - Einars á Aðalbjörginni - var óneitanlega mestur. Þetta var í senn sorgarburður þar sem 15 ungir menn fórust, en um leið hreint ótrúlegt afrek þegar 198 sjóliðar björguðust.

Einar K. Guðfinnsson á ekg.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Níðst á öldruðum

UMRÆÐAN
KJÖR ALDRADRA



ÓLAFUR ÓLAFSSON
RÁÐGJAFI

Í einu fegursta sveitarfélagi landsins Álftanesi var, eins og í öðrum sveitarfélögum landsins, gengið til kosninga um stjórn sveitarfélagsins nú fyrir skemmstu. Í stjórn sveitarfélagsins Álftaness hafa því miður valist einstaklingar sem virðast í eigin hugarheimi utan við og úr takt við almenna skynsemi.

Eitt fyrsta verk nýrrar sveitarstjórnar, eftir að hafa gengið frá vægast sagt óvenjulegum starfs-samningi við sveitarstjórnann, sem m.a. kveður á um að hann þurfi ekki að sinna starfinu nema 70% og í þessum 70% starfstíma sínum á hann rétt á að sækja sér námskeið á kostnað sveitarfélagsins, trúlega í myndlist eða endurmenntun rafiðna enda maðurinn bæði rafvirki og listamaður.

Að þessu loknu var svo ákveðið að rifta áður gerðum samningi við Eir um byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða á Álftanesi og í stað þjónustuíbúða skal nú efla heimahjúkrun enda segir sveitarstjórnin að aldraðir vilji vera sem lengst heima hjá sér, hvaðan sem hann hefur það nú. Þetta er nú samt gott og blessað, eða hvað, að fá aukna heimahjúkrun. Jú gott í orði en á borði? Hvert á að sækja starfsfólk í heimahjúkrun?

Kannski þurfa aldraðir að nota tvöþúsundkallinn sem fékkst við samninga aldraða við ríkisvaldið nú á dögnum til að sækja sér tungumálanámskeið til að búa sig undir heimahjúkrunina. En skyldu þeir fá kaup fyrir að sækja námskeið?

EKKI SPRINGA
Á LIMMINU!
HUGSAÐU
ÁÐUR EN ÞÚ EKUR

THINK BEFORE YOU DRIVE

Náðu þér í ókeypis loftþrýstings- og dekkjaslitsmæli á næstu bensínstöð SKELJUNGS

UMFERDARSTOFA FIA FIA Foundation BRIDGESTONE

Áhrif flokksforingja ofmetin?

UMRÆÐAN
GENGI SAMFYLK-
INGARINNAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Ingibjörg Sólrún hefur haldið vel á málum sem formaður flokksins. Hún hefur ekki gert nein mistök. Hún svarar ávallt vel í fjölmiðlum og er vel heima í öllum málum. Hún er góður formaður.

Fjölmiðlar og stjórnmálaskýrendur hafa bollalagt mikið að undanförunu um síðustu skoðananakannanir um fylgi flokkanna. Einkum hefur verið mikið skeggrætt um útkomu Samfylkingarinnar. Hafa margir haft tilhneigingu til þess að kenna Ingibjörgu Sólrúnu, formanni Samfylkingar, um slakt gengi flokksins.

Ég er ekki sammála því. Ég tel, að Ingibjörg Sólrún hafi staðið sig vel sem formaður. Ég tel að aðrar ástæður valdi slöku gengi Samfylkingar í skoðanakönnunum og þá þessar helstar: Úrslit sveitarstjórnarkönnunganna öllu samfylkingarfólki miklum vonbrigðum, einkum úrslitin í Reykjavík. Þar gerði Samfylkingin sér vonir um að fá 30% fylgi eða meira en varð að láta sér nægja rúmlega 27%. Það var ekki slæm útkoma miðað við fyrri úrslit Alþýðuflokksins í Reykjavík og þeirra flokka, sem standa að Samfylkingunni en eigi að síður mun lakari útkoma en væntingar Samfylkingarinnar gerðu ráð fyrir. Úti á landi voru úrslitin einnig víða undir

væntingum og það olli Samfylkingunni vonbrigðum, að illa spilaðist úr úrslitunum víða og Samfylkingin lenti í stjórnarandstöðu. Hins vegar var sigur Samfylkingar í Hafnarfirði stórglæsilegur. Úrslit sveitarstjórnarkönnunganna og uppstokkun ríkisstjórnarinnar á áreiðanlega stærsta þáttinn í slöku gengi Samfylkingarinnar nú. Það er ævinlega svo, að þegar flokkur og flokksforingjar eru mikið í sviðsljósinu þá græða þeir á því í skoðanakönnunum. En það helst í skamman tíma.

Er eitthvað að hjá Samfylkingunni? Hefur Ingibjörg Sólrún haldið illa á málum? Það sem er helst að hjá Samfylkingunni eru áróðursmálin. Samfylkingin nær ekki nægilega til almennings með stefnumál sín. Fjölmiðlarnir stjórna því hvenær stjórnmálamenn komast í sjónvarp og aðra fjölmiðla. Foringjar stjórnarandstöðunnar eru helst kallaðir í sjónvarpið, þegar ríkisstjórnin gerir eitthvað og þá er spurt um viðbrögð og afstöðu stjórnarandstöðunnar. Fjölmiðlar hafa minni áhuga á málum, sem stjórnarandstaðan er að flytja eða beita sér fyrir. Enginn flokkur hefur flutt róttækari tillögur um úrbætur í málefnum aldraðra og öryrkja en Samfylkingin, t.d. um afkomutryggingu aldraðra. En þessar tillögur hafa ekki náð nægilega vel til almennings og þannig er um fleiri mál. Ef Samfylkingin getur komið málum sínum betur til almennings mun fylgi hennar aukast.

Ingibjörg Sólrún hefur haldið vel á málum sem formaður flokksins. Hún hefur ekki gert nein mistök. Hún svarar ávallt vel í fjölmiðlum og er vel heima í öllum málum. Hún er góður formaður. En væntingar til hennar voru mjög miklar eftir sigurgöngu hennar og R-listans í Reykjavík. Hún hefur ef til vill ekki staðið undir þeim

væntingum. Sjálfstæðisflokkurinn og hægri blöðin hafa einnig stanslaust reynt að sverta hana. Enginn stjórnmálamaður stjórnarandstöðunnar hefur sætt eins ósanngjarnri gagnrýni og Ingibjörg Sólrún. Árásir íhaldsins á Ingibjörgu Sólrúnu minna á árásir Sósíalista-flokksins á Stefán Jóhann, formann Alþýðuflokksins. Það var reynt að eyðileggja Stefán Jóhann og íhaldið reynir svipað í árásum á Ingibjörgu Sólrúnu. Ef til vill hafa þessar árásir haft einhver áhrif.

Annars tel ég, að áhrif flokksforingjanna séu ofmetin í íslenskum stjórnmálum. Það er of mikið reynt að persónugera flokkana. Það er stefnan, sem skiptir mestu máli. Þegar Davíð Oddsson var formaður Sjálfstæðisflokksins var mikið talað um hve hann væri sterkur leiðtogi og að fylgi flokksins mundi áreiðanlega minnka þegar hann léti af störfum. Síðan tók Geir Haarde við en margir töldu hann mikið veikari leiðtoga. En hvað gerðist. Fylgið minnkaði ekki. Nei, það jókst! Kenningin um nauðsyn þess að hafa sterkan leiðtoga stóðst ekki. Eins er þetta í Samfylkingunni. Það hefur ekki breytt miklu varðandi fylgið hvort Össur eða Ingibjörg Sólrún er formaður. Það er stefnan sem skiptir mestu.

Ef til vill þarf Samfylkingin að herða róðurinn og skerpa línur. Baráttan fyrir nýju þjóðfélagi jafnaðarmanna má vera harðari. Og áróðurinn þarf að vera mikið meiri. Það þarf að láta almenning vita, að Samfylkingin vill breyta þjóðfélaginu. Misskiptingin er of mikil. Það verður stórlega að draga úr henni. Stjórnarflokkarnir hafa auknið misskiptinguna í þjóðfélaginu meira en nokkur önnur ríkisstjórn áður. Samfylkingin vill leiðrétta misskiptinguna. Hún vill meiri jöfnuð í þjóðfélaginu.

Frjálsíþróttir til fyrirmyndar

UMRÆÐAN
LYFJAEFTIRLIT



JÓNAS EGILSSON
FORMAÐUR FRJÁLSÍÞRÓTTASAMBANDS ÍSLANDS

Reyndar hefur það verið álit undirritaðs að ástand innan frjálsíþróttanna sé ekki eins slæmt og umrædd könnun vill vera láta.

Lyfjaeftirlit innan einstakra íþróttageirna er mjög mismunandi. Frjálsíþróttir hafa verið leiðandi bæði á Íslandi og á heimsvísu í lyfjaeftirliti og prófunum. Sem dæmi voru fyrir nokkrum árum 60% allra prófa sem tekin voru utan keppni innan Alþjóðlegu Ólympíuhreyfingarinnar í frjálsíþróttum, 20% úr sundi og þau 20% prófa sem eftir voru komu úr öllum öðrum íþróttageirum. Stífar kröfur eru gerðar um reglulegt lyfjaeftirlit innan frjálsíþróttahreyfingarinnar hérlandis, bæði í keppni og utan.

Því var eins og þruma úr heiðskírur himni þegar frétt birtist á forsíðu Fréttablaðsins 2. ágúst sl. um að 11,5% iðkenda úr frjálsíþróttum á framhaldsskólastigi hefðu notað anabólíska stera og önnur (eða að hluta til sömu) 13% notað efedrin. Þessar upplýsingar muna vera m.a. úr niðurstöðum skýrslu sem Rannsóknir og greining ehf. gerði fyrir ÍSÍ árið 2004 og birt var í fyrri. Eins kom verulega á óvart hið háa hlutfall iðkenda úr öðrum íþróttageirum innan ÍSÍ sem kváðust hafa notað þessi efni. Það sem er í raun skuggalegra er að mikil aukning virðist vera á ólöglegum lyfjum af þessu tagi, sérstaklega meðal unglinga.

Formgallar skýrslunnar

Það er þrennt sem vekur athygli við þessa frétt. Í fyrsta lagi hvernig hún var birt, þ.e. án þess að formleg kynning ætti sér stað innan íþróttahreyfingarinnar. Í öðru lagi niðurstöðurnar sjálfar, sem hljóta að vekja alla íþróttahreyfinguna til umhugsunar og í þriðja lagi ummæli fulltrúa ÍSÍ í fyrrgreindri frétt.

Efni þessarar skýrslu var aldrei kynnt innan ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar vegna formgalla, að því er fram kemur í fyrrgreindri frétt. Mál af þessu tagi er of mikilvægt og of mikið í húfi til að ekki sé fjallað um það betur. Notkun, sala, dreifing eða meðhöndlun anabólískra stera og efedrins er bönnuð innan íþróttahreyfingarinnar, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu. Ævilangt bann liggur t.d. við sölu eða dreifingu þessara efna innan frjálsíþróttahreyfingarinnar. Þau ummæli verkefnisstjóra ÍSÍ í lyfjamálum að niðurstöðurnar hafi ekki komið á óvart vekja upp þá spurningu hvort ÍSÍ hafi verið kunnugt um þetta ástand eða hvort rökstuddur grunur hafi leikið á að ástandið hafi verið eins slæmt og virðist vera. Ef ÍSÍ hefur haft rökstuddan grun um þetta ástand, eins og verkefnisstjóri ÍSÍ lætur í veðri vaka, er ekki álitamál að sambandið hefði átt að grípa til aðgerða.

Reyndar hefur það verið álit undirritaðs, að ástand innan frjálsíþróttanna sé ekki eins slæmt og umrædd könnun vill vera láta. Eins og fram kemur virðast einhverjir gallar vera á skýrslunni og í raun vekur hún fleiri spurningar en hún svarar. Þau kynni sem ég hef haft af frjálsíþróttamönnum benda til þess að ástandið sé alls ekki eins og látið er í veðri vaka í umræddri skýrslu. Hins vegar er freistingin ávallt fyrir hendi. Kröfur eru áfallt gerðar til íþróttamanna um árangur.

Skaðsemi ólöglegra lyfja

Á undanförunum árum hefur FRÍ gengist fyrir kynningu á skaðsemi ólöglegra lyfja meðal landsliðsfólks. Eins var haldin sérstök ráðstefna á vegum FRÍ með erlendum og innlendum fyrirlesurum um skaðsemi ólöglegra lyfja fyrir fjórum árum. En þessi mál eru hvorki á vettvangi sér sambanda, né hefur FRÍ fjárveitingu til að standa undir slíkri kynningu, en ÍSÍ hefur þessi mál á sinni könnu. Ljóst er í öllu falli að niðurstöður skýrslunnar kalla á frekari rannsóknir í þessum málum.

Frjálsíþróttahreyfingin a.m.k. getur því ekki legið undir grun um að stór hluti eða einhver hluti iðkenda hennar noti ólögleg efni. Það hlýtur að vera skýlaus krafa hennar að annað hvort verði komist að hinu sanna í málinu eða gert átak í að hreinsa íþróttina, ef svo má að orði komast. Krafa um hert eftirlit, ekki bara í frjálsíþróttum, heldur öðrum íþróttageirum líka, er lágmarkskrafa.

Nauðsyn er á aukinni fræðslu, ekki bara meðal íþróttamanna og þjálfara, heldur forsvarsmanna íþróttahreyfingarinnar líka. Íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að fara að ákvæðum Alþjóðalyfjaeftirlitsins (WADA) og er eitt fárra ríkja í heiminum sem hafa skuldbundið sig til að fara að sáttmála UNESCO um og nær því bann við notkun anabólískra stera o.fl. sambærilegra efna út fyrir raðir íþróttahreyfingarinnar. Fyrirætlanirnar eru góðar, en nú þarf sýnilega að taka til hendinni, skv. niðurstöðum þessarar könnunar.

Reyndar er það mat greinarhöfundar að lyfjaeftirlit og fræðsla á því sviði eigi ekki að vera á hendi íþróttahreyfingarinnar, heldur á vegum óháðra aðila. Íþróttahreyfingin getur ekki verið hlutlaus í eigin sök og á samfélagið á rétt á óvilhóllum aðila sem hefur þessi mál á sinni könnu. Þannig er þessu t.d. fyrir komið í Svíþjóð og Finnlandi.

Eins þarf að taka til hendinni og efna til fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar um hættur sem stafa af lyfjanotkun. Hægt er að nálgast fræðslu t.d. hjá frændum okkar Svíum í þessum málum. Reynsla IDTM, sem er samskipti fyrirtæki sem sérhæfir sig í lyfjaeftirliti og fræðslu, er að hræðsla íþróttamanna við lyfjapróf ein og sér dugi ekki. Besta ráðið felst í fyrirbyggjandi aðgerðum, þ.e. jákvæðu og meðvitunni upplýsingaflæði til íþróttamanna um þær hættur sem leynast í notkun örvandi efna og lyfja, skv. reynslu Staffan Salhström framkvæmdastjóra IDTM. Íþróttamenn eru almennt jákvæðir og vilja fræðslu.



Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

Ef þú vilt:

- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrenslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþöfnina, hvernig þú ferð á því að brenna meira og léttast.

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki

- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 10:00, 16:30 og 18:30

Nýtt námskeið hefst 14. ágúst nk.

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

N O R D I C A S P A




allt matur

Alla föstudaga

AFSÖKUN: Á LITLUM HRAÐA ÞARF ÉG EKKI AÐ NOTA BÍLBELTI

Artwork by BertvanderMeij © 2003 COMIC HOUSE NETHERLANDS



NOTAÐU ALLTAF BÍLBELTI

LOUIS ARMSTRONG (1901-1971)
FÆDDIST ÞENNAN DAG

„Allt mitt líf, öll mín sál og allur minn kraftur fer í það að blása í lúðurinn.“

Louis Armstrong er einn besti trompetleikari sem komið hefur fram.



PETTA GERÐIST 4. ÁGÚST 1782

Wolfgang Amadeus Mozart kvænist

Johann Chrysostom Wolfgang Amadeus Mozart fæddist þann 27. janúar 1756 í Salzburg í Austurríki og er talinn eitt helsta tónskáld vestrænnar tónlistar og einn mættarstólpi klassíska tímabilisins í tónlistarsögunni.

Tónlistarhæfileikar Mozart komu fljótlega í ljós, hann var byrjaður að spila tónlist þegar hann var fjögurra ára og semja hana fimm ára. Faðir Mozart var einnig mjög hæfileikaríkur og rétt fyrir sex ára afmælið fóru þeir feðgar til München í Þýskalandi til þess að spila og síðar til Vínar þar sem Mozart spilaði fyrir hirðina.

Þegar Mozart var sjö ára tók faðir hans sér frí frá störfum og fjölskyldan hélt af stað í ferðalag um Evrópu til þess að kynna snilli Mozarts. Ferðin stóð í þrjú ár og dvaldi fjölskyldan meðal annars í London í rúmt ár.

Árið 1769 var Mozart gerður að heiðurskonsertmeistara í Salzburg aðeins þrettán ára gamall og lagði af stað til Ítalíu og þar sem hann dvaldi af og til næstu þrjú árin og samdi óperur og spilaði tónlist sína.



Mozart dvaldi í rúm tvö ár í Salzburg en flutti til Parísar árið 1778 með móður sinni en þegar hún dó sneri hann aftur til Salzburg eftir ársdövl í Frakklandi. Þaðan flutti hann til Vínar og kvæntist Constanze Weber og samdi marga af sínum þekktustu pianókonertum á næstu árum.

Prag í Tékklandi var Mozart mjög hugleikin og þar dvaldi hann nokkuð sín seinni ár. Mozart lést þann fimmta desember árið 1791 í Vín, aðeins 35 ára gamall, og var grafinn þar í ómerktri gröf en ekki er vitað hvernig dauða hans bar að.

MERKISATBURÐIR

- 1704 Bretar taka völdin á Gibraltari.
- 1892 Foreldrar Lizzie Borden finnast látnir í Massachusetts.
- 1907 Ungmennafélag Íslands er stofnað.
- 1914 Þjóðverjar ráðast inn í Belgíu og Bretar svara með því að lýsa yfir stríði á hendur Þjóðverjum.
- 1944 Gestapó finnur Önnu Frank og fjölskyldu hennar í vörugeymslu í Amsterdamben Anna er fræg fyrir dagbókarskrif sín á meðan á stríðinu stóð.
- 1982 Enska knattspyrnuliðið Manchester United kemur til Íslands og sigrar Val með fimm mörkum gegn einu og KA á Akureyri með sjö mörkum gegn einu.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýðug vegna andláts okkar ástkæra

Einars Sæmundssonar

fyrirverandi formanns KR, Jökulgrunni 27, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á deild 12G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir frábæra umönnun og vinarhug.

Ásbjörn Einarsson
Sigrún Elísabet Einaradóttir
Helga Einaradóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Auður Einaradóttir
Jóna Guðbrandsdóttir
Gunnar Guðmundsson
Ólafur Davíðsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjörtur Hannesson

frá Herjólfsstöðum í Álftaveri, Árskógum 8,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, 29. júlí sl. verður jarðsönginn frá Seljakirkju miðvikudaginn 9. ágúst nk. kl. 13.00. Sætaferð verður frá Hótel Klaustri sama dag kl. 9.00.

Vigdís Magnúsdóttir
Elín Hjartardóttir
Hanna Hjartardóttir
Hannes Hjartarson
börn og barnabörn.

Jón Björnsson
Vigfús Ólafsson
Ingibjörg Þórisdóttir



Hjartans þakkir færur við öllum fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar elsku,

Guðrúnar Þórhallsdóttur Ludvig

Guð veri með ykkur.

Thomas M. Ludwig
Margrét Ludwig
Brandur Thor Ludwig
Clara Regina Ludwig
og barnabörn.

Björgvín Jósefsson
Anna M. Rögnvaldsdóttir



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Guðrúnar Jóhannesdóttur

frá Húsavík, Laxalind 9, Kópavogi.

Sérstakar þakkir færur við Karitas hjúkrunarþjónustunni og starfsfólki krabbameinsdeilda Landspítalans við Hringbraut.

Jón Guðgeirsson
Ása Jónsdóttir
Guðgeir Jónsson
Guðrún Jónsdóttir
Jóhannes Heimir Jónsson
og barnabörn.

Björn Halblaub
Ingvar Stefánsson
Agnes Benediktsdóttir



SÉRA BERNHARÐUR GUÐMUNDSSON Bernharður hefur starfað vítt og breitt um heiminn og segir að það sé sérstaklega skemmtilegt fyrir Íslendinga að fara til Mið- og Suður-Ameríku þar sem lífsgleðin og leikurinn sé svo stór hluti lífsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

SÉRA BERNHARÐUR GUÐMUNDSSON: LÆTUR AF STÖRFUM SEM REKTOR

Góður tími í Skálholti

„Þetta var fimm ára ráðning sem rann út fyrsta ágúst og svo verð ég sjötugur núna eftir nokkra mánuði þannig að það var nú sjálfgefið og maður er bara þakklátur fyrir að geta farið yfir í land frelsisins,“ segir Bernharður Guðmundsson fyrirverandi Skálholtsrektor.

„Þetta voru feikilega gjöful og góð ár en hins vegar var þetta mikil viðvera. Þetta hefur verið mikil vinna en fjölbreytt og skemmtilegt starf,“ segir Bernharður.

„Þetta er ekki skóli í venjulegum skilningi heldur er þetta mennta- og menningarsetur kirkjunnar þannig að hér fer fram alls konar fræðslustarf, þó ekki í þessum hefðbundna skilningi. Hér kemur mikið af ungu fólki, til dæmis fermingarhópar, og hingað kemur fólk á ráðstefnur og námskeið, fjölmargir kórar eru hér í söngbúðum og svo það sem hefur vaxið hvað mest, það eru hinir svokölluðu kyrrðardagar. Þá kemur fólk sem sækir í kyrrðina hérna í Skálholti. Það ríkir þögn hér sem veldur því að menn verða ekki fyrir neinu áreiti,“ segir Bernharður. Frá árinu 1973 var Skálholtsskóli lýðháskóli en honum var breytt tutugu

árum síðar og segir Bernharður að um hundrað þúsund manns heimsæki Skálholtsstað árlega.

Eftir að hafa lært guðfræði starfaði Bernharður sem prestur og æskulýðsfulltrúi og var með þætti í Stundinni okkar á fyrstu árum Sjóvarpsins. Þá vatt hann kvæði sínu í kross og flutti til Afríku með eiginkonu sinni og þremur börnum. „Ég leiðsagði norskum biskupi um landið í nokkra daga og hann segir við mig þegar við erum komnir út á flugvöll, heyrðu, hefðir þú ekki gaman af því að starfa í Afríku, ég veit um starf sem að ég held að myndi henta þér vel.“ Bernharður sló til og fjölskyldan fluttist til Eþíópíu þar sem Bernharður vann við útvarpsstöð og ferðaðist um alla Afríku við störf sín. „Svo var bylting í landinu sem endaði með því að stöðin var tekin af marxistum sem stjórnuðu landinu og við fengum ekki brottfararleyfi um nokkurt skeið,“ segir Bernharður. Eftir að Afríkuævintýrinu lauk hélt fjölskyldan til Bandaríkjanna þar sem Bernharður fór í meistaranám í fjölmíðun og tók síðan við starfi fréttafulltrúa þjóðkirkjunnar þegar heim

var komið. Þar starfaði hann í tólf ár en flutti sig svo um set til Genf þar sem hann vann hjá lúterska heimssambandinu sem yfirmaður ráðgjafarþjónustu í fjölmíðun í ein átta ár.

Bernharður hefur ferðast út um allan heim við störf sín og segir að ævintýralegasta landið sem hann hafi heimsótt sé Papúa Nýja-Gínea. „Það er bæði svo gjörsamlega ólíkt því sem við höfum séð áður og svo yndislegt fólk, mér er það land mjög minnstætt. Það er líka ákaflega gaman fyrir Íslendinga að koma til Mið- og Suður-Ameríku, það er svo mikill leikur í fólki og það nýtur augnabliksins og þetta er það sem okkur gengur ekkert sérstaklega vel að tileinka okkur,“ segir Bernharður.

„Nú er svo augljóst að það rennur upp afskaplega góður tími hjá okkur Rannveigu, ef heilsa leyfir, því að nú hefur maður svo mikið frelsi, það er lítil binding og svo hefur lífið líka kennt okkur að njóta þess,“ segir Bernharður að lokum en eiginkona hans hefur fylgt honum í gegnum öll ævintýrin.

gudrun@frettabladid.is




Húrra húrra !!!!

Betty er að ganga út.
Loksins fann hún sér mann með sömu lífsviðhorf og hún.
Hallelúja
Til lukku,
kynsystur úr hernum.

AFMÆLI



Gunnar Örn Örylgsson
þingmaður er 35 ára.



Steingrímur J. Sigfússon
þingmaður er 51 árs.



ÚTFARIR

- 11.00 Sigfríð Sigfinnsdóttir verður jarðsöngin frá Norðfjarðarkirkju.
- 13.00 Ólafur Briem, Grundarlandi 22, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.
- 13.30 Björn Páll Vigfússon, Brekkugötu 23, Akureyri, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju.
- 14.00 Gunnar Friðfinnsson verður jarðsöngin frá Þingeyrarkirkju.

allt í matinn á einum stað

verið velkomin

frábært
verð



899 kr/kg.

Lambalæri frosið

frábært
verð



959 kr/kg

Verð áður 1.199 kr/kg
Goða villikryddað lambalæri

35%
verðlækkun



pú sparar
609 kr/pk

1.149 kr/pk

Verð áður 1.758 kr/pk
SS helgarsteik Grande Orange

pú sparar
399 kr/kg

40%
verðlækkun



599 kr/kg

Verð áður 998 kr/kg
Ísfugl kjúlli
Kjúklíngavængir - Hot Wings



25%
afsláttur við kassa

Goði grillbúgarar 4 stk. m/brúði

25%
verðlækkun



pú sparar
924 kr/kg

2.774 kr/kg

Verð áður 1.758 kr/kg
Fjallalamb einbúi file m/fitu



ódyrt

149 kr/pk.

Kims Ostepops

frábært
í ferðalagið



allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 4. ágúst til 6. ágúst eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Nú færðu AGA Gasol hylkin hjá ÍSAGA, BYKO og Atlantsolíu*

Þú sérð innihaldið!



AGA Gasol

Afgreiðsla ÍSAGA, Breiðhófa 11, er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Alla daga frá kl. 10 til 22
800 5555
Heimsendingarþjónusta

AGA Gasol hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhófa 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu AGA Gasol hylki og áfyllingar hjá BYKO eða Atlantsolíu*, nýjum samstarfsaðilum ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um AGA Gasol hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas } **AGA**



Umboðsmenn ÍSAGA ehf.:

SELFOSS: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548

SAUDÁRKRÖKUR: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626

REYÐARFJÖRDUR: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114

ÍSAFJÖRDUR: Þróstur Marsellusson hf., s. 456 3349

AKUREYRI: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515

ATLANTSOLIA
* Kópavogsbraut 115, Kópavogi

STUÐ MILLI STRÍÐA sálfræðihernaður unglinga

ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR RIFJAR UPP GAMLA TAKTA



Verslunarmannahelgin á það sameiginlegt með 17. júní og gamlárskvöldi að miklar væntingar eru bundnar við hana. Ekki síst hjá unga fólkinu. Þegar ég fór í fyrsta skipti á Þjóðhátíð í Eyjum takmörkuðust væntingar mínar við það eitt að fá leyfi hjá mömmu – enda var ég ekki orðin sjálfráða. Hún skilur ekki enn í dag hvernig ég náði að tala hana inn á það. Ég hef líka varðveitt leyndardómmin vel. En þar sem ég er núna orðin mamma sjálf hef ég ákveðið að deila þessu leynivopni með öðrum foreldrum.

Ferlið skiptist í þrjú stig. A) Undirbúningur: Ferðin er skipulögð

frá a til ö í máli og myndum. Allir lausir endar hnýttir og staðreyndir kannaðar. Fjárhagsáætlun samin og allt umstang gert sem einfaldast. Varnarveggur byggður utan um hvern einasta veika punkt. B) Röksemdafærsla: Öll rök, og svör við mögulegum mótrökum foreldra, eru svo vel ígrunduð að foreldrarir neyðast til að gefa frá sér niðurbælt „kannski“ í lokin til fá meiri tíma til að hugsa. C) Samviskubits-eftirmeðferð: Mikilvægasta stigið sem nærast á efasendum og ákvörðunarfærni foreldranna. Helstu vopn eru: Vansældarsvipur, sjálfsvorkunn þegar talað er við félagana þannig að foreldrarir heyri það „óvart“ og óeðlilega mikil hjálpssemi sem færð er af hendi með tóm-

legum augum. Að lokum kíkna foreldrarir, halda niðri í sér andanum næstu þrjá daga og sjá fyrir sér litla barnið sitt rúlla niður Brekkuna eða vafra um á milli tjalda í leit að vinum sínum.

Litli bróðir hefur reynt þetta allt á mömmu en hún brotnar ekki. Hún er kona með reynslu. Ljótu augnaráðin sem ég fæ frá brósa koma þó ekki í veg fyrir að ég deili tækninni með öðrum foreldrum. Ég hef nefnilega reynsluna af því að rúlla niður Brekkuna og vafra um á milli tjalda. Þetta er mitt framlag til foreldra. Ég býst svo við leiðbeiningum frá ykkur hinum þegar börnin mín verða unglingar og sálfræðihernaður þeirra verður kominn framúr mínum skilningi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Vilt þú fara á Formúlu 1 í Tyrklandi?



Mark Webber

TAKTU ÞÁTT Í SPENNANDI LEIK OG ÞÚ GÆTIR FARIÐ FRÍTT ÁSAMT ELLEFU VÍNUM ÞÍNUM Á FORMÚLU 1 KAPPAKSTUR Í LOK ÁGÚST!

Föstudaginn 11. ágúst gefst sex íslenskum liðum tækifæri á að keppa í PIT-STOP leik í Hagkaupum í Smáralind.

Mark Webber hjá Williams mætir á staðinn og keppt er í að skipta um dekk á bíl hans.

Þáttökuliðin sex verða dregin út í beinni útsendingu Sjónvarpsins frá Formúlu 1 keppninni í Ungverjalandi á sunnudaginn: Útsending hefst kl. 11:30.

Nánari upplýsingar og skráning:

www.ruv.is/f1


WILLIAMS F1 TEAM



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fagurfræði daglegs lífs



Kl. 12.00

Tónlistarhópurinn Sjan áron leikur í Ketilhúsinu á Akureyri í tilefni af Listasumri þar í bæ. Hópurinn skipa Heiða Arnadóttir, Simon Jermyn, Ananta Roosens og Joachim Badenhorst og er dagskráin fjölbreytt, þjóðlög og frumsamið efni.

menning

menning@frettabladid.is

Hildur Margrétardóttir myndlistarmaður opnaði sýningu í Skotinu hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur í gær og sýnir þar myndasýrpu af hversdagslegum og kunnuglegum aðstæðum. Myndaröðinni er varpað á vegg og myndar þannig lifandi flæði og frásögn opna fyrir margvíslegum túlkunum.

Hildur útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 1999 og tók meistaraþráðu í myndlist árið 2005 frá The Slade School of Fine Art í Englandi. Hún hefur haldið um tug einkasýninga og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum á síðustu tíu



SOFFÍA OG RAUÐA KJÓTIÐ Hildur sýnir í Skotinu. MYND/HILDUR MARGRÉTARDÓTTIR

árum. Auk ljósmyndaverka hefur hún gert bókverk, innsetningar, kvikmyndir og gjörninga.

Hildur vinnur iðulega með ljósmyndir og í fréttatilkynningu segir hún vinnuaðferð sína byggjast á löngun til að segja frá og gerast sögumaður atburða sem hún hefur orðið vitni að og sýna þannig fram á fagurfræði dagslegs lífs.

Hún myndar iðulega ými innan heimilisins eða fólk við daglega iðju og fangar augnablik þar sem nálægð manneskjunnar er sterk þrátt fyrir að hún sé stundum ekki greinanleg á myndinni.

> Ekki missa af...

myndlistarsýningu **Sigurðar Örlýgssonar** í Listhúsi **Ófeigs** við Skólavörðustíg.

árlegum tónleikum **Stuðmannafjörkalfanna** í Fjölskyldu og húsdýragarðinum á laugardagskvöldið. Einnig koma fram hliðarsporin Rífsberja, Frummenn, Þursarnir auk þess sem **Megas** lítur inn og flytur lög af plötunni **Á bleikum náttkjólum**.

Eilandi í Gróttu. Fimm myndlistarmenn hafa sett mark sitt á þetta heilandi, **sæbarða** útivistarsvæði og það er vel þess virði að fá sér **tíu dropa** og með því á kaffihúsinu.

Fjör fyrir menn og dýr

Árlegir stórtónleikar Stuðmanna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum fara fram annað kvöld í nýjum tónalundi Garðsins. Búast má við fjölmenni því í fyrra var áætlað að um 17 þúsund manns hefðu mætt á tónleikana sem samsvarar því að allir íbúar Akureyrar hafi mætt í garðinn.

Um allsérstæðan tónlistarviðburð er að ræða að þessu sinni því auk Stuðmannagrúppunnar, sem kemur um þessar mundir fram með dyggum stuðningi Valgeirs Guðjónssonar, söngfuglsins Birgittu Haukdal og fjöleikarans Stefáns Karls, munu meðlimir sveitarinnar troða upp í óvæntu samhengi og rifja upp gamla daga.

Rykið verður hrist af ýmsum

hliðarskrefum og útdúrum sveitarinnar og munu Egill Ólafsson, Tómas Tómasson, Þórður Arnason og Ásgeir Óskarsson til dæmis taka lagið sem Þursar en auk þess mun heyrast í tónsmíðum sveitanna Rífsberja og Frummannanna sem hljómsveitarfélagarnir höfðu afskipti af á sínum tíma.

Sérstakur heiðursgestur tónleikanna verður Megas sem mun flytja lög af hinni klassísku hljómskífu, **Á bleikum náttkjólum**, ásamt Agli Ólafssyni og Valgeiri Guðjónssyni.

Takmarkaður miðafjöldi er í boði og er forsala á ævintýrið hafin á staðnum. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 20.30 á laugardagskvöldið.

- khh



FJÖRKÁLFAR OG AÐRIR KÁLFAR Reykíkingar og aðrir nærsveitarnir þyrpast jafnan á árlega stórtónleika Stuðmanna.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá



SIGURÐUR A. MAGNÚSSON OG ARTHÚR BJÖRGVIN BOLLASON Opna heim grískar ljóðlistar og kynna vínviðinn og kyrrðina fyrir áhugasömum hlustendum.

Grískar ljóðlendar nyrðra

Arthúr Björgvin Bollason og Sigurður A. Magnússon verða leiðsögumenn um lendar grískrar ljóð- og tónlistar norðan heiða í kvöld. Dagskráin er helguð minningu Þorsteins Gylfasonar heimspekings sem um árabíl sá um samnefnd ljóðakvöld.

Ljóða- og tónakvöld með yfirskriftinni Heimur ljóðsins hafa verið haldin í Deiglu á Akureyri nær óslitið frá árinu 1998 en nú fá gestir að kynna gríska ljóðaheiminum í fylgd ljóðavina sem betur þekkja þar til en flestir.

„Ég var beðinn að taka þetta að mér fyrst þegar þessi dagskrá var flutt. Sigurður H. Jónsson, einstaklega mikill og einlægur ljóðavinur, kom að máli við mig og bað mig að taka saman ljóð frá ýmsum löndum og fá einhverja skemmtilega flytjendur með mér. Þá fékk ég Guðmund Andra Thorsson og Steinunn Sigurðardóttur til að koma með mér norður og við fluttum ljóðadagskrána Heimur ljóðsins í fyrsta sinn,“ segir Arthúr Björgvin.

„Síðan tók Þorsteinn Gylfason



SKÁLDIÐ HÓMER Höfuðskáld Grikkja reisti sér minnisvarða með söguldómum.

við árið eftir og var með dagskrána í nokkur ár. Þegar hann féll frá í fyrra var ákveðið að hverfa aftur til upphafsins og ákveðið að ég myndi taka þetta að mér aftur. Þeirri hugmynd skaut síðan upp að ég fengi Sigurð A. Magnússon vin minn í lið með mér og að við myndum flytja gríska ljóðadagskrá þetta árið.“ Dagskráin er helguð minningu Þorsteins sem féll frá fyrir tæpu ári en hann var mikill vinur þeirra og félagi, auk þess að vera ljóðaunnandi og úrvals þýðandi eins og Arthúr Björgvin bendir á.

Ljóðið er uppistaðan

Arthúr Björgvin útskýrir að dagskráin sé þrjúþætt. „Við flytjum ljóð grískra skálda, allt frá forngríska tímanum til okkar daga en þau eru flest í þýðingu Sigurðar eða Þorsteins Þorsteinssonar. Síðan flytur Sigurður erindi um gríska ljóðlist og ljóð eftir sjálfan sig um Grikkland.“ Sigurður hefur þýtt úr nýgrísku bæði skáldsögur og ljóð, þar á meðal ljóðabálkinn „Goðsöguna“ eftir Gíorgos Seferís.

Einnig verða lesin nokkur ljóð eftir íslensk nútímaskáld sem heillast hafa af Grikklandi og Arthúr Björgvin mun lesa ljóð úr óbirtri Grikklandsbók sinni. „Við flytjum líka frásögubátt eftir Kazantzakis sem fjallar um áhrifamikla gönguferð í grískri náttúru,“ segir Arthúr Björgvin og áréttar að síðan verði grísk tónlist leikin í bland svo úr verði allsherjar Grikklandskvöld þar sem ljóðið er uppistaðan.

Grikklandsbakterían

Sigurður A. Magnússon hlaut á dögunum Heiðursorðu gríska lýðveldisins en hann er annaðaður Grikklandsvinur. „Hann ber reyndar ábyrgð á því að ég fékk Grikklandsbakteríuna fyrir langa löngu,“ segir Arthúr Björgvin sþoskur og

útskýrir að Sigurður hafi upphaflega sent hann til Suður-Grikklands þegar hann kvaðst þurfa gott næði til að þýða heimspekibók.

Rithöfundurinn Sigurður A. hefur eins og flestir vita verið ötull þýðandi auk þess að skrifa ljóð, leikrit, smásögur og skáldsögur en fyrsta frumsamda bók hans heitir einmitt Grískir reisudagar og kom út 1953 en hann hóf ekki að setja saman ljóð fyrir en eftir fyrstu Grikklandsferð sína sumarið 1952.

Síðan þá hefur hann lóðsað margan Íslendinginn um grísku eyjarnar enda starfaði hann sem leiðsögumaður þar um árabíl og árið 1992 gaf hann út aðra bók, ferðasöguna Grikklandsgaldur.

Eftir kynni sín af Grikklandi var Arthúr með annan fótinn þar um hrif og orðu Grikklandsárin honum töluverð uppspretta því úr varð handrit að bók. „Það er búið að liggja lengi hjá mér en í því eru ljóð og frásagnir frá þessum tíma. Hvenær þetta kemur út og hvenær ég geng frá því veit ég ekki en þar er meðal annars ljóðaflökkur sem ég hef aldrei lesið upp áður en mun flytja í kvöld.“

Ýmislegt að sýsla

Arthúr Björgvin býr í Þýskalandi svo nú er hann með annan fótinn á Íslandi en á meginlandinu sér hann um upplýsinga- og kynningarmál fyrir flugfélagið Icelandair. „Svo sýsla ég við skriftir og ýmislegt annað meðfram og er náttúrulega líka að reyna að klára eilífðar doktorsritgerðina mína um Njálu,“ segir hann og dæsir. „Hún klárast vonandi áður en ég verð allur. Njála var skrifuð fyrir 700 árum og gerðist fyrir 1.000 árum svo líklega skipta tvö til þrjú ár ekki miklu til eða frá,“ segir hann hlæjandi að lokum.

Dagskráin í Deiglu hefst kl. 21, aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

kristrun@frettabladid.is

Krás á köldu svelli

Út er kominn geisladiskurinn Krás á köldu svelli en þar eru á ferð ýmiss konar tónsmíðar í óvenjulegum útsetningum þar sem indverskur ásláttur er í fyrirrími. Diskurinn inniheldur þjóðlög og vísur, frumsamin lög við þjóðvísur og frumorta texta sem þeir félagar Ingólfur Steinsson og Steingrímur Guðmundsson hafa útsett með óvanalegri hljóðfæraskipan en þeir hafa margt góðra gesta sér til fulltingis á plötunni. Meðal laganna má finna titla á borð við Krummavisur, Á Sprengisandi og Nútímarímu. Útgefandi er Músik ehf.



ÞJÓÐLÖG OG NÝSMÍÐAR MEÐ INDVERSKUM ÁHRIFUM Krás fyrir áhugafólk um þjóðlega tónlist.


Að glugga rafrænt í útgefin rit

Bandaríska útgáfufélagið HarperCollins hefur nú stigið skref í átt til enn frekari rafvæðingar bókmenntanna því í gær var opnað fyrir þjónustu á heimasíðu fyrirtækisins þar sem forvitnir lesendur geta gluggað rafrænt í bækur félagsins. Lesendur geta kíkt á fyrstu þrjár síður flestra kaflanna en nú eru 135 titlar eftir 10 höfunda aðgengilegir á síðunni en þar á meðal eru verk eftir Michael Crichton og Paulo Coelho. Í viðtali við The New York Times segir Brian Murray, innambúðarmaður hjá forlaginu, að bókaiðnaðurinn hafi dregist aftur úr tónlistar- og kvikmyndaiðnaðinum sem hafa markvisst nýtt sér nútímatækni til þess að kynna vörur sínar og þjónustu. Með því

að bjóða lesendum upp á að glugga starfrænt í bækurnar vonast þau til að ná til yngri markhóps sem ekki sækir bókabúðir jafn grimmt og hinir eldri og vitanlega til selja fleiri eintök.

Fyrirtækið HarperCollins hefur verið í fremstu röð þegar kemur að stafrænni útgáfu en fyrirtækið hefur þegar fært 10.000 af útgefnum ritum sínum yfir á starfrænt form og hyggst gera slíkt hið saman við þær 15.000 bækur sem eftir eru.

- khh



RITHÖFUNDURINN PAULO COELHO Baðaði út öllum öngum af fögnuði yfir möguleikum nútímatækni.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

AGÚST

1 2 3 4 5 6 7

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 12.00 Kvintettinn **Sjan áron** leikur í **Ketilhúsinu** á Akureyri í tilefni af **Listasumri**. Sveitina skipa **Ragnheiði Árnadóttir**, söngkona, **Simon Jermyn** gítarleikari, **Joachim Badenhorst** klarinettuleikari og **Ananta Roosens** fiðluleikari.
- 16.00 **Innþúkaupphitun** í verslun **12 Tóna** við **Skólavörðustíg**. Fram koma **Gavin Portland**, **The Foghorns**, **Eberg** og **Jomi Massage** frá Danmörku.
- 16.00 Dúóin **Sjí-Sjí** og **Salami** halda tónleika í **Anima gallerí**, Ingólfsstræti 8. Tónleikarnir hafa á sér tilraunakennt yfirbragð. **Sjí-Sjí** dúóttinn skipa **Kristín Þóra Haraldsdóttir** og **Laufey Sigrún Haraldsdóttir** en **Salami** skipa **Páll Ivan Pálsson** og **Jesper Pedersen**.

LEIKLIST

- 20.30 **Kómediuleikhúsið** sýnir einleikinn um **Gísla Súrsson** sýndur á ensku í **Byggðasafni Vestfjarða** á Ísafirði.

SÝNINGAR

- 11.00 Á sumarsýningu **Hafnarborgar**, **Hin blíðu hraun**, eru verk eftir fimm íslenska listamenn sem allir fást við hugmyndina um hraunið. Sýningarstjóri er **Jón Proppé**, listfræðingur.
- 12.00 Yfirlitssýning á verkum málarans **Louisu Matthíasdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Sýningin er sú umfangsmesta sem haldin hefur verið og rekur allan hennar listamannsferil í sex áratugi. Á henni er bæði að finna olíumálverk og verk unnin á pappír, alls um hundrað talsins en sum þeirra hafa aldrei sést hér á landi.
- 14.00 Listhópurinn **Gelítin** sýnir í gallerí **Kling & bang** á **Laugavegi**.
- Listakonan **Jónína Magnúsdóttir**, **Ninný**, sýnir á **Thorvaldsen bar**. Sýningin hefur yfirskriftina **Í góðu formi**. Sýningin er opin á þjónustutíma skemmtistaðarins og stendur til 11. ágúst.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- Sýningu **Guðrúnar Pálinu Guðmundsdóttur**, Hlynur sterkur Hlynur, á **Café Karólínu** lýkur í dag.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AFSÖKUN: ÉG ER EKKI AÐ FARA LANGT ÞANNIG AÐ ÉG ÞARF EKKI BÍLBELTI

Artwork by BertvanderMeij © 2003 COMIC HOUSE NETHERLANDS

NOTAÐU ALLTAF BÍLBELTI

SMÁUGLÝSINGAR
FRÉTTABLAÐSINS

Allar
smá-
auglýsingar
einnig frítt
í viku
á visir.is

Landslagið og þjóðin



VERK HELGA PORGILS FRÍÐJÓNSSONAR
Ólík efnistöð og vísanir í íslenskt landslag og þjóðsögur.

Á sumarsýningu Listasafns Íslands, „Landslagið og þjóðsagan“, eru nærri hundrað verk úr eigu safnsins eftir 27 íslenska listamenn. Mörg af öndvegisverkum íslenskrar myndlistar frá fyrri hluta 20. aldar eru á sýningunni og verk eftir yngri listamenn, sem takast á við landslagið og þjóðsöguna.

Í sumar er í fyrsta skipti boðið upp á reglulega leiðsögn um sýninguna á ensku en fjölmargir erlendir ferðamenn heimsækja nú safnið til að kynna sér íslenska listasögu og samtímalist. Einnig er boðið upp á leiðsögn á íslensku, í hádeginu á þriðjudögum og föstudögum.

Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006
Óflugar gólfþvottavélar frá TASKI

738.807 kr.

TASKI Swingo 1250 B



Byðst einnig á rekstarleigu. Hafðu samband við rágjafa RV og kynntu þér málið.


Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarást 2 • 110 Reykjavík

Sími: 520 6666 • Fax: 520 6669

sal@rv.is • www.rv.is



ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU Hljómur frá meginlandinu fluttir um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þýskir tónar

Orgelleikarinn Christoph Schoener er gestur Alþjóðlegs orgelsumars um helgina. Schoener er organisti St. Michaelis kirkjunnar, sem er ein höfuðkirkna Hamborgar og mun hann leika tónlist eftir þýsk tónskáld á tvennum tónleikum.

Á hádegistónleikunum á morgun, 5. ágúst, leikur Schoener verk frá 18. og 19. öld, prelúdíu og fúgu í a-moll eftir J.S. Bach, tvo kafla eftir Robert Schumann og verk eftir Franz Liszt sem flutt verður flutt í umritun W. Sebastian Meyer.

Kvöldtónleikarnir sunnudagsins hefjast á prelúdíu og fúgu í e-moll eftir Felix Mendelssohn en auk þess leikur Schoener verk eftir Sigfrid Karg-Elert, Bach og Liszt.

- khh



MYNDLISTARMAÐUR MAGNÚS TH. MAGNÚSSON, TEDDI Vinnur í efni með sögu og fortíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Teddi vinnur í þreyttan við

Myndlistamaðurinn Teddi heldur sjöttu skúlptúrasýningu sína í Perlunni um þessar mundir. Hann segist hrifnastur af þreyttum og lúnum við enda leynist ýmiss konar sínfóníur í honum.

„Sýningin opnaði á þriðjudaginn en hér er ég með áttatíu verk,“ segir Teddi. Verkin eru afrakstur tveggja ára vinnu en skúlptúrana vinnur hann í alumínium, kopar og tré og þeir prýða nú fyrstu hæð Perlunnar í Óskjuhlíð. „Þetta er mest unnið í tré en ég er líka með verk sem eru unnin úr koparskrúfu úr skipi sem strandaði rétt hjá Bessastöðum árið 1940. Mér var gefin skráfan úr því skipi og er búin að gera úr henni fjögur falleg stykki,“ segir listamaðurinn.

Teddi sýnir annað hvert ár í Perlunni en hann hefur fengist við ýmiss konar trjátegundir og efnivið í gegnum árin. „Ég nota mikið íslensk tré, við úr höfninni og rekavið, efni sem búið er að liggja

lengi út og við sem er orðinn þreyttur og lúinn eins og gamla fólk,“ segir hann og hlær. Hann kveðst til að mynda vera einkar hrifinn af íslenskum reyni. „Svo fæ ég stundum efni sem aðrir kjósa að henda, til dæmis við sem er kloffinn en það er bara fengur fyrir mig því þá eru alls konar sínfóníur í honum.“

Margbreytileiki verkanna er jafn mikill og persónuleiki viðar-tegundanna sem koma svo víða að, sumar alla leið frá Síberíu og Chile og frumleiki listamannsins er augljós þegar rýnt er í verkin þar sem andstæður þess fína og grófa, þess náttúrulega og manngerða, mætast á margvíslegan hátt. Formin vísa til þess lífræna sem handverkið temur en vísunin í upprunann er ávallt til staðar. Teddi hefur alltaf farið sínar eigin leiðir í listsköpun sinni og ekki bundist á klafa stundtískunnar. Skúlptúrarnir geyma líka í sér mikla sögu enda eru margir þeirra með mikla fortíð.

„Ég er líka með voða stórt verk úr járnviði á sýningunni, það er þyngsti viður sem til er – hann

sekkur því hann er svo ógurlega þungur. Ég fékk líka hundrað ára gamalt tré frá sænska sendiráðinu. Rótin á því var farin að ryðja sér leið út í tröppurnar og það þurfti að fjarlægja það. Það er álmur og ógurlega fallegur viður, ég er ekki viss um að það séu mörg slík tré hér á landi.“

Teddi útskýrir að dýrari efniviðinn, eins og mahóní, láti hann skera fyrir sig í stórrí bandsög en hann rissi og teikni upp skúlptúrinn fyrirfram. „Maður gerir enga vitleysu þegar maður er með svona dýrmætt efni í höndunum.“

Viðtökurnar hafa verið einkar góðar og kveðst Teddi ánægður með að hafa selt sex verk strax á fyrsta degi. „Það er mjög misjafnt hvernig gengur, við erum svo misjöfn – svona eins og veðrið,“ segir Teddi.

Sýningin stendur til 27. ágúst og er opin á þjónustutíma Perlunnar. Listamaðurinn er sjálfur á staðnum og situr fyrir svörum áhugasamra eftir hádegjöld og líka fram á kvöld um helgar.

- khh

Bragðbestu afgangar í heimi

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Hvað getur maður sagt um Sufjan Stevens? Drengurinn er einfaldlega á æðra plani en flestir af hans kynslóð tónlistarmanna. Þetta er pilturinn sem er búinn að lofa að gera breiðskífu fyrir hvert einasta fylki Bandaríkjanna fyrir utan Texas. Þrátt fyrir það víðamikla verkefni á hann nægilega mörg afgangslög til þess að safna saman á heila breiðskífu. The Avalanche er nefnilega full af lögum sem hann samdi og hljóðritaði fyrir Illinois plötuna, plötu ársins í fyrri Fréttablaðinu og fjölda annarra blaða, en komust ekki alla leið. Hér eru t.d. þrjár mismunandi útgáfur af slagaranum Chicago, allar mjög ólíkar hver annarri, auk 18 annarra laga sem gefa lögnum á meistaraverki hans frá því í fyrri lítið sem ekkert eftir. Í rauninni er fáránlegt að kynna þetta sem afgangsplötu, því maður fær aldrei þá tilfinningu að hér sé eitthvað síðra efni á ferð en hann hefur látið frá sér áður. Segjum bara sem svo að brauðmylsnurnar af borði Sufjan Stevens myndu sóma sér vel sem aðalréttur á finasta borði Englandsdrottningar.

Mig grunar að Sufjan eigi enga kærustu né vini. Því vinnan sem hefur farið í það að semja, útsetja, æfa og hljóðrita öll þessi lög hlýtur að vera gífurleg. Hér er allt gert á gamla mótann. Flest hljóðfærin hljóðrituð í einu og því þarf allt að vera gallalaust áður en ýtt er á upptöku. Hér er mikið lagt í smáatriði og vandaðri tónsmíðar. Þetta er náttúrulega nákvæmlega sami hljóðheimur og á fyrri hluta Illinois og útsetningar svipaðar. Mikið stuðst við blásturs-hljóðfæri, svo sem óbó og flautur. Vibrafóninn og banjóið gefa svo oft notalegan undirtón.

Nokkur lög héra eru þó nokkuð tilraunakenndari en á fyrri hlutanum. Þar má nefna lögin The Pick-Up og hljóðskúlptúrinn For Clyde Tombaugh sem rennur áfram eins og brim á þögla strönd.

Í fyrri skildi Sufjan mig eftir með kjálkann á gólfinu með meistarastykki sínu. Þeirri plötu er enn rennt í gegn, a.m.k. einu sinni í viku. Ég var svona rétt byrjaður að jafna mig, en mig grunar að ég neyðist til þess að ganga með kjálkann í fatla næstu vikurnar til að jafna mig á þessum „afgöngum“.



SUFJAN STEVENS

THE AVALANCHE

Sufjan Stevens safnar saman á plötu „afgöngum“ sem hann samdi fyrir síðustu plötu en komust ekki alla leið. Niðurstaðan er líklegast með betri plötum sem eiga eftir að koma út á þessu ári.

Það er bara enginn leið að komast hjá því lengur, ég segi það því með fullri sannfæringu að Sufjan er ekki bara einn merkilegasti tónlistarmaður sinnar kynslóðar, heldur er hann að stefna í að verða eitt mesta þjóðskáld sem Bandaríkin hafa alið af sér.

Birgir Örn Steinarrson

MR. SKALLA GRÍMSSON
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri í Borgarnesi
Sýningar í ágúst og september

Föstudagur 4. ágúst kl. 20 örfá sæti laus
Laugardagur 5. ágúst kl. 20 uppselt
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15 örfá sæti laus
Sunnudagur 6. ágúst kl. 20 örfá sæti laus

Laugardagur 19. ágúst kl. 20
Sunnudagur 20. ágúst kl. 15
Sunnudagur 20. ágúst kl. 20

Föstudagur 25. ágúst kl. 20
Laugardagur 26. ágúst kl. 20 Uppsett

Föstudagur 1. sept. kl. 20
Laugardagur 2. sept. kl. 20
Sunnudagur 3. sept. kl. 20

LEIKHÚSTILBOÐ
Tviréttaður matur og miði
Frá kr. 4000 - 4800
MIDPANTANIR Í SÍMA 437 1600
PANTÍÐ MIÐA TÍMANLEGA

KRINGLU FRÁIN

Hljómsveitin Sín í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar

Footloose

17. ágúst - kl 20:00 - uppselt
18. ágúst - kl 20:00 - örfá sæti
24. ágúst - kl 20:00 - laus sæti
25. ágúst - kl 20:00 - laus sæti

Míðasala er í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Uppáhaldsblús á íslensku

Fyrsta upplag af blúsplötu KK staldraði ekki lengi við í verslunum enda höfðu aðdáendur beðið nokkuð lengi eftir gripnum.

Diskurinn Blús ber nafn sitt með rentu en líkt og KK útskýrir er þetta fyrsti hreinræktaði blúsdiskurinn sem hann gefur út sem sunginn er á íslensku. „Þetta eru gömul og góð lög, blúslög sem ég hef spilað síðustu 20-30 ár, ekki endilega þessir þekktu blúslög sem maður heyrir oft heldur meira lögin sem maður heyrir oftast nær ekki en eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Mig hefur lengi langað að gera þeim skil og nú er ég búinn að því.“



BLÚSLÖG SEM HEYRAST ALLS EKKI OFT KOMIN Í ÍSLESKAN BÚNING Tónlistarmaðurinn KK segir blústónlistina veita vissa áfallahjálp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KK er margreyndur blústónlistarmaður og þó hann hafi ekki gefið út blúsplötu síðan diskur kom út með hljómsveitinni Grinders fyrir allmörgum árum hafa eitt til tvö blúslög verið á flestum hljómplötunum hans.

Eftir undarlegar hrakningar komst Blús loksins til landsins og í hljómflytningstækjum landsmanna heyrir nú sungið tregafullt um konur og brostnar vonir við ljúfsáran undirleik. KK syngur uppáhaldsblúslögin við texta Braga Valdímars Skúlasonar, eins hirðskálda fjöllistahópsins Baggalúts en samstarf þeirra er nýtt af nálinni. „Ég hef nokkrum sinnum reynt að fá textahöfund til liðs við mig áður en það hefur ekki hentað mér fyrr en núna. Ég átti nú ekkert von á þessu en er alltaf til í að prófa aftur.“ Afraksturinn er ósköp ljúfur og lög á borð við „Hún er mér allt“ og „Hún er einskis manns“ eiga vísast eftir að snerta við mörgum.

„Blúsinn er oft um konur,“ segir KK enda geta þær valdið blús. „Karlarnir eru örugglega eins – það geta ábyggilega allir sungið blús, bæði karlar og konur.“ Að sögn KK getur blústónlist veitt ákveðna áfallahjálp. „Það er oft gott að tala um hlutina og þó ég hafi ekki samið textann þá get ég auðvitað sett mig í spor þess sem ég er að syngja um.“

KK heldur tónleika á Akureyri í kvöld ásamt hljómsveit. „Við ætlum að spila á Græna hattinum, þetta er sjö manna sveit og allt hinir mætustu menn og eitt skemmtilegasta band sem ég hef haft.“ Hann segir að þeir félagar muni fylgja plötunni eftir með tilheyrandi tónleikahaldi um landið og verður hægt að nálgast upplýsingar um slíkar upptökur á nýopnaðri heimasíðu hans, www.kk.is. - khh



MENNTAMÁLARÁÐHERRA TÓK Á MÓTI ELFU RÚN KRISTINSDÓTTUR FIÐLULEIKARA Elfu Rún var vel fagnað af fjölskyldu sinni og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Sæll sigurvegari

Fiðluleikarinn Elfa Rún Kristinsdóttir fékk hlýjar móttökur þegar hún sneri heim frá Þýskalandi í vikunni. Elfa Rún sigraði í alþjóðlegri keppni ungra hljóðfæraleikara sem kennd er við tónskáldið Bach, en keppnin fór fram í Leipzig í júlí. Elfa Rún hefur stundað nám í fiðluleik við Tónlistarháskólann í Freiburg síðustu þrjú árin undir handleiðslu Rainers Kussmaul.

Elfa Rún hlaut einnig verðlaun fyrir að vera yngsti keppandinn, en hún er aðeins 21 árs gömul, og einnig sérstök verðlaun áheyrenda.

Meira en hundrað fiðluleikarar tóku þátt í keppninni sem haldin er annað hvert ár. Enginn Íslendingur hefur áður borið sigur úr býtum í þessari keppni.

Elfa Rún hóf tónlistarnám sitt fjögurra ára gömul en foreldrar hennar eru bæði þekktir hljóðfæraleikarar, Lilja Hjaltadóttir,

fiðluleikari og Susuki-kennari, og Kristinn Örn Kristinsson pianóleikari. Hún síðar stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og þar á eftir í Listaháskóla Íslands þar sem hún útskrifaðist af diplómabraut tónlistardeildar voríð 2003 en kennarar hennar þar voru Guðný Guðmundsdóttir og Auður Hafsteinsdóttir.

Elfa Rún hefur leikið með ýmsum hljómsveitum og hópum, bæði hér heima og erlendis. Hún hefur verið lausráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands, fastur meðlimur Kammersveitarinnar Ísafoldar frá stofnun hennar 2003, auk þess að hafa spilað með KaSa hópnum frá 2004. Elfa hefur einnig spilað með ýmsum kammersveitum í Þýskalandi.

Elfa Rún mun halda tónleika í TÍBRÁ, tónleikaröð Kópavogs, í Salnum á komandi vetri ásamt föður sínum Kristni Erni. - khh

KÁNTRÝHÁTÍÐ

HÚSGAGNAHÖLLINNI

Byrjaðu ferðalagið hjá okkur



Allir sem hafa Dælulykil fá pylsu og Coke

Í tilefni dagsins fá allir Dælulyklaeigendur pylsu og Coke við bensinstöð okkar við Húsgagnahöllina milli klukkan 14 og 18 í dag.

Þeir sem ekki hafa Dælulykil geta fengið lykil á staðnum.



„Pulsaðu þig upp“



Reykjanesbær



Sprengisandur



Kaplakriki Hafnarfirði



Hafnarfjarðarhöfn



Kópavogsbraut



Öskjuhlíð



Skeifunni 7 (við hlið Krónunnar)



LILY ALLEN



PÉTUR BEN

> Í SPILARANUM

Lily Allen: Alright, still...
Guillemots: Through the Window Pane
Skakkamanage: Lab of Love
Mates of State: Bring it Back
Pétur Ben: Wine for my Weakness

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Botnleðja skríður undan feldi

„Ég býst við að klára plötuna núna í ágúst eða september, ég er bara að leggja lokahönd á hana,“ segir Heiðar Örn Kristjánsson um væntanlega plötu The Viking Giant Show. Heiðar er sem kunnugt er gítarleikari og söngvari Botnleðju en hann hefur notað pásu sem hljómsveitin hefur verið í til að taka upp sólóplötu. Heiðar segir að öll lögín séu tilbúin, nú eigi bara eftir að smíða nokkra texta og klára upptökur.

„Það kemur svo bara í ljós hvenær platan kemur út, ég er alls ekkert stressaður yfir því,“ segir Heiðar, sem er ekki búinn að ganga frá samningi við útgefanda.

Nú stýttist líka óðum í að Botnleðja fari að láta á sér kræla að nýju. Raggi bassaleikari er snúinn aftur frá

Barcelona og drengjunum er því lítið að vanbúnaði. „Okkur langar að fara að gera eitthvað sniðugt, við þurfum bara að finna tíma til að henda í æfingar. Við eigum mikið af lögum sem eru tilbúin svo það er spurning um að byrja,“ segir Heiðar. Botnleðja hefur jafnan verið með skemmtilegustu íslensku sveitunum á Airwaves-hátíðinni, enda hafa þeir félagar iðulega klætt sig upp í grímubúninga og vakið mikla athygli. Heiðar þvertur þó fyrir að þeir muni spila á Airwaves í ár. „Við verðum ekki með í ár, en það er aldrei að vita nema grímurnar verði settar upp á næsta ári.“

HEIÐAR Í BOTNLEÐJU Er að klára sólóplötuna sína undir nafni The Viking Giant Show. Innan tíðar fer svo að heyrast aftur frá Botnleðju.



> Plata vikunnar

Thom Yorke: The Eraser

„Fyrsta sólóplata Thom Yorke kemur lítið sem ekkert á óvart en er engu að síður vandað og fallett verk sem vinnur á við hverja hlustun. Englasöngur yfir lágstemmdum krúttlegum tóktum við sveimandi hljómborð og gítarlinur.“

BÓS



SIGUR RÓS Hefur slegið í gegn á tónleikaferð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Túrnum lýkur í kvöld

Tónleikaferð Sigur Rósar um landið lýkur í dag. Sveitin hefur farið víða um land síðustu tvær vikurnar og alls leikið á átta tónleikum. Í gær lék Sigur Rós á tvennum tónleikum, þeir fyrri voru á Kárahnjúkasvæðinu um hádegis og um kvöldið lék sveitin á Seyðisfirði. Hápunktur tónleikaferðarinnar var án efa síðastliðið sunnudagskvöld þegar vel yfir 15 þúsund manns sóttu tónleika Sigur Rósar á Miklatúni í Reykjavík. Allir tónleikarnir, og ýmislegt sem á daga sveitarinnar hefur drifið síðustu daga, hefur verið fest á filmu. Liðsmenn Sigur Rósar áætla að nota afraksturinn á væntanlegan DVD-disk. Lokatónleikar ferðarinnar eru í Ásbyrgi í kvöld.



Georg Holm Flottur á Miklatúni.

Góðir gestir á Innipúkanum

Hin skemmtilega hátíð Innipúkinn hefst í kvöld þar sem fram kemur rjóminn af íslensku tónlistarfólki auk áhugaverðra erlendra listamanna en hátíðin fer nú fram í fimmta skiptið. **Steinþór Helgi Arnsteinson** kynnti sér betur erlendu gestina.

Það verður að segjast alveg eins og er að erlendu gestirnir í ár eru ekki eins spennandi og þeir voru í fyrra, enda leiddu þar saman hesta sína til dæmis Cat Power, Blonde Redhead, Jonathan Richman og The Raveonettes. Erlendu gestirnir í ár eru þó langt frá því að vera einhverjir aukvistar eða óspennandi.

Stærsta nafnið á hátíðinni í ár er án efa hin goðsagnakennda hljómsveit Television, með Tom Verlaine í fararbroddi. Þó að ekki margir þekki hljómsveitina eru áhrif hennar gífurleg, meðal annars á pönkið og hljómsveitir á borð við Strokes, Sonic Youth og jafnvel U2. Platan Marquee Moon frá árinu 1977 þykir eitt af meistaraverkum rokk sögunnar og sem dæmi var hún í sæti númer tvö í nýjasta hefti tónlistartímaritsins Uncut yfir bestu frumbrúð sögunnar, einungis fyrsta plata Velvet Underground þótti betri. Frá 1978 hefur ferill Television verið nokkuð slitróttur en til Íslands mæta þó allir upp-



FRUMKVÖDLAR Hljómsveitin Television hefur haft mikil áhrif á rokk tónlist nútímans.

runalegu meðlimir sveitarinnar, fyrir utan bassaleikarann Fred Smith.

Ein farsælasta indí-sveit Bandaríkjana

Önnur goðsögn sem mun spila á Innipúkanum í ár er hljómsveitin Throwing Muses. Sú sveit var stofnuð af hálfstrumun Kristínu Hersh og Tanyu Donnelly á fyrri hluta 9. áratugarins og tengist hún mikið hinni gróskusömu Boston-bylgju sem var upp á sitt besta um 1990, með Pixies í fararbroddi. Þó má fær góð rök fyrir því að Throwing Muses hafi lagt farveginn fyrir frekari vinsældir Pixies.

Donnelly sagði skilið við sveitina árið 1992 til að ganga til liðs við The Breeders (þar sem Kim Deal, bassaleikari Pixies, var einnig). Héldu þá margir að dagar sveitarinnar væru taldir en árið 1995 afsannaði sveitin allar slíkar getgátur með plötunni University sem fékk frábæra dóma beggja vegna Atlantshafsins. Hersh lagði sveitina síðan aðeins til hlíðar nokkru seinna en árið 2003 kom út ný skífa frá sveitinni, samnefnd henni, sem fékk misjafna dóma en sé hún til dæmis borin saman við University er Throwing Muses-platan mun rokkaðri. Hljómsveitin hefur því vonandi engu gleymt og því verður forvitnilegt að sjá hana spila á Nasa á laugardagskvöldið.

Hollensk stuðgella og rokkaðir Danir

Hinar erlendu sveitirnar eru ekki alveg af sömu stærðargráðu og Television og Throwing Muses en þær eru langt frá því að vera óáhugaverðar. Solex er sem dæmi eins manns hljómsveit frá Hollandi, skipuð hinni framsæknu Elisabeth Esselink. Hún hefur gefið út nokkrar plötur hjá bandaríska plötufyrirtækinu Matador sem hefur gefið út ekki minni spámenn en Mogwai, Yo La Tengo, Pavement og fleiri. Solex spilar skemmtilegt elektró-popp sem verður vafalaust hægt að dilla sér vel við.



FLOTT Throwing Muses eiga væntanlega eftir að heilla gesti Innipúkans næstkomandi laugardagskvöld.

Á sunnudeginum spilar svo danska indirokksveitin Speaker Bite Me, sem hefur verið afar vinsæl í heimalandi sínu og jafnvel víðar frá síðasta hluta seinustu aldar. Plötur sveitarinnar hafa komið út víða um Evrópu og hefur sveitin meðal annars fengið lög sín spilðu í framsækna þætti MTV, Alternative Nation. Meðlimir sveitarinnar hafa allir verið mjög virkir í alls konar verkefnum og því hefur hljómsveitin ekkert verið alltof virk sem slík. Ný plata er þó væntanleg á næsta ári.

Einn meðlimur Speaker Bite Me, Signe Høirup Wille-Jørgensen, mun einnig spila sérstaklega á föstudagskvöldinu undir nafninu Jomi Massage, sem er sólóverkefnið hennar. Hana má einnig berja augum í 12 Tönum í dag þegar hinir árlegu upphitunartónleikar fara fram. Auk Jomi Massage spila einnig Eberg, The Foghorns og Gavin Portland. Upphitunartónleikarnir byrja klukkan 16 og síðan er bara að skella sér á sjálfan Innipúkann um helgina.





THOM YORKE Pólítískur að vanda, en virðist ekki þora að standa við orð sín.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Deilur um pólítík

Miklar umræður eru nú meðal aðdáenda hljómsveitarinnar Radiohead um pólítískar skoðanir söngvarans Thom Yorke. Söngvarinn setti færslu inn á heimasíðu sveitarinnar þar sem hann krafðist afsagnar breska forsætisráðherra Tony Blair. Yorke skrifaði að sér þætti nóg komið af samstöðu Blairs með George Bush, nú þegar þriðja heimsstyrjöldin virtist vera að brjótast út. Færslan var hins vegar tekin út af heimasíðu Radiohead og engar skýringar hafa fengist á því. Sumir vilja meina að Yorke hafi verið beittur þrýstingi af stjórnvöldum, en aðrir telja að hann hafi lesið yfir eigin skrif og einfaldlega snúist hugur.



SHAUN RYDER Vinnur að fyrstu plötu Happy Mondays síðan 1992.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Fyrsta platan í 14 ár

Breska hljómsveitin Happy Mondays hefur lokið upptökum á fyrstu plötu sinni í 14 ár. Shaun Ryder söngvari og félagar hans eru ekki með plötusamning en hafa tekið plötuna upp með upptökustjórunum Sunny Levine og Howie B. Meðal gesta sem koma fram á plötunni er Ry Cooder. Enginn útgáfudagur hefur enn verið ákveðinn en væntanleg plata Happy Mondays er sú fyrsta sem sveitin gefur út síðan 1992. Sveitin sendi frá sér smáskífuna Playground Superstar í fyrra. „Shaun syngur vel, hann rappar vel og textarnir hans eru geðveikir. Og hann lítur vel út, ég myndi ekki segja að hann væri kynsandi en hann lítur vel út,“ sagði upptökustjórinn Howie B um plötuna.



„Hvað er með Ásum?“

Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings.

Laxárstöðvar í Aðaldal



Orka í iðrum jarðar!

Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáíð myndir frá Kröflueldum. Kynnist jarðvarma og orkuvinnslu.

Kröflustöð í Mývatnssveit

Sumarið er okkar tími!

Tilvalið að líta inn



Með krafta í köggjum!

Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmálara við Grettissögu. Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.

Blöndustöð, Húnabíngi



Kynnist Kárahnjúkavirkjun!

Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

Végarður í Fljótsdal



List og saga

„Andlit Þjórsdæla – mannlíf fyrr og nú“. Einnig málverkasýning Hlílfars Snæbjörnssonar, athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.

Sultartangastöð ofan Þjórsárdals



Ísland í augum innflytjenda

Hvaða sýn hafa innflytjendur á land og þjóð? Listsýning nokkurra innflytjenda. Skemmtidagskrá margar helgar í sumar.

Ljósafossstöð við Sog



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar

Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000

SUMARTILBOÐ Á SAMSUNG SÍMUM



SAMSUNG D820

37.980 kr.

Glæsileg hönnun. Örfunnur, með stórum TFT hágæða litaskjá og 1,3 MP myndavél sem hægt er að snúa 180 gráður. Hægt er að tengjast tölvu, handfrjálsum búnaði og blátannarsímum í gegnum blátannarbúnað.



SAMSUNG X650

14.980 kr.

Gullfallegur samlokusími, sem býður upp á alla helstu möguleikana. Meðal búnaðar má nefna VGA myndavél og hægt að taka upp hreyfimyndir, FM-útvarp, 3MB minni, 6 klukkustunda taltíma á rafhlöðu og margt fleira.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.



Síminn

* Eingöngu innan kerfis Símans

REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR KVEÐUR HEFÐBUNDIÐ LÍF

Ástin kviknar á tókustað

Í vor fékk ég tilboð um að vinna við gerð kvikmyndar. Ég ákvað að slá til og leggja „niú til fimm“ skrifstofuvinnunni sem hefur einhvern veginn alltaf loðað við mig. Ég fékk það verkefni að vera skrifa í myndinni sem þýðir að maður þarf alltaf að vera á staðnum og þar af leiðandi er enginn möguleiki á að missa af neinu sem á sér þar stað. Framhjá manni fer nefnilega fátt í þessu starfi.

Í svona verkefnum verður fólk heltekið af vinnunni sinni og allt annað verður undir eða jafnvel gleymist tímabundið. Fólk eyðir heilu og hálfu sólarhringinum saman og hittir oft lítið af öðru fólk vikum saman fyrir utan „krúðið“ sitt. Þegar örlítið tími gefst til að slaka á, vill þetta sama „krú“ meira að segja eyða þeim örfáu mínútum saman. Fólk kynnist á ótrúlegum hraða og tengist

einvers konar órjúfanlegum böndum. Við þessar aðstæður getur fólk líka tengst einhverjum sterkari böndum en bara vinaböndum. Þessu hef ég nefnilega orðið vitni að, mér til ómældrar ánægju og umhugsunar!

Í þessum bransa, sem er að flestu leyti hraður og spennandi, koma oftar en ekki stundir þar sem lítið er annað að gera en að bíða. Þá eru kannski „griparnir að rigga dollíði“, „propsarnir að dressa settið“ eða „fókuspúllerinn að púlla fókus!“ Þann tíma notar fólk til að stinga saman nefjum, segja nokkra vel valda bandara eða setja upp smá sýningu fyrir hina.

Eins og ég sagði eru oft margir einhlepningarnir að stinga saman nefjum og spjalla saman, sumir stinga líka meira saman nefjunum en aðrir og fyrr en varir fer

skrifnan að taka eftir óeðlilega miklum nefjastungum, jafnvel að farið sé þangað sem enginn sér til. Fólk reynir að láta sig hverfa sporlaust en það eru víst ansi fáir sem glæpurinn fer framhjá á „settinu“.

Fyndnast er hvernig þau vilja halda og trúa að enginn hafi tekið eftir því. Þá brosa allir út í annað í laumi og hlæja svo að því saman eitthvert kvöldið þegar þau hverfa enn og aftur. Smá gaggóflingur! Ég verð nú reyndar að segja að mér finnst alveg brillíant að fólk í þessum bransa pari sig saman. Þetta er nefnilega skorpunnna sem gefur oft dauðan tíma inn á milli verkefna. Fyrir þetta fólk er ofsalega heppilegt að finna sér maka sem skilur hvernig þetta gengur fyrir sig og hefur þolinmæði fyrir því.

Ég varð reyndar vitni að þessu fyrir um

tíu árum síðan þegar ég komst í kynni við þennan bransa í fyrsta sinn. Það var reyndar öllu svakalegra dæmi þar sem „kastið“ og „krúðið“ var saman á ferð í 2 vikur. Þá voru því miður öllu alvarlegri hlutir á ferð.

En hvað sem öðru líður verður að teljast skiljanlegt að með fólk í þessum stífu verkefnum takist ástir, fólk er jú saman öllum stundum og kynnist á ótrúlega marga og mismunandi vegu sem gerist sjaldan hjá hinum venjulega vinnumanni. Nú er til dæmis nótt hjá mér og dagur hjá ykkur... eigið góðan dag!



RÉTTA BRAGÐIÐ SYKURLAUST



Bestu útilegulögin

Það er jafn nauðsynlegt að hafa með sér kassagítar í útilegur eins og tjald. Það er ekkert betra en að sitja í góðra vina hópi undir berum himni og raula lög sem maður syngur

aldrei en kann samt sem áður utan að. Það eru líka furðumargir sem kunna að spila á gítar og skemmtilegustu lögin eru með mjög einföldum gripum. Fréttablaðið hafði sam-

band við nokkra vel valda kassagítarleikara sem völdu sín uppáhaldslög. Þetta eru lögin sem eiga að koma fólk í partískap á fallegum íslenskum sumarkvöldum.

SÓLMUNDUR HÓLM SÓLMUNDARSSON BLAÐAMAÐUR



Það sem virkar langbest þegar ég ríf í gítarinn er lagið Angel með Jamaíkaundrinu Shaggy. Það hefur eflaust eitthvað með það að gera að ég er besta Shaggy eftirherma landsins en lagið er líka skothelt. Það er nánast sama fyrir hvaða hóp ég tek það - það hittir alltaf beint í mark. Ég segi „nánast“ því hestamenn virðast ekki kunna að meta þetta skemmtiatriði mitt. Íslenskir slagarar virka líka alltaf vel en þó forðast ég það í lengstu lög að spila Stál og hníf, Fram á nótt og Hjalpaðu mér upp. Svartur afgan er líka aftarlega á playlistanum, ekki nema Olga Færseth vinkona mín biðji mig að spila það. Þá geri ég það undir eins.“

Angel með Shaggy

(Lagið byggist upp á sama hring af hljóðum sem eru endurteknir í sífellu: F# - B - C# - B - C#)

Girl, you're my angel, you're my darling angel
Closer than my peeps you are to me, baby
Shorty, you're my angel, you're my darling angel
Girl, you're my friend when I'm in need, lady
Life is one big party when you're still young
But who's gonna have your back when it's all done
It's all good when you little, you have pure fun
Can't be a fool, son, what about the long run
Looking back Shorty always mention
Said me not giving her much attention
She was there through my incarceration
I wanna show the nation my appreciation

JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON LEIKARI



Bubbi kemur strax upp í hugann ef ég á að nefna vinsælasta kassagítarslagið. Rómeó og Júlía er klassískt óskalag áhorfenda, eiginlega alveg óþolandi lag fyrir trúbadora að syngja vegna þess maður þarf að taka það að minnsta kosti tvístar sinnum á kvöldi sem getur verið frekar þreytandi þó að ég sé alls ekki að setja út á lagið, klassalag. Persónulega finnst mér Bítalögin rosa skemmtileg og svo er erfiðasta lag allra tíma fyrir gítarleikara Bohemian Rhapsody með Queen rosaalega skemmtilegt lag sem vekur ávallt mikla lukku. Einnig hef ég það að venju að spila Íslenska Þjóðsönginn sem loklag og kemur það á óvart hversu margir eru með textann og lagið á hreinu.“

Bohemian Rhapsody með Queen

Is this real life. Is the just fantasy?

Caught in a landslide, no escape from reality.

Gm

Open your eyes

Bb Eb

Look up to the skies and see

Cm(7) F

I'm just a poor boy, I need no sympathy

B Bb A Bb B Bb A Bb

easy come, easy go, little high, little low (bass enters)

Eb Bb/D C#dim F7/C F7/Eb Bb

Any way the wind blows, doesn't really matter to me to me.

Bb Gm

Mama just killed a man

Cm Cm7 F

put a gun against his head, pulled my trigger, now he's dead

Bb Gm Cm G+5/B Eb/Bb Adim

Mama life had just begun, but now I've gone and thrown it all away

Eb Bb/D Fm C/E Ab/Eb Ddim Bb Bb6 Bb7

Mama Oooo didn't mean to make you cry, if I'm not back again this time

Eb

tomorrow,

Bb/D Cm Abm Eb Ab/Eb Eb Cdim Bb7sus4b9 Bb

Carry on, carry on as if nothing really matters.

Gm

Too late, my time has come

Cm Cm7 F

Sent shivers down my spine, body's achin' all the time,

Bb Gm

Goodbye everybody, I've got to go,

Cm G+5/B Eb/Bb Adim Abmaj7 Eb/G

Gotta leave you all behind and face the truth.

Eb Bb/D Cm Fm C/E Ab/Eb Ddim Bb Bb6 Bb7

Mama Ooo I don't want to die, I sometimes wish I'd never been born at all.

D/A A Adim A D/A A Adim

I see a little silhouette of a man

A D/A A D/A A Adim A D/A A

Scaramouch Scaramouch will you do the fandango?

C#/G# G# C#/G# G# C/G E7 A

Thunder bolts and lightning very very frightening me

N.C.

Galileo Galileo Galileo Galileofigaro Magnifico oh oh oh

B Bb A Bb B Bb A Bb

HELGI VALUR ÁSGEIRSSON TRÚBADOR



Gin and Juice með Snoop Dog

Gripin: F - G# - F# endurtekin
I'm serious nigga one of y'all niggaz got this ass motherfuckin up
Aiy baby, aiy baby... aiy baby get some bubblegum in this motherfucker
Steady long, steady long nigga
With so much drama in the L-B-C
It's kinda hard bein' Snoop D-O-double-G
But I, somehow, some way
Keep comin up with funky ass shit like every single day
May I, kick a little something for the G's (yeah)
and, make a few ends as (yeah!) I breeze, through
Two in the mornin and the party's still jumpin
cause my mamma ain't home
I got bitches in the living room gettin it on
and, they ain't leavin til six in the mornin (six in the mornin)
So what you wanna do, sheeit
I got a pocket full of rubbers and my homeboys do too
So turn off the lights and close the doors
But (but what) we don't love them hoes, yeah!
So we gonna smoke a ounce to this
G's up, hoes down, while you motherfuckers bounce to this
Rollin down the street, smokin ENDO, sippin on gin and juice
Laid back [with my mind on my money and my money on my mind]

Ég hef spilað mikið í partíum og þegar ég ætla að trylla gesti tek ég lagið Gin and Juice með Snoop Dog. Það er svo gaman að taka það því það kunna allir textann og syngja hástöfum með. Ég hef meira að segja spilað lagið á tónleikum þegar mig langar að fá áhorfendurnar í meira stuð. Af íslenskum lögum er það ekkert sérstakt sem kemur upp í hugann en einna helst eru það lögin hans Vilhjálmssonar sem fólk kann vel að meta.

((STÓR)) ÚTSALAN ER HAFINN

Tónlist frá

199 kr.

DVD frá

699 kr.

Tölvuleikir frá

799 kr.



S · K · Í · F · A · N

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

Nýtt í bíó

Ótrúlegur elskur þú hefur aldrei upplifað það áður

A PRAIRIE HOME COMPANION
Frábær gamanmynd með Íslandsvininum John C. Reilly

SILENT HILL

OVER THE HEDGE

STICK IT

CLICK

DA VINCI CODE

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

REGNBOGINN Sími 551 9000

Borgarbið Sími 462 3500

THE SENTINEL	kl. 5, 40, 8 og 10.20 B.L. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 5, 40, 8 og 10.20
SILENT HILL	kl. 8 og 10.40 B.L. 16 ÁRA
OVER THE HEDGE ISL. TAL	kl. 3, 5 og 8
OVER THE HEDGE ENSKT TAL	kl. 3, 5, 30, 8 og 10.20
STICK IT	kl. 10 B.L. 10 ÁRA
CLICK	kl. 3
RAUÐHETTA ISL. TAL	kl. 3

400 kr. í bíó!
Gildir á allar sýningar í Regnboginum markar með rauðu

Dolby Digital, SDDS, THX, BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

MICHAEL DOUGLAS KIEFER SUTHERLAND
EVA LONGORIA KIM BASINGER

LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

ÞÚ ERT ALDRÍ OF UNDRÍ TIL AD DEYJA
NÓGU SPENNUMYND Í ANNA JAMES GOND

THE SENTINEL
MÖGNUD SPENNUMYND Í ANNA "24"

ALEX RIDER STORMBREAKER

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 14

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10

OVER THE HEDGE

FAST & FURIOUS: TOKYO DRIFT

Sýnd kl. 4 og 6 ISL. TAL

Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 12

www.laugarasbio.is

Grant í brúðkaupið

Fyrirsætan Elizabeth Hurley er að fara að giftast unnusta sínum, indverska milljónamæringnum Aroun Nayar, á næstunni. Samkvæmt blaðinu Daily Star hefur Hurley beðið fyrrverandi kærasta sinn, Hugh Grant, um að vera svaramaður hennar í brúðkaupinu. Hurley og Grant hafa haldið góðu sambandi síðan leiðir þeirra skildu en Grant á einnig kærustu sem ber nafnið Jemina Khan og list henni ekki nógu vel á þennan ráðahag. Khan hræðist umfjöllun fjölmiðla í kjölfar brúðkaupsins og vill ekki að fólk misskilji samband Hurley og Grants.



TILVONANDI BRÚÐHJÓN Elizabeth Hurley er að fara að giftast unnusta sínum á næstunni og hefur beðið Hugh Grant um að vera svaramann við slæmar undirtektir núverandi kærustu hans.

Margt verður um manninn í brúðkaupinu og þykja spekingar vita fyrir víst að ef Grant afþakki boð Hurley þá muni Elton John vera næstur í röðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Zidane í Reykjavík

Kvikmyndin Zidane: Andlit 21. aldarinnar eftir þá Douglas Gordon og Philippe Parreno, sem Sigurjón Sighvatsson framleiðir, verður sýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík en hún verður haldin nú á haustmánuðum. Myndin var tekin upp á fjölda myndavéla í leik Zidane með félagslíði sínu, Real Madrid, gegn Villareal og þykir sýna þessa vinsælustu íþrótt í nýju ljósi.



ANDLIT 21. ALDARINNAR Kvikmyndin um Zinedine Zidane þykir sýna knattspyrnuna í nýju ljósi.

Hlýtur að eiga meira [TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Snorri Snorrason, oft nefndur Hvíti kóngurinn af einhverjum ástæðum, var þriðji sigurvegari hinnar íslensku Idol-keppni og eins og með fyrirrennara hans þá var Snorra strax snarad úr sigurbýnnkenni og yfir í stúdíó. Útkoman er, því miður, bitlaus, flatur og óeftirminnilegur karaókidiskur. Í stað þess að leyfa Snorra örlítið að aðlagast breyttum aðstæðum í lífi sínu, fá smá fjarlægð á keppnina og að þroskast sem tónlistarmaður er Snorra einfaldlega hent út í djúpu laugina. Málið er að Snorri er langt frá því að vera ósýndur og í raun er lítið við Snorra persónulega að sakast. Snorri er afar frambærilegur söngvari og rödd hans ber sérstakan keim sem vel væri hægt að nýta á íslenskum poppmarkaði.



SNORRI SNORRASON

ALLT SEM ÉG Á

Niðurstaða: Hvíti kóngurinn sendir frá sér ófrumlega, bitlausa og óeftirminnilega /Edolplötu. Ekki er þó við á Snorra að sakast, þannig séð. Hann skilar sínu ágætlega en líður fyrir hugmyndasnaúðar lagasmíðar og einsleitar útsetningar. Íslenskir tónlistarkaupendur hljóta að krefjast meiri gæða frá stærsta tónlistarútgáfufyrirtæki landsins.

Það sem helst dregur plötu Snorra niður eru einhæfar útsetningar og ófrumlegar lagasmíðar sem ná aldrei neinu flugi. Að þeim sökum fær maður fljótt leið á lögum plötunnar og í lok hennar er allur kraftur úr henni. Þegar rennt er í gegnum plötuna aftur er síðan ekkert sem vekur áhuga manns, engar nýjar uppgötvanir sem maður tók ekki eftir við fyrstu hlustun.

Í ábreiðulögunum á plötunni nær Snorri heldur aldrei að „gera þau að sínum“, svo ég noti nú frasa myndlíkingakónganna í Ædol, þannig að það mesta sem hlustandinn fær úr því að hlusta á þessi lög er örlítil löngun til að fara og hlusta á upprunalegu lögin í staðinn. Grant Lee Buffalo slagarinn Fuzzy er þó ein áfa það sem stendur upp úr á plötunni.

Ófarirnar eru ekki Snorra að

kenna. Þarna fær nýliði í bransanum að starfa með því sem hefur verið kallað „einvallalið íslenskar popptónlistar“. Því miður fyrir Snorra er þetta „einvallalið“ einfaldlega orðið þínu þreytt og ákaflega ófrumlegt. Útgáfa plöturisa Íslands, Senu, þarf einfaldlega að fá spark í rassinn. Íslenskir tónlistarkaupendur hljóta að vera komnir með leið á öllum þessum ábreiðu-, karaóki- og safnplötum, Ég get einfaldlega ekki trúað því að þeir vilji láta bjóða sér þetta til lengdar. Íslenskt tónlistarlíf hefur svo sannarlega meira upp á að bjóða og það held ég að Snorri hafi líka. Þetta getur varla verið allt sem hann á.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

Trommarinn hættur

Trommarinn Jon Theodore er hættur í hljómsveitinni The Mars Volta samkvæmt fréttum frá MTV. Í stað hans kemur Blake Fleming, sem var einn af stofnmeðlimum hljómsveitarinnar og trommaði á fyrstu prufuupptökum hennar. The Mars Volta hefur ekki sent frá sér tilkynningu vegna þessa eða gefið kost á viðtölum. Sveitin hefur hins vegar látið þau skila boð út ganga að ekki komi til frestunar á tónleikaferðalagi hennar með Red Hot Chili Peppers. Útgáfu á breiðskífu hljómsveitarinnar, Amputechture, hefur þó verið frestað fram til 12. september.



THE MARS VOLTA Trommari sveitarinnar er hættur en nýr er þegar fundinn.

SUPERMAN ÍSPINNI

GRÍMAN

grænn létt **Lurkur** sykurlaus

NYTT frá emmessis

Öllum brögðum beitt!



ALFABAKKA

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 2-4-5-7-8-10-11	B.I. 12
PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 VIP	KL. 2-5-8-11	
THE LONG WEEKEND	KL. 6:15-8-10-11	B.I. 14
OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 2-4-6	LEYFD
OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i>	KL. 2	LEYFD
SUPERMAN RETURNS	KL. 2-5-8-11	B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 8:15	LEYFD
BÍLAR <i>isl. tal</i>	KL. 1:45-4	LEYFD

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

MEÐ CHRIS KLEIN ÚR "AMERICAN PIE" MYNDUNUM.

HANN HEFUR EINA LANGA HELGI TIL AÐ KENNA LITLA BRÓÐUR SÍNUM HVERNIG HÚKKA EIGI DÖMURNAR.

THE LONG WEEKEND

TVEI BRÓÐUR, EIN HELGI, ENGIN SKÖÐUR



KRINGLUNNI

*PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 5:15-8:15-11:15	B.I. 12
THE LONG WEEKEND	KL. 6-8:15-10:15-11:15	B.I. 14
*OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 4-6	LEYFD
*OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i>	KL. 8	LEYFD
BÍLAR <i>isl. tal</i>	KL. 3:45	LEYFD

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is



KEFLAVÍK

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 7-10	B.I. 12
THE LONG WEEKEND	KL. 6-8-10	B.I. 14

AKUREYRI

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 6-9	B.I. 12
OVER THE HEDGE <i>isl. tal</i>	KL. 6	LEYFD
OVER THE HEDGE <i>enskt. tal</i>	KL. 8	LEYFD
SUPERMAN RETURNS	KL. 10	B.I. 10

HÁSKÓLABÍÓ

PIRATES OF THE CARIBBEAN 2	KL. 5:30-6-8:30-9-10:30	B.I. 12
HALF LIGHT	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 16
SUPERMAN RETURNS	KL. 5:30-8:30	B.I. 10
THE BREAK UP	KL. 5:30-8	LEYFD

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919



UPPHAFIÐ AÐ ÖLLU Kvikmyndin The Passion of the Christ gæti verið upphafið að öllu þessu fjölmiðlafári í kringum ummæli Mels Gibson en hún þótti ansi andsnúin gyðingum.

Ferill Gibsons í hættu

Að undanfögnu hefur verið greint frá máli Mels Gibson en hann var handtekinn fyrir nokkru vegna undarlegs aksturlags. Í ljós kom að Gibson var ölvaður en leikarinn hefur átt við áfengisvandamál að stríða.

Gibson hefur nú verið formlega ákærður fyrir að hafa ekið ölvaður og að vera með opna áfengisflösku í bílnum. Gibson var hins vegar ekki kærður fyrir of hraðan akstur en hann var tekin á 137 kílómetra hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 70. Ef leikarinn verður sakfelldur gæti hann átt yfir höfði sér sex mánaða fangelsi en mál Gibsons hefur vakið gríðarlega athygli um allan heim, ekki síst vegna þeirra ummæla sem leikarinn lét falla á meðan á handtökunni stóð.



LÍBANON Ummæli Gibsons koma á afar viðkvæmum tíma enda sér ekki fyrir endann á stríðsátökunum í Líbanon þar sem Ísraelsher hefur ráðist til atlögu geng Hizbollah-samtökunum.

Samkvæmt AP fréttastofunni er Gibson sagður hafa lýst því yfir í heyranda hljóði að gyðingar væru ábyrgir fyrir öllum stríðum í heiminum. Síðan á leikarinn að hafa spurt lögregluþjóninn: „Ert þú gyðingur?“ Gibson sagði í yfirlýsingu sinni að hann væri alls ekki á móti gyðingum því hatur gengi gegn trú hans en leikarinn er meðlimur í mjög strangtrúðu-um kaþólskum söfnuði. Hann bað einnig samtök gyðinga afsökunar og vonaðist til að þau myndu hjálpa honum aftur á rétta braut.

Málið er allt hið vandræðalegasta fyrir óskarsverðalaunahafann Mel Gibson enda eru gyðingar meðal valdamestu manna í Hollywood. Fréttavefur BBC greinir frá því í netútgáfu sinni að þessi ummæli gætu sett stórt stríð í reikninginn hjá Gibson enda hefði hann leikið sér ansi mikið með eldinn þegar kvikmyndin The Passion of the Christ var frumsýnd. Þar þótti Gibson sýna helst til of mikið af þætti gyðinga í dauða Jesú. Jafnframt eru mjög viðkvæmir tímar fyrir botni Miðjarðarhafs þar sem Ísraelsher reynir nú að ganga milli bols og höfuðs á Hizbollah-samtökunum í Líbanon við misjafnar undirtektir alþjóðasamfélagsins. „Mér finnst ótrúlega svekkjandi að maður í þessari stöðu skuli láta svona út úr sér þegar ástandið er jafn viðkvæmt,“ sagði Amy Pascal, formaður kvikmyndadeildar Sony Columbia fyrirtækisins, í samtali við The Los Angeles Times. Hin virta sjónvarpsfréttakona Barbara Walters lýsti því yfir á ABC að hún hygðist sniðganga verk



SNIDGENGUR VERK GIBSONS Hin virta fréttakona, Barbara Walters, lýsti því yfir á ABC að hún hygðist sniðganga öll verk Gibsons hér eftir.

Gibsons og framleiðandinn Peter Bart, sem færði heiminum Hefnd nördanna 2, sagði að Gibson hefði stofnað ferli sínum í hættu. Jerry Weintraub, framleiðandi Oceansmynda George Clooney, sagðist líða illa yfir þessu máli og að hann myndi til með Gibson. „Ég er virkilega vonsvikinn,“ bætti hann við.

Engu að síður fékk Gibson mikinn stuðning frá Oren Aviv, forseta markaðsdeildar Buena Vista kvikmyndafyrirtækisins, sem sagði að öllum yrði einhvern tímann á í lífinu. „Ég hef móttekið afsökunarbeiðni frá Mel Gibson og óska honum velfarnaðar í bata sínum,“ sagði Aviv en það er einmitt Buena Vista sem dreifir nýjustu mynd Mels Gibson, Apocalypse.

Damon Albarn með nýja hljómsveit

Tónlistarmaðurinn og Íslandsvinurinn Damon Albarn er búinn að stofna nýja hljómsveit. Damon hefur undanfarið unnið að sólóplötu í samstarfi við Danger Mouse en hefur nú ákveðið að taka sér hlé frá því verkefni. Blur-aðdáendum verður ekki að ósk sinni um að Damon fari aftur að vinna með Graham Coxon að nýju Blur-efni. Nei, drengurinn hefur hóað í bassaleikarann Paul Simonon úr The Clash og gítarleikarann

Simon Tong úr The Verve í nýju hljómsveitina. Auk þeirra verður Tony Allen á trommunum. Hljómsveitin hefur enn ekki fengið nafn en áætlað er að fyrsta smáskífan verði gefin út í október. Fyrsta stóra platan, sem fengið hefur nafnið The Good the Bad and the Queen, verður svo gefin út í janúar á næsta ári. Damon og félagar hafa lokið við upptökur á plötunni, sem er einhvers konar „konsept“-plata um það að búa í London.



DAMON ALBARN Hvílir sig á gerð sólóplötu með því að stofna nýja hljómsveit. Fyrsta plata sveitarinnar kemur út í byrjun næsta árs.

Litlar vinsældir Rock Star

Þrátt fyrir miklar vinsældir Rock Star: Supernova hér á landi virðast Bandaríkjamenn ekki vera jafn hrifnir af hinum eitilhörðu rokkurum sem reyna að fá inni hjá rokk-sveitinni Supernova. Þættirnir hafa ekki enn náð inná topp 20 listann þar vestra sem þykir mikið áfall fyrir CBS - sjónvarpsstöðina enda voru engin smástirni fenginn til að vera með að þessu sinni því þeir Tommy Lee, Gilby Clarke og Jason Newsted hafa allir verið meðlimir í þekktustu rokk-sveitum heims.



SUPERNOVA Virðist ekki ná augum og eyrum bandarískra sjónvarpsáhorfenda en þátturinn nær ekki inná topp 20 listann þar vestra

Rock Star kemst ekki nálægt vinsældum American Idol sem hefur lengi trónað á toppnum í Bandaríkjunum þegar þau Randy Jackson, Simon Cowell og Paula Abdul birtast skjánum þar vestra. Idol - þátturinn virðist eiga þessa

senu í sjónvarpi því ABC hefur hætt framleiðslu á raunveruleikaþáttunum The One: Making a Music Star eftir að fyrstu tveir þættirnir fengu ákaflega lítið áhorf.



Tap gegn Færeyingum

Íslenska U17 ára landslið Íslands tapaði fyrir heimamönnum í Færeyjum á opna Norðurlandamótinu í gær. Leikar enduðu 2-0 en Danir sigruðu í riðlinum með sjö stig úr leikjunum þremur, Finnar urðu í öðru sæti með fjögur en síðan komu Íslendingar og Færeyingar með þrjú stig.

sport
sport@frettabladid.is

HELGI VALUR DANIELSSON: HEFUR JAFNAÐ SIG AF MEIÐSLUNUM OG ER BYRJAÐUR AÐ SPILA Á NÝ

Pungur róður framundan hjá Öster

Helgi Valur Danielsson er loksins byrjaður að spila með sænska úrvalsdeildarliðinu Öster á nýjan leik en hann var frá í þrjá mánuði vegna meiðsla í nára. Meiðslin ná reyndar mun lengra aftur þar sem hann lék flesta leiki liðsins áður en deildin fór í HM-frí meiddur á nára.

„Þetta voru álagsmeiðslí sem urðu bara verri og verri með hverjum leiknum. Ég fann fyrir verk áður en tímabilið hófst en spilaði engu að síður flesta leiki liðsins í vor,“ sagði Helgi Valur við Fréttablaðið en þar til á mánudagskvöldið hafði hann verið frá vegna meiðslanna í þrjá mánuði. Öster



lék þá á útvelli gegn Emil Hallfreðssyni og félögum í Malmö FF.

„Við töpuðum nú leiknum 2-0 en að öðru leyti gekk mér ágætlega. Ég gat spilað allan leikinn og var alveg laus við verkinn. Ég var svoltíð stífur eftir leikinn en það

voru þó engin meiðslí.“ Þess má geta að Emil var

einnig í byrjunarliði Malmö.

Helgi Valur gekk til liðs við Öster nú fyrr á árinu, eftir að hafa verið hjá Fylki, en liðið komst upp úr sænsku 1. deildinni síðastliðið haust. Liðið hefur aðeins náð einum sigri það sem af er tímabilinu og er í næst neðsta sæti deildarinnar með sex stig. „Það var vitað að þetta yrði erfitt fyrir okkur en við eigum samt sem áður að vera búnir að vinna fleiri leiki. Í næstu viku spilum við tvo leiki í röð gegn Halmstad sem er með fimm stiga forskot á okkur eins og er og því mikilvægt að ná stigum úr þeim leikjum. Svo getum við komist í undanúrslit bikarkeppninnar ef við vinnum 1. deildarliðið Väsby sem yrði þá ágætur bónus,“ sagði Helgi Valur í gær en Fréttablaðið ræddi við hann áður en leikurinn fór fram.

> Öruggur sigur Hammarby

Sænska úrvalsdeildarliðið Hammarby vann í gær öruggan 3-1 sigur á botnliði Örgryte á útvelli í gær. Pétur Marteinson og Gunnar Þór Gunnarsson voru að vanda báðir í byrjunarliði Hammarby í gær og léku þeir allan leikinn. Örgryte, sem hefur ekki unnið leik það sem af er sænsku úrvalsdeildinni, komst reyndar yfir í leiknum og hélt forystunni allt fram í síðari hálfleikinn þar sem topplið Hammarby tók til sinna valda og skoraði þrjú stig. Pétur og Gunnar Þór fengu báðir að líta gula spjaldið í leiknum í gær.



Kristján Örn Sigurðsson:

Gæti misst af Spánarleiknum

FÓTBOLTI Kristján Örn Sigurðsson meiddist illa á ökkla í leik Brann og Lilleström í norsku úrvalsdeildinni á miðvikudagskvöldið. Hann lenti illa eftir skallaeyvíggi og þó svo að hann hafi reynt að halda áfram eftir það varð fljótlega ljóst að hann væri ekki í standi til þess.

„Það gætu liðið nokkrar vikur áður en hann jafnar sig á slíkum ökklaeiðslum,“ sagði sjúkraþjálfari Brann, Endre Digranes. „Hann gæti verið frá í meira en mánuð,“ bætti Digranes við.

Ísland leikur vináttulandsleik gegn Spáni á Laugardalsvelli þann 15. ágúst næstkomandi og því allar líkur á að Kristján Örn geti ekki gefið kost á sér í leikinn. - esá

Rússi dæmir Ísland-Danmörk: Ivanov dæmir í Laugardalnum

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu hefur gefið út hver dæmir leik Íslands og Danmerkur í undankeppni EM 2008 þann 6. september næstkomandi en leikurinn fer fram á Laugardalsvellingnum. Hlutverkið fær hinn 42 ára gamli Nikolai Ivanov frá Rússlandi sem hefur verið alþjóðlegur FIFA-dómari í sex ár. Í þeim þremur leikjum sem hann dæmdi í undankeppni HM 2006 gaf hann alls átta gul spjöld og ekkert rautt.

Honum skal þó ekki ruglað saman við nafna sinn Valentin Ivanov sem dæmdi leik Íslands og Þýskalands í Hamborg árið 2003 og fór mikinn á HM í Þýskalandi í sumar. Þá helst í leik Hollands og Portúgals í 16-liða úrslitum er hann gaf sextán leikmönnum liðanna áminningu og fjórum reisupassann. - esá

Djurgården féll úr leik:

Áfall fyrir Svía

FÓTBOLTI Djurgården féll úr leik í 2. umferð forkeppni Meistaradeildarinnar eftir 3-1 tap á útvelli fyrir slóvakíska liðinu Ruzomberok. Djurgården vann heimaleikinn, 1-0, og hefði því þurft að skora eitt mark til viðbótar.

Sænskt lið hefur nú ekki komist í riðlakeppni Meistaradeildarinnar í sex ár, síðan Helsingborg tókst það árið 2000. Tap Djurgården er mikið áfall fyrir sænska knattspyrnu. Kári Árnason kom inn á sem varamaður á 77. mínútu. - esá

Sverre Jakobsson lætur vel af atvinnumannslífinu í Gummersbach en hann gekk í raðir liðsins í sumar eftir að hafa verið hjá Fram. Sverre er enn að venjast því að líta á handboltann sem vinnuna sína.

HANDBOLTI Sverre, sem áður gekk undir nafninu Sverrir Björnsson, fór út til Þýskalands 14. júlí og æfingar hófust svo þann 17. júlí undir dyggri handleiðslu Alfreðs Gíslasonar sem tók við liðinu nú í sumar.

„Þetta er búið að vera ótrúlega gaman. Þetta eru mikil viðbrigði frá því heima þrátt fyrir að í grunninn sé þetta það sama, nema þá að æfingarnar eru fleiri og erfiðari. Við æfum tvisvar á dag auk þess sem aðrar æfingar eru inni á milli, hlaup og lyftingar. Ég er að venjast því að horfa á þetta sem vinnuna mína en ekki áhugamál, þetta er stórt skref úr bankanum heima og út í atvinnumennskuna en ég sé ekki eftir neinu og mun ekki gera það,“ sagði Sverre, sem liður vel í Gummersbach en hann vann áður hjá Glitni.

„Þetta er mjög góður bær og minnr aðeins á Akureyri og þrátt fyrir að hann sé mun stærri er svipuð stemning hér. Þá er stutt til Köln þar sem er mikil menning,“ sagði hinn stóri og stæðilegi jaxl sem er byrjaður að kynna sínum nýju liðsfélögum.

„Liðið virkar mjög vel á mig, allir strákarnir eru fínir en það eru margir nýjrir leikmenn hér, átta eða níu og það eru allir að koma sér inn í hlutina og kynna utan vallar. Það hefur gengið vel og þetta auðveldar mér að aðlagast líka. Það tekur kannski meiri tíma fyrir okkur að slípa liðið saman innan vallar en það kemur væntanlega.“ Sverre er ánægður með að



Á ÆFINGU Alfreð Gíslason talar hér til sinna manna með fótbolta undir fæti á æfingu liðsins í síðustu viku. Sverre Jakobsson er lengst til vinstri og hlustar á góð ráð þjálfarans. FRÉTTABLAÐIÐ

maðurinn sem valdi hann í landsliði fyrir viðureignina gegn Svíum, sé nú tekinn við Gummersbach. „Það er mjög jákvætt fyrir mig, ég held að það sé betra fyrir mig að hann hafi tekið við þessu strax. Hann nýtur mikillar virðingar hérna og ég finn fyrir mikilli ánægju með Alfreð, þrátt fyrir að hann sé erfiður og með öll þessi hlaup,“ sagði Sverre og hló dátt.

Þýskan var kannski aldrei sterkasta hlið Sverre sem segir að hún muni þó koma á endanum. „Ég er

að skoða gömlu menntafræðiglósurnar og get aðeins kraflað mig áfram. Ég hef reyndar ekki mikinn tíma og ég nenni því varla seint á kvöldin þegar maður kemur þreyttur upp á hótél. Ég stefni á að gera þetta af krafti þegar tímabilið er að hefjast og þegar ég hef komið mér betur fyrir kiki ég þá kannski á námskeið.“

Tveir Íslendingar leika með Gummersbach, Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson og segir Sverre að það hjálpi mikið til að hafa þá kumpána úti. „Þeir hjálpa mér með allt hérna. Við erum mikið saman og ég fann það strax hvað það hjálpar til að hafa tvo Íslendinga og þrjá með Alfreð,“ sagði Sverre sem býður spenntur eftir fyrsta leiknum á tímabilinu sem verður þann 26. ágúst.

„Mig er óneitanlega farið að hlakka til tímabilsins. Við spiluum á æfingamóti um síðustu helgi og þar fékk maður smjörþefinn af þýska boltanum, það var stórkostleg upplifun. Við spiluum til úrslita gegn Grosswaldstadt og mig fór að kitla aðeins, sérstaklega var gaman að mæta Einari Hólmgeirssyni sem reyndar tryggði þeim sigurinn undir lokin, bölváur,“ sagði Sverre.

„Alfreð var mjög sáttur með

minn leik og ég er því fullur sjálfstrausts en ég tek þessu með jafnaðargeði. Andstæðingarnir eru handboltamenn eins og ég, eini munurinn er kannski sá að ég er varnarmaður en ekki handboltamaður.“

Sverre stóð vaktina aðallega í vörninni hjá Fram og undirbyr sig undir svipað hlutverk hjá Gummersbach. „Við Alfreð höfum ekki beint talað um mitt hlutverk en ég skynja að það verði svipað og hjá Fram,“ sagði Sverre.

Gummersbach er í riðli með Fram í Meistaradeild Evrópu en það er kaldhæðni órlaganna fyrir Sverre að mæta sínu gamla liði. „Ég fór að skellihlæja, ég hafði alveg séð þetta fyrir. Áður en ég fór út talaði ég við forráðamann Fram þar sem við fórum yfir okkar mál og náðum að grafa allt sem á undan hafði gengið sem var frábært. Við höfðum talað mikið um þetta og manni fannst alltaf eins og þetta ætti að gerast. Ég er líka mjög feginn að komast heim, ég er með bók í láni hjá Guðmundi Guðmundssyni sem ég þarf endilega að skila honum, það linar samvisskuna,“ sagði Sverre Jakobsson, leikmaður Gummersbach, á lokum.

hjalti@frettabladid.is



STÍFAR ÆFINGAR Sverre kvartaði í léttum dúr yfir öllum hlaupæfingunum hjá Alfreð. Hann er hér annar maður lengst til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ

Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur er alls ekki sáttur:

Vinnubrögð Livingstone eru fáránleg

FÓTBOLTI Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, er mjög ósáttur við vinnubrögð skoska 1. deildarliðsins Livingstone, sem hefur gert þriggja ára samning við Colin Stewart. Markmaðurinn hefur leikið vel með Grindvíkingum í sumar og er samningsbundinn þeim til 1. september en Livingstone talaði ekki við

Suðurnesjaliðið áður en liðið samdi við Stewart.

„Þetta eru fáránleg vinnubrögð hjá atvinnumannaklúbbi. Það er mjög leiðinlegt að þetta skyldi gerast og ég ætla mér að tala við forráðamann liðsins. Það gæti verið að hann spili með okkur áfram í ágúst, þar sem hann er enn samningsbundinn

okkur en við gætum líka gefið honum félagaskipti, það kemur í ljós,“ sagði Sigurður.

„Það hefur verið frábært að vinna með Colin, hann er frábær markmaður og frábær persónuleiki líka,“ bætti þjálfarinn við en líklegt er að Helgi Már Helgason verji mark Grindvíkinga út tímabilið. - hþh

MEST – allt til framkvæmda



GALLAS Á eitt ár eftir af samningi sínum og hefur sagst vilja fara frá Chelsea.

NORDICPHOTOS/AFP

Jose Mourinho:

Brjálaður út í William Gallas

FÓTBOLTI Jose Mourinho, stjóri Chelsea, er alls ekki sáttur við framkomu Frakkans William Gallas sem mætti ekki til London fyrir för liðsins til Bandaríkjanna. Treyjunúmer Gallas hefur verið tekið af honum og gefið Michael Ballack en sá franski var löngum orðinn ósáttur með að þurfa að fylla upp í vinstri bakvarðarstöðuna síðasta tímabili.

„Það er ekki bara ég sem er í uppnámi, við erum það allir. Það er af því við höfðum sterka fjölskyldu og samheldan hóp sem hefur verið sýnd vanvirðing og ég er alls ekki hrifinn af því,“ sagði Mourinho en umboðsmaður Gallas sagði að um misskilning væri að ræða.

Chelsea vill alls ekki missa Gallas en hann hefur verið orðaður við AC Milan. Hann snýr líklega aftur til London í dag en gæti verið settur beint út í kuldann af Englandsmesturunum. - hþh

NM í körfubolta:

Tveir tapleikir hjá Íslandi

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta tapaði í gær fyrir Svíum með tólf stiga mun á Norðurlandmótinu í körfubolta sem fram fer í Finnlandi þessa dagana. Íslenska liðið tapaði fyrir heimamönnum í fyrsta leik liðsins á mótinu í fyrradag.

Logi Gunnarsson var stiga-hæstur íslenska liðsins með 24 stig en Páll Axel Vilbergsson kom næstur með sautján. Páll var einnig með flest fráköst Íslendinganna, sex talsins.

Gegn Finnum var Magnús Þór Gunnarsson stigahæstur með átján stig en Páll Axel gerði fjórtán. Þeim leik lauk með 81-73 sigri Finna. - esá



MARIA SHARAPOVA Talin tekjuhæsta íþróttakona heims.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Maria Sharapova:

Þénar meira en Beckham

TEKJUR Rússneski tennisspilarinn Maria Sharapova er tekjuhærri en sjálfur David Beckham samkvæmt úttekt bandaríska tímaritsins Sports Illustrated á tekjuhæstu íþróttamönnum heims, annarra en Bandaríkjamanna. Sharapova skaut upp í fjórða sæti listans með 25,4 milljónir bandaríkjadala en Beckham er með 23 milljónir í tekjur á hverju ári.

Langefstur á listanum er ökuþórin Michael Schumacher með 80 milljónir dollara. Næstur kemur mótörhjólakappinn ítalski Valentino Rossi með 30 milljónir og þá brasilíski snillingurinn Ronaldinho með 29,1 milljón.

Horft er til launatekna, bónusgreiðslna, vinningsfés, auglýsingatekna og fleira í þeim dúr við útreikning tekna íþróttamanna. Tiger Woods er tekjuhæsti íþróttamaður Bandaríkjanna með 97,6 milljónir dala. - esá

Heimir Hallgrímsson segir að það þurfi að bæta andlega þáttinn hjá ÍBV:

Þarf miklu meiri baráttu

FÓTBOLTI „Nú er maður bara tannlæknir í hlutastarfi,“ sagði Heimir Hallgrímsson, nýráðinn þjálfari karlalíðs ÍBV en hann tekur við af Guðlaugi Baldurssyni sem látið hefur af störfum. „Þetta er er mjög há brekka en það er ekkert annað að gera en að ráðast á hana og leggja af stað. Laugi er góður drengur og ég mun sakna hans,“ sagði Heimir sem var aðstoðarmaður Guðlaugs og hefur starfað við þjálfun hjá kvennaliði félagsins.

„Það er ýmislegt sem þarf að bæta, það þarf miklu meiri baráttu en hefur verið. Við þurfum að breyta aðeins um leikstíl ef við ætlum okkur að gera eitthvað í



TEKINN VIÐ Heimir Hallgrímsson er tekinn við stjórninni hjá ÍBV.

þessari baráttu. Það er þó aðallega andlegi þátturinn sem þarf að breytast. Félagaskiptagugginn er

lokaður og við verðum bara að vinna með þann leikmannahóp sem við höfum nú þegar,“ sagði Heimir en hann telur ÍBV hafa góða leikmenn innanborðs sem hafi þó ekki sýnt sínar bestu hliðar það sem af er tímabili.

„Staðan er einföld, við erum í neðsta sæti og erum með langlélegustu markatöluna. Ef við horfum blákalt á þetta þá er þetta engin stundaróheppni hjá okkur því liðið hefur verið í fallsæti frá byrjun móts. Það eru kannski ekki mörg stig ofar í töfluna en það eru öll lið að fá stig eins og deildin hefur verið að stiglast. Næsti leikur er gegn Víkingi og við verðum bara að vinna hann.“ - egm

Marcos Senna:

Að færast nær United?

FÓTBOLTI Manuel Pellegrini, þjálfari Villareal, viðurkennir að Marcos Senna færast skrefinu nær Manchester United með dögnum sem líða. Sir Alex Ferguson vonast eftir öðrum miðjumanni í kjölfarið á kaupunum á Michael Carrick en hinn þrítugi Senna var í landsliði Spánverja á HM í sumar.

„Það er ekkert hundrað prósent ákveðið hvað Senna varðar. Ég skil að þetta er frábært tækifæri fyrir hann, en það yrði mikill missir fyrir okkur ef hann færi. Ég er ánægður fyrir hans hönd,“ sagði Pellegrini við Marca í gær en Senna sjálfur hefur látið út úr sér að hann sé ánægður hjá Villareal, en skoði allt sem býðst. - hþh

MICHAEL DOUGLAS KIEFER SUTHERLAND EVA LONGORIA KIM BASINGER

24 TILBOÐ

3.499

BÍOMÍÐI FYLGIR

Á betra verði í BT!

*á meðan birgðir endast

BT

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

Valsarinn Ari Freyr Skúlason er á leið í sænsku knattspyrnunna:

Valur samþykkti tilboð Häcken

FÓTBOLTI Valur og sænska úrvalsdeildarliðið Häcken hafa komist að samkomulagi um kaupverð á miðvallarleikmanninum unga, Ara Frey Skúlasyni, sem slegið hefur í gegn með Valsmönnum í Landsbankadeildinni í sumar. Þetta staðfesti Ótthar Edvarðsson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Vals, í samtali við Fréttablaðið í gær. Ari Freyr og fulltrúi sænska liðsins, sem staddur var hér á landi í gær, eiga þó eftir að komast að samkomulagi um kaup og kjör sem og lengd samningsins.

Kaupverð Ara Freys er ekki gefið upp en Ótthar staðfesti að það hefði verið sanngjarnt. „Jú, það var sanngjarnt. Annars hefðum við ekki tekið því.“ Aðspurður segir Ótthar að það hafi verið erfitt að ætla að halda Ara Frey hér á landi. „Það er óhjákvæmlegt að hann fari út, hann hefur



ARI FREYR SKÚLASON Af öllum líkindum á leið til Häcken í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vakið það mikla athygli. Enda munum við aldrei koma í veg fyrir að strákar eins og Ari Freyr

uppfylli drauma sína um atvinnu-mennsku. Svona er lífið, við hefðum gjarnan viljað halda honum lengur enda afburða knattspyrnumaður á ferð sem á framtíðina fyrir sér. En þetta er auðvitað allt háð því að samningar náist milli hans og félagsins.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vilja forráðamenn Häcken semja við Ara Frey út leiktíðina 2010. Ekki er ólíklegt að frá þeim málum verði gengið nú á allra næstu dögum og að Ari Freyr haldi þá um leið út til Svíþjóðar og taki þátt í fallbaráttu liðsins í sænsku úrvalsdeildinni en eins og er er liðið í þriðja neðsta sæti deildarinnar með tíu stig eftir þrettán leiki.

Ef Ari Freyr gengur frá samningum við Häcken verður það sjötta úrvalsdeildarliðið í Svíþjóð sem hefur einn eða fleiri Íslending í sínum röðum. - esá

Nestið á toppnum – lifrarpylsa frá SS



Í gönguferðum er gott nesti alveg bráðnauðsynlegt, ekki síður en góðir skór, rétt stilltur bakpoki og skátahnifurinn ómissandi.

Lifrarpylsa frá SS er frábær í nestið, tilbúin til að sneiða niður og borða, saðsöm, bragðgóð og gefur góða orku sem er nauðsynleg við líkamlega áreynslu utandyra.

Börnin elska líka SS lifrarpylsu í nestisboxið.



Fyrstu skrefin lofa góðu

Varnarmaðurinn Gunnar Þór Gunnarsson er búinn að stíga sín fyrstu skref í atvinnumennskunni en hann er hjá Hammarby sem er á toppnum í Svíþjóð.

FÓTBOLTI Íslenski U21 landsliðsmaðurinn Gunnar Þór Gunnarsson er nú hálfnaður með sitt fyrsta tímabil sem atvinnumaður en Gunnar verður 21. árs eftir tvo mánuði. Fréttablaðið ræddi við Gunnar í gær þegar hann var í lest á leiðinni til Gautaborgar þar sem Hammarby mætti Örgryte. Lestin var stöpp í smástund þar sem eldingu laust niður í kapalckerfi hennar og gaf Gunnar sér því tíma í smá spjall.

„Mér hefur líkað mjög vel við lífið hér í Svíþjóð hingað til. Það hefur verið mjög gaman að fá að kynnast lífi atvinnumannsins og sjá hvernig þetta liggur fyrir manni að lifa af því að spila fótbolta og búa erlendis. Enn sem komið er hef ég ekki haft neina ástæðu til að kvarta,“ sagði Gunnar Þór sem var allur hinn kátasti en með honum hjá félaginu er landsliðsvarnarmaðurinn Pétur Marteinsson en báðir eiga þeir það sameiginlegt að vera uppaldir Framarar.

„Pétur er mjög góður leikmaður og það er þægilegt að spila við hlið hans,“ sagði Gunnar Þór. Gunnar vakti mikla athygli í vinstri bakverðinum hjá Fram í fyrrasumar og skrifaði undir samning við Hammarby til þriggja ára í mars síðastliðnum. Hann hefur spilað vel með Hammarby, sem er á toppi sænsku deildarinnar, og verið byrjunarliðsmaður.

„Það er ljóst að samkeppnin innan liðsins er að harðna því það er verið að kaupa nýja leikmenn. Ég veit ekki í hvaða stöður er verið að versla, maður verður samt bara að halda áfram að gera sitt besta. Það er það eina sem ég



Í TOPPSÆTINU Í SVÍÞJÓÐ Gunnar Þór er hér að skella sér í tæklingu í deildarleik gegn Djurgården í sænsku deildinni fyrir í sumar. NORDICPHOTOS/APP

get gert,“ sagði Gunnar sem er sáttur við frammistöðu sína á tímabilinu.

„Við erum að spila nokkuð öðruvísi en flest liðin í deildinni, við erum hærra uppi á vellið og viljum frekar sækja. Það gerist oft að lið leggjast frekar aftarlega á mótí okkur. Fyrir vikið verða leikirnir okkar kannski ekkert mjög opnir. En þetta hefur gengið vel og sem stendur erum við í efsta sætinu og náum vonandi að halda okkur þar.“

Gunnar býr með unnustu sinni ytra og er ánægður með lífið í Svíþjóð. „Við erum með snotra íbúð á alveg ágætis stað. Þessi fyrsta reynsla mín af atvinnumennsku fer vel af stað en ef það fer eitthvað að halla undan fæti þá kemur maður bara heim, það er ekkert flókið,“ sagði Gunnar sem hefur fylgst vel með sínum mönnum í Fram í sumar. „Mér líst mjög vel á þetta hjá þeim, þeir eru að fljúga aftur upp í úrvalsdeildina sem er mjög jákvætt mál.“ elvageir@frettabladid.is

Juventus mun halda þeim mönnum sem eftir eru hjá félaginu:

Útsölunni lokið hjá Juventus

FÓTBOLTI Ítalska félagið Juventus segir að Patrick Vieira sé sá síðasti sem fer frá liðinu í sumar en Frakkinn gekk í raðir Inter Milan í fyrradag. Eftir að Juventus var dæmt niður í Serie-B deildina hefur félagið neyðst til að selja Vieira, sem kostaði Inter 6,5 milljónir punda, Gianluca Zambrotta og Lilian Thuram til Barcelona auk Fabio Cannavaro og Emerson sem fóru til Real Madrid.

Þrátt fyrir að margir leikmenn ætli sér ekki að yfirgefa hina sökkvandi skútu Juventus halda vangaveltur áfram um framtíð manna á borð við Gianluigi Buffon, Mauro Camoranesi, David Trezeguet og Zlatan Ibrahimovic. Mörg lið í Evrópu hafa sýnt þessum leikmönnum áhuga og verður að teljast líklegt að til-



FABIO CANNVARO Gekki í raðir Real Madrid í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

boð berist í þá áður en félagskiptagugginn lokast.

Ibrahimovic hefur hvað sterklegast verið orðaður við sölu frá félaginu en hann er talinn vera á leiðinni til AC Milan. Þrátt fyrir þetta eru forráðamenn ítalska liðsins staðráðnir í því að halda þeim mönnum sem ekki eru farnir til að tryggja Didier Deschamps sem bestan hóp til að koma liðinu sem fyrst aftur upp í Serie-A deildina.

„Trezequet og Ibrahimovic verða áfram hjá okkur. Salan á Patrick Vieira verður sú síðasta í sumar. Ég er þreyttur á að þurfa að endurtaka mig, Buffon er ekki á förum né nokkrir af hinum leikmönnum,“ sagði Jean-Claude Blanc, stjórnarformaður Juventus, við ítalska fjölmiðla í gær. - hph

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE




FERSK UPPLIFUN!

AJAX
INTER MILAN
MAN. UTD.
FC PORTO

4.-5. ÁGÚST

AMSTERDAM

MÖTTIÐ



FÖSTUDAGUR

16:50 Man. Utd. - FC Porto

19:00 Ajax - Inter Milan

LAUGARDAGUR

16:50 FC Porto - Inter Milan

19:00 Ajax - Man. Utd.

SYN

besta sætið

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„I'm going to feel this way until I don't feel this way anymore.“

Svar: Sandy úr Tootsie frá 1982

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KRISTJÁN HJÁLMARSSON

Útþynntar sápur

Gjaldfrjálsu sjónvarpsstöðvarnar Sirkus og Skjár einn þurfa heldur betur að spýta í lófana miðað við það litla sem ég hef séð til þeirra síðustu vikur. Endursýningar á þáttum á borð við Beverly Hills 90210 og Melrose Place ná ekki nokkurri átt og eiga eftir að ganga af unga fólkinu, sem stöðvarnar eiga að höfða til, dauðu. Ég er ekki alveg viss um að ungt fólk nú til dags hafi jafn gaman af þessum sápum og stjórnendur stöðvanna höfðu þegar þeir voru að alast upp. Svo ég minnst nú ekki á Falcon Beach sem er eins og illa þynnt útgáfu af ofangreindum þáttum.




KÓNGUR UM STUND Brynja er kóngur sjónvarpsins um þessar mundir.

Brynja Þorgeirsdóttir fer hins vegar á kostum í þætti sínum Kóngur um stund. Á mánudaginn var ræddi Brynja við efnilegasta knapa landsins, hinn ellefu ára gamla Ragnar Braga Sveinsson, sem á eftir að láta að sér kveða á heimsvísu áður en langt um líður. Í sama þætti fór hún aftur í tímann og sýndi gamlar upptökur af hestum. Brynja kann að brúa bilið á milli kynslóða og það sem meira er, Brynja kann að gera hesta áhugaverða. Bresku gamanþættirnir Græna álman, sem sýndir eru í Sjónvarpinu, eru sennilega eitt skemmtilegsta sjónvarps-efnið um þessar mundir. Heimskulega skemmtilegir þættir sem fá fólk til að skella upp úr, jafnvel upp úr eins manns hljóði.



▶ 20.05
Gaman

GET A CLUE



▶ 21.20
Spenna

FATAL ATTRACTION



▶ 20.00
Gaman

JAKE IN PROGRESS



▶ 21.30
Veruleiki

THE BACHELOR



▶ 22.30
Fjármál

PENINGARNIR OKKAR

SIJÓNVARPIÐ



SIRKUS TV

SKJÁREINN



7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Ævintýri H.C. Andersen (21:26)

18.30 Ungar ofurhetjur (16:26) (Teen Titans II)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

▶ 20.05 Leitíð og þér munuð finna (Get a Clue) Bandarísk fjölskyldumynd um skólakrakka sem taka saman höndum og reyna að hafa uppi á kennara sínum sem er horfinn. Leikstjóri er Maggie Greenwald og meðal leikenda er Lindsay Lohan.

21.30 Á elleftu stundu (25th Hour) Bandarísk spennumynd frá 2002. Fikniefnasali í New York hugsar sinn gang sólarhringinn áður en hann á að byrja að afplána sjö ára fangelsisdóm. Ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.

23.40 Vandráðagripir 1.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

6.58 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 Alf 10.45 My Wife and Kids 11.05 Það var lagið

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 My Sweet Fat Valentina 13.50 My Sweet Fat Valentina 14.35 George Lopez 15.00 Extreme Makeover: Home Edition 16.00 The Fugitives 16.25 Barnatími Stöðvar 2 17.15 Simpsons 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Mr. Bean (Herra Bean).

20.05 The Simpsons (6:22)

20.30 Two and a Half Men (18:24)

▶ 20.55 Derren Brown: Hugabrellur (1:6)

▶ 21.20 Fatal Attraction (Hættuleg kynni) Michael Douglas leikur farsælan kaup-sýslumann og hamingjusaman fjölskyldumann sem gerir þau stóru mistök að falla fyrir freistingum holdsins og heldur framhjá með eggjandi viðskiptafélaga sínum, leikinn af Glen Close. 1987. Stranglega bönnuð börnum.

23.15 Just Married 0.50 What's the Worst That Could Happen? 2.25 A Rumor of Angels 4.00 Two and a Half Men 4.25 Mr. Bean 4.50 The Simpsons 5.15 Fréttir og Ísland í dag 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Bernie Mac (17:22) (e) (Mac-Inations)

▶ 20.00 Jake in Progress (11:13) (Check, Please) Bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkið rennur á rassinn mætur Jake Phillips á svæðið og reddar málnum.

20.30 Sirkus RVK (e)

21.00 Pipóla (4:8) (e)

21.30 Twins (10:18) (e) (Sister's Keeper)

22.00 Stacked (8:13) (e) (Romancing The Stones)

22.30 Sushi TV (8:10) (e) Sprenglæginlegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu.

23.00 Invasion (18:22) (e)

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

16.00 Courting Alex (e) 16.30 Point Pleasant (e) 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö (e)

19.00 Beverly Hills 90210 Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks.

19.45 Melrose Place

20.30 One Tree Hill – lokapáttur Nathan hefur áhyggjur af öryggi Haleys þegar reynir á vinskapi Peyton og Brooke. Deb segir Dan sannleikann um eldsvoðann og Karen hefur meiri þörf fyrir Keith en hún átti von á.

▶ 21.30 The Bachelor VII Hann er myndarlegur, rómantískur, vel menntaður húmoristi úr viðskiptalífínu og kemur frá uppörvandi og samheldni fjölskyldu piparsveininn sem fannst eftir mikla leit.

22.30 Law & Order: Criminal Intent

23.20 C.S.I.: Miami (e) 0.10 C.S.I.: New York (e) 1.00 Love Monkey (e) 1.45 Beverly Hills 90210 (e) 2.30 Melrose Place (e) 3.15 Jay Leno (e) 3.30 Óstöðvandi tónlist

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisfréttir – fréttaviðtal. 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.30 Kvöldfréttir

19.00 Ísland í dag

19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, einkonar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.

20.00 Fréttayfirlit

20.20 Brot úr fréttavakt

20.30 Örlagadagurinn (8:12) (Örlagadagurinn)

21.00 Fréttir

21.10 48 Hours (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringapáttur.

22.00 Fréttir Fréttir og veður

▶ 22.30 Peningarnir okkar Ingólfur H. Ingólfsson hefur verið með vinsæl innsögu á Fréttavaktinni undanfarna mánuði.

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Með allt á hreinu 8.00 Interstate 60 10.00 Greenfingers 12.00 Mean Girls 14.00 Með allt á hreinu 16.00 Interstate 60 18.00 Greenfingers 20.00 Mean Girls (Vondar stelpur) Geysivinsæl gamanmynd með stórstjörnunni Lindsay Lohan í aðalhlutverki. 2004. Leyfð öllum aldurshópum. 22.00 Spartan (Spartarverjinn) Fantafinn spennutryllir með Val Kilmer sem fengið hefur afburðargóða dóma. Dóttur hátt setts embættismanns er rænt og leynipjónustumaðurinn Scott er fenginn til að

hafa upp á henni. Hann kemst fljótt að því að málið er flóknara en áhorfi í fyrstu og hugsanlega sé um stórt samsæri að ræða. Aðalhlutverk: Val Kilmer, Derek Luke, Tia Texada. Leikstjóri: David Mamet. 2004. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Superfire (Bönnuð börnum) 2.00 Ring O (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Spartan (Stranglega bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 14.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 15.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 16.00 Live from the Red Carpet 16.30 Extreme Close-Up 17.00 Sexiest Celebrity Blondes 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Naomi Campbell 20.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 Sexiest Action Heroes 0.00 THS Naomi Campbell 1.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 2.00 101 Most Awesome Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl. 18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneytinn

Hlaðinn staðalbúnaði

3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán

kr. 24.893 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

Nú fáanlegur með 1500dci díselvél

Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, sólluga.



Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnuháa hæstmenningu í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánsþlutfall í 84 mánuði.



Með bílinn handa þér

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Amsterdam mótinu 2006 kl. 16.50 og 19.00

Fjörug upphitun

Eitt langskemmtilegasta og vinsælasta upphitunarmót ársins í knattspyrnu hefst í dag og stendur það yfir í tvo daga. Mótið er á vegum Ajax í Amsterdam og þangað mæta mörg af stórlíðum Evrópu til þess að hita upp fyrir deildarkeppnina í heimalöndum liðinna sem brátt fer að hefjast. Í ár keppa á mótinu, auk gestgjafanna, Porto frá Portúgal, Inter Milan frá Ítalíu og Manchester United frá Englandi en liðin keppa tvo leiki hvert. Mótið hefur einnig þá sérstöðu umfram önnur sambærileg mót að liðin fá stig fyrir hvert mark sem þau skora. Þess vegna eru leikirnir enn hraðari og skemmtilegri en aðrir. Í dag verður bein útsending frá leik Manchester og Porto klukkan 16.50 og seinni leikurinn verður víður-eign Inter og Ajax, klukkan 19.00. Sannarlega góð leið til þess að koma mönnum í girinn fyrir komandi átök.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

9	6	4	5	3	7	2	8	1
7	2	1	4	6	8	9	5	3
5	3	8	1	2	9	6	7	4
6	4	9	8	7	5	3	1	2
3	8	7	2	1	4	5	6	9
1	5	2	3	9	6	8	4	7
8	1	5	9	4	2	7	3	6
4	9	6	7	8	3	1	2	5
2	7	3	6	5	1	4	9	8

		5				1		
	7		8		2		9	
6		2				4		7
			3		6			
	6			2			1	
			7		9			
3		1				9		2
	2		9		8		4	
		9				3		

21.25
Fótbolti
ENSKU MÖRKIN



16.50 Amsterdam Tournament 2006 (Manchester United – Porto)

19.00 Amsterdam Tournament 2006 (Ajax – Inter Milan)

21.00 Gillette Sportpakinn (Gillette World Sport 2006)

21.25 Ensku mörkin 2006-2007 (Preview Show) Frábær þáttur þar sem farið er yfir allt það helsta á hverjum tíma í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félöganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum.

21.55 Súpercross (World Supercross GP 2005-06)

22.50 Pro Bul I Riders (Pro Bull Riders)Fólk tekur sér ýmislegt fyrir hendur í Bandaríkjunum.

23.45 Amsterdam Tournament 2006 Upptaka frá fyrsta leiknum í hinu árlega Amsterdam-móti Ajax í fótbolta.

01.25 NBA – úrslit (Miami – Dallas)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morgunónar **6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæni **7.05** Morgunvekin **9.05** Óskastundin **9.45** Morgunleikirnir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast **11.03** Samfélagið í næmmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútlarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Sakamála-leikritið **14.03** Úlvarpsagan **14.30** Miðdegisónar **15.03** Uppá teningnum **16.10** Veðurfregnir **16.13** Djass-gallerí New York **17.03** Vísiga **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Samfélagið í næmmynd **20.40** Kvöldtónar **21.00** Bryggjuball **21.55** Orð kvöldsins **22.10** Veðurfregnir **22.15** Músík og mas **23.00** Kvöldgestir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morgunónar **6.30** Morgunútlarp Rásar **2** **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútlarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútlarpíð **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellið með Ásgeiri og Kalla **22.10** Næturvaktin

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitíð **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalahádeggi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

gefðu þér góðan tíma – bruggaður úr íslensku byggi

Egils Premium létthjór

Egils Premium er þróaður af einstökum metnaði, aðalsmerki Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar í heila öld. Framleiðsluferlið er lengra, bjórinn tvímeskjaður og gerjunin hægari, auk þess sem íslenskt bygg er notað í Egils Premium. Allt þetta skilar sér í sterkum karakter, aukinni mýkt og meiri fyllingu.

Tveir og hálfur lítri af áfengi á mann



HRÓSIÐ FÁ...

Guðjón Ólafsson og synir hans, Ósveldur og Ólafur Týr, en þeir setja það ekki fyrir sig að elda íslenska kjötsúpu ofan í áttatíu manns.

Íslendingar innbyrða tæplega 2,4 lítra af áfengi á mann yfir verslunarmannahelgina sem nú gengur í garð. „Við áætluð að salan verði um 730 þúsund lítrar af áfengi fyrir helgina,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. „Tæp 80 prósent af sölu er bjór en rauðvínið er um 9 prósent.“

Verslunarmannahelgin er ein stærsta helgin í áfengissölu hjá ÁTVR og fer salan vaxandi með hverju ári. Í fyrra voru um sjö hundruð þúsund lítrar seldir fyrir verslunarmannahelgina. Áætlað söluverðmæti áfengis fyrir helgina er í kringum 525 milljónir en á sama tíma í fyrra var það um 500 milljónir.



Þótt salan hjá ÁTVR sé mikil nú er verslunarmannahelgin ekki stærsta helgi ársins. „Við seljum oftast mest vikuna fyrir jól. Í fyrra nam söluverðmæti áfengisins um 559 milljónum,“ segir Sigrún Ósk, sem tekur þó fram að aðeins sé um áætlun sé að ræða. Réttar tölur fáist eftir helgi.

-kh

BJÓR Áætla má að um 580 þúsund lítrar af bjór verði seldir um helgina.



ÞJÓDHÁTIÐ Búast má við töluverðri drykkju um verslunarmannahelgina. Vonandi fer þó allt vel fram.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 hrósa 6 íþróttafélag 8 maðk 9 aum 11 samtök 12 duglegur 14 umstang 16 tveir eins 17 keyra 18 drulla 20 frá 21 fimur.

LÓÐRÉTT

1 fiskur 3 tveir eins 4 tungumál 5 angra 7 hæðinn 10 bók 13 nudda 15 aðrakstur 16 kóf 19 slá.

LAUSN

LÁRÉTT: 1 urfs, 3 oo, 4 franská, 5 sáfn, 16 kaf, 19 ra.

LÓÐRÉTT: 2 jófa, 6 fh, 8 orm, 9 sár, 11 aa, 12 iðinn, 14 stúss, 16 kk, 17 aka, 18 aur, 20 af, 21 frá.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Porfinnur Ómarsson
- 2 Sverre Jakobsson
- 3 The Sentinel

allt bílar

Alla laugardaga



**Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLPURRKAÐUR
SALTFISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.**



Gnóðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

ELLEN OG EYPÓR: FARA Í 10 DAGA FERÐ TIL AFRÍKURÍKISINS MALAVÍ

Hjálpa munaðarlausum börnum í Malaví

Hjónin Ellen Kristjánsdóttir og Eypór Gunnarsson leggja á mánudag upp í langferð. Þau eru á leið til Afríkúríkisins Malaví þar sem þau ætla að dvelja í tíu daga til að kynna sér uppbyggingu á dagvistarheimilum fyrir börn.

„Þetta kemur í framhaldi af disknum sem við gáfum út í fyrra, Vísnaðbók heimsins, þar sem við bentum á það að börn eru eins alls staðar í heiminum. Allur ágóði af disknum rennur óskertur til barna í Malaví,“ segir Ellen í samtali við Fréttablaðið. Ellen segir að Rauði krossinn hafi boðið þeim hjónum að koma með út til Malaví til að fá að kynna þvi með eigin augum sem er að gerast þar. Þar er að hefjast uppbygging á dagvistarheimilum fyrir börn.

„Mörg börn þarna eru munaðarlaus eftir að hafa misst fjölskyldumeðlimi og ættingja úr eyðni. Svo eru stórfjölskyldur sem taka þau að sér. Það vantar hins vegar að koma þeim fyrir á daginn þegar fólk fer í vinnu og eldri börnin eru í skóla. Þess vegna er verið að byggja þessi dagvistarheimili,“ segir Ellen. „Það verður sérstaklega áhugavert að fá að sjá þetta verkefni nú þegar þau er á algeru frumstigi og svo mögulega aftur seinna þegar það er lengra komið.“

Ellen og Eypór hafa safnað styrkjum fyrir ferðina víða og með í för verður kvikmyndatöku-lið sem festir ferðina á filmu. Það eru þau Helga Vala Helgadóttir, Arnar Þórisson og Ragnhildur Ásvaldsdóttir sem skipa kvikmyndatöku-liðið. Afraksturinn verður svo sýndur í Ríkissjónvarpinu, Sólveig Ólafsdóttir fer fyrir hópnun fyrir hönd Rauða krossins.

Auk þess að fylgjast með uppbyggingu dagvistarheimila ætla tónlistarhjónin auðvitað að kynna sér tónlist innfæddra. „Við ætlum að hitta mann sem heitir Ben Michael, en hann er tónlistarmaður sem er ættaður frá Malaví. Hann er búinn að semja lag fyrir



EYPÓR OG ELLEN Leggja upp í tíu daga ferð til Afríkúríkisins Malaví á mánudag. Þau ætla þau að kynna sér uppbyggingu dagvistarheimila fyrir munaðarlaus börn og hitta þar-lendan tónlistarmann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

okkur og við erum með lag fyrir hann,“ segir Ellen.

Talsverður undirbúningur er að baki ferð sem þessari. Þegar Fréttablaðið ræddi við Ellen í gær voru hún og Eypór á leið í sprautu og það var í annað sinn sem það var gert. Auk þess þurfa ferðalangarnir að taka töflur gegn mal-

aríu allan tímann sem þau ferðast um Afríku. Ellen segir að þau njóti góðs af reynslu starfsmanna Rauða krossins, þau setji allt traust sitt á þau. „Eypór hefur auðvitað ferðast víða um heim með Mezzoforte þannig að segja má að ég sé umkringd reynsluboltum.“ hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrirsætan **Chloe Ophelia** hefur undanfarna mánuði alið manninn á Indlandi. Þar hefur hún unnið fyrir sér sem fyrirsæta og lék meðal annars í auglýsingu fyrir Pizza Hut. Chloe segir frá ævintýrum sínum á bloggsíðu sinni, blog.central.is/chloeophelia, og gerir það á ensku. Eða það gerði hún alla vega þar til í fyrradag. Í nýjustu færslunni kemur fram að hún hyggist taka sér hlé frá skrifunum því hún sé ósátt við að íslensk götublöð séu sífellt að vitna í þau. Chloe segir að jafnan sé rangt farið með staðreyndir um líf hennar og það líður hún ekki lengur.



Tíu ung íslensk ungmenni gerðu sér ferð til Bandaríkjanna og fóru meðal annars til Los Angeles og kíktu þar á Rockstar þar sem **Magni Ásgeirsson** hefur verið að gera góða hluti. Á bloggi þessara ungmenna, usa.bloggar.is, kemur fram að þau sátu í VIP-stúkunninni. „sem þýddi að við sáumst ekkert í sjónvarpinu,“ skrifa þau. „Fengum samt tækifæri til að fara upp á svið og kynna land og þjóð sem Heimir tók að sér og stóð sig með þröði. Magni kom upp á svið til hans og fékk fánann fræga sem Bros-Bolir gáfu okkur, bara til að hafa smá bita af Íslandi með sér heim. Eftir showið þá hittum við Magna aðeins og spjölluðum,“ bæta þau við. Magni fékk síðan sína stærstu gjöf í gær þegar unnuasta hans, Eyrún Hulda og sonur þeirra, Marínó, lentu á flugvælinum í Los Angeles eftir átján tíma flug en með þeim í för voru bróðir Magna og kona hans. Þetta er í fyrsta skipti sem Magni og Eyrún hittast síðan að söngvarinn hélt á vit frægðarinnar. Magni komst áfram í gærnótt með laginu Clocks eftir Coldplay og að venju héldu þeir Supernova félagar vart vatni yfir frammistöðu hans, sögðu Magna setja gæðastuðulinn fyrir aðra keppendur.

-fgf/- hdm



300.000 manns á 30 árum

„Ég syng með fólkinu, ekki heldur fyrir það,“ segir Árni Johnsen athafnamaður og fyrrverandi alþingismaður. Hann er ákveðið tákni Þjóðhátíðarinnar í Eyjum og á þessu ári fagnar hann 30 ára brekkusöngsafmæli sínu og hefur nú sungið fyrir um það bil 300.000 manns á öllum þessum árum sem samsvarar nánast allri þjóðinni. Árni byrjaði að syngja á Þjóðhátíð í Eyjum árið 1977, fyrsta árið sem Þjóðhátíð var haldin í Vestmannaeyjum eftir gos.

„Ég hef alltaf spilað á sunnudeginum og þetta byrjaði ansi rólega en núna hefur þetta vaxið svo svakalega að ég syng nánast alltaf með 10.000 manns,“ segir Árni.



ÁRNI JOHNSEN Athafnamaður og fyrrverandi alþingismaður fagnar 30 ára brekkusöngsafmæli sínu á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann segir að brekkusöngurinn sé orðinn eins konar helgi-stund á Þjóðhátíð, dalurinn fyllist og bærinn tæmist af fólki þegar Árni byrjar að spila. Brekkusöngurinn hefur alltaf heppnast mjög vel að mati Árna og fyrir nokkrum árum byrjaði hann að enda alltaf brekkusönginn á þjóðsöngnum. „Ég spila þjóðsönginn í C-dúr í staðin fyrir G-dúr og það gerir það að verkum að fólk getur auðveldlega sungið með þessu annars erfida lagi.“ Árni segir að hápunktur brekkusöngsins sé þegar dalur rís á fætur og syngur þjóðsönginn og kveikt er á blysum umhverfis dalinn. „Það er mögnuð stund og maður bara klökkar þegar þessi sjón blasir við.“

Notaðir bílar. Físlétt kaup - aðeins 10% útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri affborgun.*
Aðeins í dag. Komdu strax.

Físlétt kaup

Pig vantar bíl. Núna

Aðeins 48 bílar í dag

Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan uppi notaðan

Físlétt bílakaup - affborgun undir 15.000 kr. á mánuði

11.867 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 48 mánuði.

Renault Kangoo 1,4 beinsk. skrd. 03/2000 ek: 99.000 km.
Verð 695.000 kr. Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
11.867 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. PP-292.

13.403 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Nissan Micra 1,3 beinsk. skrd. 04/2003 ek: 45.000 km.
Verð 1.120.000 kr. Tilboðsverð 990.000 kr. Útborgun 99.000 kr.
13.403 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RX-675.

14.757 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 05/2003 ek: 170.000 km.
Verð 1.220.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.
14.757 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. LY-092.

15.164 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Citroën Picasso 1,8 beinsk. skrd. 03/2003 ek: 56.000 km.
Verð 1.220.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr.
15.164 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. PX-352.

Físlétt bílakaup - affborgun 15.000 - 20.000 kr. á mánuði

15.975 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus 1,6 beinsk. skrd. 10/2003 ek: 72.000 km.
Verð 1.280.000 kr. Tilboðsverð 1.180.000 kr. Útborgun 118.000 kr.
15.975 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. IR-058.

16.839 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Subaru Forester 2,0 beinsk. 4x4 skrd. 07/1999 ek: 182.000 km.
Verð 720.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
16.839 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. NZ-970.

16.839 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Renault Laguna 1,6 beinsk. skrd. 05/1999 ek: 115.000 km.
Verð 710.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
16.839 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. RH-775.

17.771 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus H/S 1,6 beinsk. skrd. 08/1999 ek: 132.000 km.
Verð 690.000 kr. Tilboðsverð 590.000 kr. Útborgun 59.000 kr.
17.771 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. LR-359.

Físlétt bílakaup - affborgun 20.000 - 25.000 kr. á mánuði

20.172 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 beinsk. skrd. 12/2004 ek: 20.000 km.
Verð 1.600.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
20.172 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UB-301.

20.705 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Ford Mondeo Trend 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2002 ek: 66.000 km.
Verð 1.490.000 kr. Tilboðsverð 1.350.000 kr. Útborgun 135.000 kr.
20.705 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RB-125.

21.422 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 24 mánuði.

Toyota Corolla 1,8 beinsk. 4x4 skrd. 06/1998. ek: 122.000 km.
Verð 630.000 kr. Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
21.422 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. MI-681.

23.401 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 05/2002 ek: 73.000 km.
Verð 1.620.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
23.401 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LO-372.

Físlétt bílakaup - affborgun yfir 25.000 kr. á mánuði

27.453 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Citroën Picasso 2,0 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek: 19.000 km.
Verð 1.970.000 kr. Tilboðsverð 1.790.000 kr. Útborgun 179.000 kr.
27.453 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. YJ-449.

36.032 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Volvo V70 2,0 sjálfsk. skrd. 09/2003 ek: 51.000 km.
Verð 3.050.000 kr. Tilboðsverð 2.590.000 kr. Útborgun 259.000 kr.
36.032 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AD-408.

36.032 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Volvo S80 2,0 sjálfsk. skrd. 04/2003 ek: 42.000 km.
Verð 2.750.000 kr. Tilboðsverð 2.590.000 kr. Útborgun 259.000 kr.
36.032 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NS-003.

45.896 kr. á mánn.
meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford F-250 Harley D. 6,0 dísil sjálfsk. 4x4 skrd. 05/2004 ek: 48.000 km.
Verð 3.790.000 kr. Tilboðsverð 3.390.000 kr. Útborgun 339.000 kr.
45.896 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. BA-572.

Pig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.
Físlétt kaup. Aðeins í dag.



*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður
í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS



BAKPANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

Öl og mól

Fyrir réttum áratug stóð ég frammi fyrir því sem átti eftir að verða einn af bautasteinunum á vegi mínum til manndóms: fyrsta alvöru fyllerínu um verslunarmannahelgi. Þá var engin vínbúð á Patreksfirði eða í nánasta nágrenni (já, ég sagði fyrir tíu árum) svo á sunnanverðum Vestfjarðakjálkanum urðu hinir ölþyrstu annað hvort að aka til Ísafjarðar eða fá guðaveigarnar í pósti. Ég kaus síðari kostinn.

PAR sem ég stóð nær fermingu en kosningarétti gat ég ekki pantað vínid sjálfur og fór því á fund móður minnar með hógværar kröfur og afarkosti í farteskinu: hún skyldi panta fyrir mig tvo kassa af bjór í hálfslitra dósnum og stóra vodkaflösku ellegar neyddist ég til að drekka einhverja görótta óværu, sem sennilega hefði verið brugguð í klósetti á Bíldudal.

HÚN féllst á málatilbúnaðinn svo til án nokkurra málalenginga enda voru rökin (svo ekki sé minnst á réttlætið) mér í hag. Viku síðar, síðdegis á fimmtudegi – nokkrum stundum áður en lagt skyldi í hann – kom brjóstbirtan loksins í hús: þrjár kippur af Tuborg í litlum dósnum og enginn vodki. „Afsökunin“ var á þá leið að allt annað hefði verið búið í ríkinu. Enn þann dag í dag er ég ekki sannfærður um að þannig hafi verið í pottinn búið.

EFTIR árangurslaust símtal við kallinn sem bruggaði í klósettinu sínu lögðum við af stað; um það bil tíu manna hópur gemlinga á svipuðu reki, sumir svo forframaðir að vera komnir með bílpróf. Lagið Born Slippy með Underworld dundi alla leið frá Kleifaheiði í Bjarkalund, sem var fyrsti áningarstaðurinn. Þar hvarf fyrsta kippan, reyndar ekki ofan í neinn heldur gleymdist hún í einhverju rjóði ásamt veskinu mínu (bæði eru þar sjálfsagt enn). Hinar kippurnar tvær mættu örlögum sínum eins og til hafði verið ætlast í Miðgarði í Skagafirði næstu tvö kvöld og þrátt fyrir búsfjarnar kom í ljós að sennilega hefði vodkaflöskunni verið ofaukið hvort eð var.

ELDSKÍRNINA hlaut ég hins vegar ekki fyrr en á leiðinni heim og kynntist líklega langáhrifaríkasta forvarnastarfi fyrr og síðar: vestfirsku malarvegnum. Þeir sem vilja bægja æskufólki frá bölinu sem áfengi er ættu að prófa að fylla nokkra unglina og láta þá sitja grúttimbraða í bíl sem þræðir hvern fjörðinn á fætur öðrum á ójöfnum og óhefluðum malartröðningi. Sá sem gengur í gegnum slíkt hugsar sig tvisvar um áður en hann endurtekur leikinn.



Sumarauki á frábæru verði með Sumarferðum í allt haust!

Salan er hafin á haust- og vetrarferðum Sumarferða 2006–2007.

Bókaðu strax til að tryggja þér upphaldsstaðinn þinn.



LANZAROTE

Princesa Yaiza * * * * * (Playa Blanca)

Verð: **58.533,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn. 1 vika 19.–26. sept.
Verð 68.800,- m.v. 2 fullorðna. Morgunmatur innifalinn

Stórkostlegt lúxushótel á Playa Blanca ströndinni. Gistingin sem er í boði er eingöngu eins og tveggja herbergja svitur, þannig að vel ætti að fara um alla þá sem velja þennan kost.

Princesa Yaiza			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já Já
Strönd.....	60 m	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Bar.....	Já	Líkamsrækt.....	Já
Veitingastaður.....	Já (4)	Tennisvöllur.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

Lanzaplaya * * * (Puerto del Carmen)

Verð: **40.913,-** M.v. 2 fullorðna og 2 barn. 2 vikur 3.–10. okt.
Verð 49.825,- m.v. 2 fullorðna.

Mjög gott íbúðahótel. Stutt er í alla þjónustu, veitingahús, bari og verslanir. Afslappað og þægilegt andrúmsloft og á rólegum og fallegum stað. Stutt í fjörið á Puerto del Carmen.

Lanzaplaya			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já (3) Já
Strönd.....	200 m	Sólbekkir.....	Já
Bar.....	Já	Þvottaástaða.....	Já
Veitingastaður.....	Já (6)	Líkamsrækt.....	Nei

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)



GRAN CANARIA

H10 Playa Meloneras * * * * *

Verð: **66.833,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn. 1 vika 31. okt.–7. nóv.
Verð 73.600,- m.v. 2 fullorðna. Hálf fæði

Stórglæsilegt 5 stjörnu hótel sem slegið hefur í gegn síðustu ár. Hótelid stendur skrefi framur hvað varðar þjónustu og glæsileika.

H10 Playa Meloneras			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já Já
Strönd.....	Við ströndina	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Bar.....	Já	Líkamsrækt.....	Já
Veitingastaður.....	Já	Tennisvöllur.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

Las Tartanas * * (Smáhýsi á Ensku ströndinni)

Verð: **41.240,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn. 1 vika 14.–21. nóv.
Verð 45.860,- m.v. 2 fullorðna.

Las Tartanas eru skemmtileg smáhýsi með einu herbergi, frábærliga staðsett í hjarta Ensku strandarinnar. Stutt er í alla þjónustu og umhverfið rólegt.

Las Tartanas smáhýsi			
Gestamóttaka.....	9–14/16–19	Sundlaug.....	Já
Strönd.....	600 m	Garður.....	Já
Bar.....	Nei	Barmalaug.....	Já
Veitingastaður.....	Nei	Sólbekkir.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)



TENERIFE

Gran Hotel Costa Adeje * * * * *

Verð: **56.533,-** M.v. 2 fullorðna og 1 barn. 1 vika 19.–26. okt.
Verð 66.800,- m.v. 2 fullorðna. Hálf fæði

Gran Hotel Costa Adeje er falllegt fimm stjörnu hótel með glæsilegu útsýni. Öll helstu þægindi sem völ er á, rúmgóð herbergi, glæsilegur garður með góðum sundlaugum.

Gran Hotel Costa Adeje			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug Garður.....	Já (4) Já
Strönd.....	300 m	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Bar.....	Já	Líkamsrækt.....	Já
Veitingastaður.....	Já (6)	Tennisvöllur.....	Já

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

Parque Santiago * * * *

Verð: **42.875,-** M.v. 2 fullorðna og 2 barn. 2 vikur 5.–12. okt.
Verð 50.750,- m.v. 2 fullorðna.

Þetta íbúðahótel er örugglega eitt eftirsóttasta hótel á Tenerife. Hótelid er byggt í skemmtilegum spönskum stíl og staðsetningin frábær.

Parque Santiago			
Gestamóttaka.....	24/7	Sundlaug.....	Já
Strönd.....	Við ströndina	Garður.....	Já
Bar.....	Já	Sólbekkir Handklæði.....	Já Já
Veitingastaður.....	Já (6)	Líkamsrækt.....	Nei

(Sjá nánar á www.sumarferdir.is)

Samkv. dagbókarkönnun Callup apríl 2006.

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Auglýsingasími: 550 5000



Mundu eftir MasterCard ferðaávisuninni

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515

A ar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is
Sími 575 1515 – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

Innifalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símbókunargjald er 1.500,- pr. farþega.

SUMAR FERÐIR

– ERU BETRI EN AÐRAR!